

2

22

10

36



Engir hveitibrauðsdagar



Kjötmjöl notað til áburðar



Samstarf háskóla skapar tækifæri



Óhemju orka sem mætti beisla

# Baendablaðið

8. tölublað 2024 • Miðvikudagur 24. apríl • Blað nr. 655 • 30 árg. • Upplag 33.000 • Vefur: bbl.is



Eiríkur Jónsson.

Mynd / smh

## Afurðamestu sauðfjárbúin

Í niðurstöðum skýrsluhalds í sauðfjárrækt fyrir síðasta ár, sem eru birtar hér í blaðinu, kemur fram að enn og aftur trónir Gýgjarhólskot í Biskupstungum efst á listanum yfir afurðamestu bú landsins eftir hverja fullorðna á. Í umfjöllun Eyjólfss Inga Bjarnasonar, ráðunautar hjá RML, kemur fram að á síðasta ári hafi sjó bú náð meira en 40 kílóum eftir hverja á. Langefst standi Gýgjarhólskot með 47,1 kíló, en búið hafi verið efst á þessum lista frá árinu 2015 og alltaf náð meira en 40 kílóum eftir ána.

Bæirmi í öðru og þriðja sæti hafa sætaskipti frá 2022. Nú skipa Efri-Fitjar í Fitjárdal annað sætið með 44 kíló eftir hverja á og Kiðafell í Kjós það þriðja með 43,9 kíló. Í annað sinn birtir RML lista yfir mestar afurðir eftir allar ær, vetrugamlar og fullorðnar, og er Gýgjarhólskot einnig efst á heim lista með 43,7 kíló eftir hverja á. „Fullorðnu aernar eru 285 en þær vetrugömlu eru 69 og eru þetta algerlega frábærar afurðir eftir hjörðina,“ segir Eyjólfur Ingyi í sinni umfjöllun.

– Sjá nánar á bls. 4 og 44.



Brynjólfur Áspórsson, sauðfjárbondi í Fjárþorpi í Reykjavík, heldur hér á svartbotnóttum lambakóngi sem var ekki orðinn sólarhringsgamall þegar ljósmyndara bar að garði. Hrúturinn kom í heiminn að kvöldi 22. apríl og telur bónindinn að hér sé um að ræða fyrsta lamb vorsins í Reykjavík. Hjá honum bera 20 ár og gerir hann ráð fyrir að sauðburðinum ljúki um miðjan maí. Í sumar verður fóð rekið á beit á Hengilssvæðið og þar í kring.

Mynd / Ástvaldur Lárusson

## Svínarækt:

# SS segir of flókið að upprunamerkjum

Slátturfélag Suðurlands (SS) sér ekki hag í að upprunamerkjum svínakjöt frá Korngrís í Laxárdal þrátt fyrir að framleiðandinn sé eini fasti svínainnleggjandi hjá fyrirtækinu.

Petrína Þórunn Jónsdóttir, svínabondi í Laxárdal, segir forsvarsmenn SS setja fyrir sig flækjustig í vinnslunni. „Ég hef boðið þeim að taka upp merkið okkar, Korngrís frá Laxárdal, en þeir sýna því lítinn áhuga, því miður. Þar sem við erum einu föstu innleggjendur svína í SS ætti að vera hægt að aðgreina þetta kjöt.“

Hingað til hafi hins vegar fengist þau svör frá SS að ekki væri markaður fyrir sérmerktar vörur frá Korngrís. Pessu er Petrína afar ósammála. „Neytendur eru orðnir miklu meðvitaðri en áður um uppruna matvæla og hafa kallað eftir betri merkingum. Neytendur

vilja vita hvaðan maturinn þeirra kemur, hvort sem það er íslensk vara eða erlend. Það vantar bara viljann,“ segir Petrína.

Í Laxárdal í Skeiða- og Gnúpverjahreppi eru tvö hundruð gyltur og er meirihluti grísa alinn þar upp í sláturstærð. Aðstaðan þar uppfyllir allar nýjustu aðbúnaðarreglugerðir og eru svínin alin að innlendu korni sem bændurnir ræcta sjálfrir.

„Ég tek undir að það er rekið mikil fyrirmyndarbú í Laxárdal. Varðandi umbúðamerkingar okkar þá vorum við til skamms tíma einnig með innlegg frá Haga og svo er tölvert og vaxandi innlegg frá Stjórnugrís. Það flækir hlutina verulega ef halda á unnu svínakjöti frá tveimur svínabúum aðskildu í framleiðsluferlunum og vera með

tvær útgáfur af umbúðamerkingum eftir því hvaða kjöt er í hverri lotu,“ segir Steinþór Skúlason, forstjóri SS, innlur eftir ástæðu þess að fyrirtækið kjósi ekki að sérmerkja vörur frá Laxárdal. Petrína gefur ekki mikil fyrir þessar ástæður.

„Það er skylda að lotumerkja slátrúnina, sem er alltaf aðskilin frá öðrum framleiðendum. Fyrirtækið gæti alveg merkt ákveðnar vörur, svo sem steikur og hryggi.“

Nýjar gotdeildir voru teknar í notkun í Laxárdal árið 2021 en vegna húsnaðisskorts hafa bændurnir selt frá sér fráfærugrísi til uppeldis á öðru búi.

„Ef við hefðum tök á að byggja uppeldishús þá gætum við alið alla okkar grísi. Ekki nóg með það heldur gæti SS eingöngu tekið grísi

frá okkur því þá værum við að svara mest allri eftirsínum eftir svínakjöti hjá afurðastöðinni. SS gæti keypt það litla sem upp á vantaði hjá Stjórnugrís og þyrti þá ekki að flytja inn svínakjöt og yrði þá eina afurðastöðin sem eingöngu væri með íslenskt svínakjöt,“ segir Petrína. Hún var nýverið kosin í stjórn Bændasamtaka Íslands og ætlar meðal annars að beita sér fyrir betri merkingum matvæla.

Hún telur að matvælafyrirtæki nýti sér gloppur í merkingarreglugerðum til að blekkja neytendur og vill að stóru afurðastöðvarnar svari kalli neytenda og taki frumkvæði í innleiðingu á upprunamerkingunni Íslenskt staðfest, bendum til hagsbóta.

/ghp

– Sjá nánar viðtal á síðu 32.

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins:

# Sveinn Rúnar nýr stjórnarformaður

Breytingar hafa orðið á stjórn Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins.

Sveinn Rúnar Ragnarsson og Elín Aradóttir koma ný inn í stjórn í stað Vigdísar Häsler og Björns Halldórssonar.

Sveinn Rúnar er nýr stjórnarmaður en hann er sauðfjárbondi í Akurnesi í Hornafirði og sat í stjórn búgreinadeildar sauðfjárbænda hjá Bændasamtökum Íslands á árunum 2022 til 2024. Elín býr á Hólabaki í Húnavatnshreppi, þar sem rekið er kúabú.

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins er að fullu í eigu Bændasamtaka Íslands, en er með sjálftæðan rekstur. Hún hóf starfsemi í byrjun árs 2013 eftir að samþykkt var á Búnaðarþingi 2012 að stefnt yrði að því að sameina ráðgjafarpjónustu búnaðarsambandinna og Bændasamtaka Íslands í eina rekstrariningu. /smh



Sveinn Rúnar Ragnarsson er sauðfjárbondi í Akurnesi á Hornafirði. Myndir / Aðsendar



Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir er nýbúin að koma sér fyrir á nýrri skrifstofu í matvælaráðuneytinu.

Myndir / ál

## Stjórnssýsla:

# Engir hveitibrauðsdagar

– Mörg mál sem þarf að afgreiða í matvælaráðuneytinu

Nýi matvælaráðherrann, Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, segir of stutt vera eftir af kjörtímabilinu til að kollsteypa stefnumni. Nú standur yfir vinna við frumvarp um lagareldi og er hún spennt fyrir áframhaldandi baráttu gegn riðu.

Bjarkey tók við matvælaráðuneytinu þann 10. apríl síðastliðinn. Hún byrjaði sinn pólitiska feril sem formaður svæðisfélags Vinstri grænna (VG) á Ólafsfirði árið 2003 og síðar kjördæmirsáðs VG í Norðausturkjördæmi. Hún var bæjarfulltrúu á Ólafsfirði frá 2006 til 2013 og hefur verið þingmaður frá 2013. Bjarkey var formaður þingfloks VG frá 2017 til 2021. Þá hefur hún setið í ýmsum þingnefndum og verið formaður í tveimur.

Hið nýja hlutverk leggst vel í hana og segir hún metnaðinn hafa legið í þessa átt. „Þegar manni er hent beint út í djúpu laugina og það eru engir hveitibrauðsdagar – ekki tíu mínútur einu sinni – þá kemur þessi reynsla sér ágætlega,“ segir Bjarkey. Þar vísar hún til þess að hún burfti strax að standa af sér mikla gagnrýni vegna nýsamþykktra búvorulaga, sem verður vikið að hér að neðan.

## Heildarfrumvarp um lagareldi

Bjarkey var á fjórða degi sem ráðherra þegar blaðamaður ræddi við hana og sagðist hún vera enn í starfskynningu í ráðuneytinu. Nú sé hún að kynna sér hvað sé helst á döfinni, ásamt því sem það þurfi að afgreiða mál sem séu ekki hápolítisk, en nauðsynleg til að gangverkið virki. Ekki megi búast við miklum kollsteypum í hennar ráðherratíð, enda sé ekki mikið eftir af kjörtímabilinu.

Aðspurð um stærstu málum sem séu á dagskrá nefnir Bjarkey heildarfrumvarp um lagareldi sem hefur verið lagt fyrir þingið. Það sé gríðarlega stórt og mikilvægt og telur Bjarkey það til þess fallið að ná eins mikilli sátt og hægt er í eins umdeildri atvinnugrein og fiskeldi í sjó er.

Frumvarpið feli í sér talsvert miklar breytingar sem séu meðal annars fólgunar í auknu eftirliti, ívílnunum og íþyngjandi aðgerðum ef hlutirnir eru ekki gerðir rétt. „Við erum að reyna að ná utan um sleppingar, lísina og aðra sjúkdóma með því að hvetja þá sem að þessu standa til að gera betur.“ Hún telur að sjálf greinin geti haft hag af þessu ef bættir starfshættir leiði til betra umtals.



Fyrir þinginu liggr nýtt frumvarp um lagareldi. Bjarkey telur það til þess fallið að skapa eins mikla sátt og hægt er. Mynd frá Patreksfirði.

## Jarðræktarmiðstöð og lífræn ræktun

Málefni landbúnaðarins sem eru á dagskrá séu meðal annars áframhaldandi baráttu við riðu í sauðfé og efling kornræktar. Þó jarðræktarmiðstöðin á Hvanneyri heyri undir háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið vonast Bjarkey til að hægt verði að fylgja uppbyggingu hennar eftir, enda sé gert ráð fyrir miðstöðinni í fjármálaáætlun.

Þá eru komin drög að aðgerðaáætlun um lífræna ræktun sem Bjarkey segist vilja fylgja eftir, en þar sé stefnt að því að gera enn betur í þessum málum en verið hefur. Hún eigi eftir að setjast niður með sérfræðingum ráðuneytisins til að fá ábendingar um hvar sé hægt að hefjast handa út frá aðgerðaáætluninni.

## Sat í atvinnuveganefnd

Bjarkey sat í atvinnuveganefnd áður en hún færði sig yfir í matvælaráðuneytið. Aðspurð út í þá gagnrýni að það hafi verið edlisbreyting á frumvarpi til nýrra búvorulaga í meðfórum nefndarinnar, segir hún að í umsögnum um frumvarpið og í ábendingum þeirra sem mættu á fund nefndarinnar, hafi verið gagnrýnt að löginn myndu einungis ná yfir hvíta kjötið. Það myndi því ekki gagnast þeim sem þyrftu helst á því að halda, það er sauðfjárrækt og nautgripaframleiðslu.

Ákveðið hafi verið að taka þann hóp inn og hafi nefndin notið leidsgagnar þingsins til að málsmæðferðin gæti verið með þeim hætti að það þyrfti ekki að smíða nýtt frumvarp. Hún ætti ekki að draga í efa að það se

misræmi í nefndarálitstextanum og lagatextanum, en hún hafi sjálf gengið út frá því að aðgerðin væri fyrst og fremst til að styrkja bændur og neytendur.

## Endurskoðunarákvæði á búvorulögum

Aðspurð hvort það kæmi til greina að endurskoða löginn strax ef su gagnrýni sem hefur verið nefnd raunerist, það er að breytingarnar leiði til hækkaðs verðs fyrir neytendur og lægra afurðaverðs fyrir bændur, segir Bjarkey það hlutverk Alþingis að bregðast við því, ekki ráðherra.

Í lögunum sé endurskoðunarákvæði þar sem segir að eftir fjögur ár eigi að meta hvort löginn hafi náð markmiðum sínum, það er að bæta hag bænda og neytenda með því að framleiðendum nái hagræðingu.

Þá sé henni ekki kunnugt um að lögfreðingar á vegum afurðastöðvanna hafi verið með óeðlileg afskipti af skrifum laganna. Þeir hafi komið á fund atvinnuveganefndar og sögðu sína skoðun á því sem var til umfjöllunar, eins og aðrir aðilar sem komu fyrir nefndina.

## Aðhald á málefnasviðinu

Á fjármálaáætlun er hægt að sjá áætlaðan niðurskurð til landbúnaðarmála um rúmar 200 milljónir. Bjarkey segir að það sé aðhald á málefnasviðinu, en hluta skýringarinnar einnig að oft séu veitt tímabundin fjárfamlög sem séu alltaf veitt til eins árs í senn og séu umfram fjármálaáætlun. Því myndist oft misræmi á milli þess sem fjármálaráðherra leggur fram og hver hin endanlega tala verður. /ál



## ÞÚ FÆRD SAUÐBURÐAR-VÖURNAR HJÁ LÍFLANDI



Skoðaðu úrvalið →



# ÆVINTÝRIN BÍÐA ÞÍN

## TOYOTA RAV4



**TOYOTA RAV4** Hybrid verð frá: 8.150.000 kr.

**TOYOTA RAV4** Plug-in Hybrid verð frá: 10.450.000 kr.

KINTO ONE langtímaleiga

**TOYOTA RAV4** Hybrid, verð frá: 202.000 kr. á mán.

**TOYOTA RAV4** Plug-in Hybrid, verð frá: 237.000 kr. á mán.

## TOYOTA FÓRUM LENGRA



Toyota Kaupþúni  
Kaupþúni 6  
570 5070

Toyota Akureyri  
Baldursnesi 1  
460 4300

Toyota Reykjanesbæ  
Njarðarbraut 19  
420 6600

Toyota Selfossi  
Fossnesi 14  
480 8000



UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS  
UMHVERFISFYRTÆKI ÁRSINS

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og bann búnað sem kann að vera tilgreindur. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eiginandi kostnaðinn við slikt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. 12 mánaða vegaðstoð fylgir öllum nýjum Toyota bílum. Birt með fyrirvara um villur.



Gýgjarhólskot í Biskupstungum:

# Afurðahæsta sauðfjárbúið í níu skipti á síðustu tíu árum

**Sigurður Már Harðarson**  
smh@bondi.is

Gýgjarhólskot í Biskupstungum var útnefnt ræktunarþú síðasta árs á fagfundi sauðfjárræktarinnar fyrir skemmu, en búið hefur í níu ár af síðustu tíu verið það afurðamesta á landinu.

Hjónin Ólina Þóra Friðriksdóttir og Eiríkur Jónsson veittu Halldórsskildinum viðtöku af því tilefni, sem kenndur er við Halldór Pálsson, fyrrverandi búnaðarmálastjóra.

Eiríkur segir að viðurkenningin hafi að vissu leyti komið á óvart. „Já, þannig séð. Ég hafði í raun ekkert spáð í hvernig þetta væri metið.“

## Heildarmat kynbótamats

Eyþór Einarsson, ráðunautur hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML), kynnt val fagráðs í sauðfjárrækt þar sem fram kom að búið hefði trónað efst á þeim lista búa sem hafi uppfyllt skilyrði í valinu. Valið grundvallist á heildarmati kynbótamats, þar sem reiknuð er meðaleinkunn fyrir hvert bú fyrir er fæddar á tímabilinu frá 2013 til 2022. Til þess að búið komi til álita þurfi það að uppfylla ýmsar kröfur, meðal annars um afurðir í takt við núgildandi ræktunarmarkmið og komast inn á lista yfir úrvalsbú sem tekinn er saman af RML á hvert.

## Nálgast ræktunina mjög tölulega

„Við hljótum að vera að gera eitthvað rétt,“ segir Eiríkur spurður frekar um viðurkenninguna. „Við höfum nálgast ræktunina mjög tölulega. Við setjum til dæmis mikið



Hjónin Ólina Þóra Friðriksdóttir og Eiríkur Jónsson í fjárhúsunum í Gýgjarhólskoti.

Myndir / smh

aftir útreiknuðu kynbótamati og veljum sæðingahrúta mikið aftir kynbótamatinu á þeim. Við horfum ekki reykstaklega á myndina af þeim, látum ekki glepjast af útlitinu. Við búum til formúlur, tökum mið af kynbótamati fyrir alla eiginleika sem við setjum tiltekið vægi á, sem og ómælingu og stigun.

Út úr þessu fáum við svo einhverja meðaleinkunn sem við röðum eftir, en gerum ráð fyrir einhverjum örslitum sveigjanleika í þessu. Ég hugsa að við séum miklu meira í þessari tölulegu nákvæmni heldur en flestir aðrir sauðfjárbændur. Til dæmis hef ég ekki það næmi sem þarf til að þukla hrúta og svoleiðis

og ekki þjálfad mig í því. Ég let ráðunautana um það og nota svo tölurnar sem koma út úr því. Annars er ég reyndar nánast hættur að fá að ráða nokkru,“ segir Eiríkur og vísar þar til þess að helmingur búsin er nú kominn í hendur á systurdóttur hans, Maríu Þórunni Jónsdóttur, og hennar manni, Mads Stub Jørgensen, sem búi á Gýgjarhóli. Þá hafi sonur hans, Jón Hjalti, lektor við Landbúnaðarháskóla Íslands, komið af krafti inn í ræktunarstarfið á síðustu árum með mikla þekkingu.

## Væn lömb í samanburði við landsmeðaltal

Að sögn Eiríks var framan af lögð mikil áhersla á ræktun gegn fitunni. „Kannski gengum við lengra í því en mjög margir. Lömbin hér hafa gjarnan verið væn í samanburði við landsmeðaltalið. En með nýjum áherslum í ræktun gegn riðu þá hafa komið hingað hrutar sem eru ekki eins fitulitir og þeir sem við höfum haft, þannig að við förum aðeins til baka í því og nálgumst landsmeðaltalið í þeim eiginleika aftur. Það er í góðu lagi, af því að við vorum komin það langt áður.

Við lögðum líka sérstaka áherslu á frjósemi framan af, en það er farið að minnka núna. Það er komin alveg næg frjósemi í hjörðina.“

## Tilfelli af Nor98

Í Gýgjarhólskoti var skorið niður vegna riðutilfells árið 2004. Það var vegna afbrigðisins Nor98, en í þá daga voru viðbrögðin hin sömu og við hefðbundnu riðutilfelli, að allri hjörðinni var fargað. Í dag er hins vegar viðurkennt á alþjóðavísu að þetta afbrigði smitast ekki á

um 28 kíló. Eiríkur segir að auðvitað hafi verið lögð áhersla á afurðasamt fé. „Síðan skiptir máli að það hafi góða beit og haustbötun. Við sendum lömbin líka mjög seint til slátrunar, þetta flokkast ágætlega hjá okkur orðið þannig að við fáum ásættanlega greitt fyrir okkar afurðir miðað við allt.“

Það er mikilvægt að það sé að góðri beit alveg til enda. Sérstaklega með hrútlömbin, að það komi ekki hrútabragð til dæmis sem haettu væri að beitin myndi minnka,“ segir Eiríkur.

## Framleiðslurútína vegna endurræktunarmála

Hann segist beita fínu á haustin á land þar sem hann sé með tún í endurræktun og hann sé með kál á því landi. „Það er mikið grjót í túnum hérra, þannig að við þurfum að taka nokkur ár í endurræktun þeirra. Á fyrsta ári standur grjót upp úr öllu og þá er ekkert hægt að sléttu það að neinu ráði en lömbin geta alveg bitið í kringum steinana. Við fórum í raun út í þessa framleiðslurútína vegna þessara endurræktunarmála.

Á fyrsta ári plægi ég þetta og fer kannski með herfi yfir eða ekki og sái svo bara káli í þetta. Næsta ár er þá kannski bara herfað og sáð aftur káli í. Á þriðja árinu er plægt aftur og þá er torfið eða grasrótin orðin svo fún að ég get rakað saman grjóti án þess að raka torfi saman við það líka. Svo er gott að nýta skítinn í flögin, til að flýta fyrir því að þeim sé lokað.“

## Kállömbin eru dýrindis hráefni

Eftir réttir eru lömbin sem fyrr segir sett á kál til áframhaldandi bötunar. „Það er talsvert af fólk sem trúir því að kjöt af káli sé eitthvað verra en annað kjöt,“ segir Eiríkur.

„Ég veit ekki til þess að þetta hafi verið rannsakað sérstaklega, sumsé munurinn á bragðgæðunum. Vafalaust er einhver munur á eiginleikunum en það er ekki okkar reynslu að þetta sé eitthvað verra kjöt. Ég hef stundum bent á að jafnvæl fólk borðar kál og þykir gott. Menn tengdu slíka beit líka við fitusöfnun, en við erum með féð á góðum haga og það er í raun ótrúlega lítil fitusöfnun sem verður í þessari bötun miðað við hvað skrokkarnir eru örðnir stórir.“

Ólina skyrt inn í samræðurnar að hún hafi flutt í Kötíð árið 2018 full af fordóum um „kállömbin í Kötinu“. Hún hafi hins vegar þurft að éta þá ofan í sig, því þetta hafi reynst vera hinn besti matur.

„Við tökum heim, látum velja fyrir okkur í slátruhúsini ákveðinn flokk og svo fáum við bara þverskurðinn af því sem við erum að selja. Við borðum þetta allan ársins hring með bestu lyst og ég elda þetta á allan mögulegan máta. Þetta er mikið dýrindis hráefni.“

**FÓÐURBLANDAN**

**Gæði fyrir dýrin og þig!**

**FÓÐURBLANDAN**

**Gæði fyrir dýrin og þig!**

**FÓÐURBLANDAN**

FB Reykjavík  
Korngarðar 12  
570 9800

FB Selfoss  
Austurvegur 64 a  
570 9840

FB Hvolsvöllur  
Dufpkapsbraut 1  
570 9850

[www.fodur.is](http://www.fodur.is)  
fodur@fodur.is

VORTILBOÐ 2024



FÆST Í VEFVERSLEN

# VANTAR ÞIG PLÁSS?

Það er gott að eiga stað fyrir sláttuvélina, grillið, hrífunu og dekkin...

NYTT



EYRI - 15 fm

25%  
afsláttur

1.193.000 kr.

**895.000 kr.**

Hugmyndir af útfærslum



Verkfærageymsla



Hobby herbergi



Sauna



Skrifstofa



STAPI - 14,98 fm

25%  
afsláttur

1.100.000 kr.

**825.000 kr.**



NAUST - 14,44 fm

30%  
afsláttur

850.000 kr.

**595.000 kr.**

NYTT



HLÍÐ - 10 fm

25%  
afsláttur

732.000 kr.

**549.000 kr.**

Leiðbeiningar og teikningar af undirstöðum eru á vefnum  
okkar **kofaroghus.is**

Hægt er að bæta við auka bjálkaröðum í öll húsin  
ef óskað er eftir meiri loftahæð



BREKKA 34 - 9 fm

25%  
afsláttur

692.000 kr.

**519.000 kr.**



KOFAR OG HÚS

Síðan 2012

[www.kofaroghus.is](http://www.kofaroghus.is) - Sími 553 1545

# Bændablaðið

**Ritstjóri:** Guðrún Hulda Pálsdóttir (ábm.) [gudrunhulda@bondi.is](mailto:gudrunhulda@bondi.is) – **Sími:** 563 0300 – **Blaðamenn:** – Ástvaldur Lárusson [astvaldur@bondi.is](mailto:astvaldur@bondi.is) – Hulda Finnsdóttir [hulda@bondi.is](mailto:hulda@bondi.is)  
 Sigrún Pétursdóttir [sigrunpeturs@bondi.is](mailto:sigrunpeturs@bondi.is) – Sigurður Már Harðarson [smh@bondi.is](mailto:smh@bondi.is) – Steinunn Ásmundsdóttir [steinunn@bondi.is](mailto:steinunn@bondi.is)

**Auglýsingastjóri:** Þórdís Una Gunnarsdóttir [thordis@bondi.is](mailto:thordis@bondi.is) – **Sími:** 866 3855

**Netfang auglýsinga:** [thordis@bondi.is](mailto:thordis@bondi.is) – **Vefur blaðsins:** [www.bbl.is](http://www.bbl.is) – Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er [bbl@bondi.is](mailto:bbl@bondi.is)

**Frágangur fyrir prentun:** Ómar Örn Sigurðsson – **Prentun:** Landsprent ehf. – **Upplag:** 33.000 – **Dreifing:** Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

## Sérmerktar svínavörur

Svínaeldi er búgrein sem liggur oft undir gagnrýni. Upp úr síðustu aldamótum urðu nokkur þáttaskil í svínavækt á Íslandi.

Umfangsmiklir framleiðendur komu sér fyrir á markaðnum og ýttu út smærri svínabúum. Björgvin Þór Harðarson, svínabóni í Laxárdal, lýsir því sem svo að markaðurinn hafi þá þanist út og afurðaverð hrapað. Nýr stórframleiðendur hafi boðið svínakjöt á lágu verði. Afurðastöð tók við því kjöti og afþakkaði þá afurðir frá smærri svínabúum. Stóðu þá bændur frammi fyrir því að geta ekki sent grísi í sláturnhús. Leiddi það til þess að allmargir beirra lögðu upp laupana og sé það m.a. ástæða þess að svo fáir svínabændur eru starfandi hér á landi.

Meðan afurðaverð var með allra lægsta móti brugðu hjónin í Laxárdal, fyrnlefndur Björgvin og Petrina Þórunn Jónsdóttir, á það ráð að finna sér aðrar tekjuleiðir samhlíða svínabúskapnum. Um vegferð þeirra er fjallað hér í blaðinu og, að öðrum ólöstuðum, má segja að svínabúið í Laxárdal sé til mikillar eftibreytni þegar kemur að góðum búrekstri, dýravelferð og sjálfbærni. Svínin eru alin á korni sem Björgvin ræktað. Aðbúnaður svína er með besta móti, þeim er sinnt af alúð og elju sem sýnir sig í geððafurðum Korngríss frá Laxárdal. Þegar neikvæðar umræður um svínabúskap ber á góma er rakið að nefna þetta fyrirmynnarbú sem dæmi um það sem er vel gert innan þessarar búgreinar.

Bændurnir í Laxárdal eru einu föstu innleggjendur svínakjöts til Slátfelags Suðurlands og því er íslenskt svínakjöt undir vörumerkjum SS líklega alið af fjölskyldunni í Laxárdal, framleiðendum sem afurðafyrirtækið getur verið stolt af.

Neytendur eru alltaf að verða meðvitaðri og ábyrgari við vörual. Þó að verðmiðinn stjórní enn miklu um ákvörðunina um hvaða matvöru eigi að kaupa, eru gildi á borð við framleiðsluferðir og umhverfisáhrif farin að snúa neytendum í átt að vörum sem sannanlega fylgja nútímkröfum.

Í því samhengi er sennilegt að kaupendur svínakjöts vilji, ef til vill, hafa möguleikan að geta valið á milli kjöts af svínum öldum á íslensku korni á fjölskyldubúi, kjöts af svínum á Kjalarnesi öldum á innfluttu fóðri og innfluttu svínakjöti. Neytendur vilja jafnvel borga meira fyrir vörur sem lúta gildum þeirra. Þannig væri mögulega hægt að markaðssetja Korngrís frá Laxárdal sem lúxusvörú á herra verði ef svo ber undir.

En einhverra hluta vegna hefur SS ekki séð sér fært að kanna þann möguleika í samstarfi við framleiðendurna. Flækjustigi við vinnslu er kennit um eins og fram kemur hér í tölvublaðinu. Bændurnir í Laxárdal hafa reynt að eiga samræður við afurðafyrirtækið sitt en ekki haft erindi sem erfiði.

Í minni afurðafyrirtækjum hér á landi hefur verið tekið upp rekjanleikakerfi sem tengir kjötvörur við bæjarnúmer, hvar neytendur geta jafnvel aflað sér upplýsinga um hvers kyns haga búfénu er beitt á. Lotumerkingar eru skylda og kerfin eru til. Tækifærið til eftibreytni er bordleggjandi.

*Guðrún Hulda Pálsdóttir  
ritstjóri.*

Tryggðu þér bestu verðin og pantaðu fyrir 15. maí

## Úrval af sáðvöru

Pantaðu á [bustolpi.is](http://bustolpi.is)



Kvöðum aflétt af notkunarmöguleikum mjölsins

Hugmyndin er að gera vöruna að raunhæfum valkosti fyrir bændur,

Bændablaðið kemur út 23 sinnum á ári.

Upplýsingar um dreifingarstaði er að finna á vef Bændablaðsins: [www.bbl.is](http://www.bbl.is)  
 Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu burðargjalds. Árgangurinn (23. tölublöð) kostar kr. 17.500 með vsk. Ársáskrift fyrir eldri borgara og öryrkja kostar kr. 13.900 með vsk.

**Heimilisfang:** Bændablaðið, Borgartún 25, 4. hæð - 105 Reykjavík.

**Sími:** 563 0300 – **Kt:** 631294-2279

**Útgefandi:** Bændasamtök Íslands.



Ólafur Wernersson, framkvæmdastjóri Orkugerðarinnar, bindur vonir við að í nánustu framtíð muni bændur nýta kjötmjölið í meira mæli til áburðar – til að mynda með því að blanda það saman við kúamykju sem nýlegar rannsóknir hafi sýnt fram á að geti verið jafngóður áburður og sá tilbúni innflutti.

Myndir / smh

## Kjötmjöll verði skilgreint sem áburður en ekki aukaafurð dýra

– Skilyrði að blandað verði kalki eða kalksaltpétri í mjölið

**Sigurður Már Harðarson**  
[smh@bondi.is](mailto:smh@bondi.is)



Orkugerðin ehf. í Flóanum stefnir að því innan fárra mánaða að breyta framleiðsluferlinu í verksmiðjunni þannig að kalki eða kalksaltpétri verður blandað saman við kjötmjölið sem á að gera það betur hæft til áburðarnotkunar í landbúnaði á Íslandi.

Í dag er kjötmjöll framleitt í verksmiðjunni úr dýraleifum og sláturnúrgangi, sem mest er notað til landgræðslu.

*Ekki lengur aukaafurð dýra*

Ólafur Wernersson, framkvæmdastjóri Orkugerðarinnar, segir að fyrirhugaðar séu breytingar á reglugerð þar sem gert sé ráð fyrir að leyfilegt verði að skilgreina kjötmjöll sem áburð með tilteknun skilyrðum um slíka íblöndun. Þannig hættir mjölið að vera flokkað sem aukaafurð dýra og uppfyllir skilyrði um að teljast til áburðar.

Hann segir hliðaráfurð framleiðslunnar vera fitu sem nýtist sem orkugjafi í rekstri verksmiðunnar austur um hennar sé seldur frá verksmiðjunni til lífdísilsframleiðslu. Hann segir að uppi séu stækkanaráform með það í huga að einnig verði hægt að vinna úr áhættuúrgangi í verksmiðjunni. Í dag er ekki heimilt að taka á móti heilum skrokkum af jórturdýrum.

Kvöðum aflétt af notkunarmöguleikum mjölsins

Hugmyndin er að gera vöruna að raunhæfum valkosti fyrir bændur,



Í Orkugerðinni í Flóanum er framleitt kjötmjöll.

en með slíkri íblöndun verður aflétt þeim kvöðum sem nú hvíla á notkun á kjötmjölinu; að því verði að dreifa á ræktarlönd í síðasta lagi 1. desember ár hvert sé ætlunin að nytja þau næsta vor til beitar eða til fóðurframleiðslu.

Úrgangsmál í landbúnaði eru ofarlega á baugi þessi misseri en stjórnvöld hafa látið óáttalið að dýraleifar séu urðaðar þrátt fyrir að slíkt sé bannað með lögum. Ólafur segir að kostnaðurinn við urðun dýraleifa og sláturnúrgangs sé á bilinu 13 til 15 krónur á kílóið en hjá þeim kosti slík förgun 25 krónur á kílóið. Að mestu leyti kemur úrgangurinn sem berst Orkugerðinni frá kjötafurðastöðvum og kjötvinnslum á Suðurlandi sem eiga verksmiðjunna og hefur framleiðslan aukist talsvert á undanförnum árum vegna aukinna viðskipta við fleiri sláturnhús og kjötvinnslur.

*A von á framleiðsluaukningu*

Ólafur á von á því að magnið sem berst þeim til förgunar muni aukast

jafnt og þétt eftir því sem stjórnvöld herði eftirlitið með förguninni og framfylgi þannig lögum.

Ólafur bindur vonir við að í nánustu framtíð muni bændur nýta kjötmjölið í meira mæli til áburðar – til að mynda með því að blanda það saman við kúamykju sem nýlegar rannsóknir hafi sýnt fram á að geti verið jafngóður áburður og sá tilbúni innflutti.

/smh



Nú eru nokkrar kindur bornar á Hákonarstöðum á Jökuldal. Hér glímir óvæntur þrílembingur við slappleika og þá er eitt ráðið að hlýja honum með hárblásara.

Mynd / Halla Eiríksdóttir



Á Hvanneyri er hafin vinna við að dreifa lífrænum áburði á tun og engi.

Mynd / Egill Gunnarsson

## Sumardagurinn fyrsti

Samkvæmt dagatalinu kemur sumarið 25. apríl. Bændablaðið leitaði því til lesenda og bað um myndir sem sýna vorkomuna.

Eins og sést þá er gæðunum ekki dreift jafnt um landið þar sem mörg tún eru auð á Suðurlandi en norðan heiða er víða allt þakið snjó.

Kindurnar láta sér ekki segjast og er sauðburður víða byrjaður eða í startholunum. Bændablaðið vonast til að vetrur konungur sleppi fljótt tókunum og óskar bændum góðs gengis í komandi vorverkum.

Gleðilegt sumar.

/ál



Í Árnesi í Lýtingsstaðahreppi í Skagafirði brast á með norðan skafrenningi þegar stóð til að keyra út skít. Mynd / Arnar Már Sigurðarson



Á Reykjum á Skeiðum eru bændur farnir að bera skít á völlinn. Hér er unnið með tveimur skítadreiburum til að ná sem mestum afköstum.

Mynd / Bjarni Rúnarsson



EKKI voru mikil merki um vorkomu í Viðidalstungu í Vestur-Húnavatnssýslu fyrir nokkrum dögum. Mynd / Sigríður Ólafsdóttir



Í Botni í Súgandafirði eru enn háir skaflar og gott færi til að fara á vélsleða. Mynd / Helga Guðný Kristjánsdóttir



Vorð virðist vera á næsta leiti á Presthólum í Norður-Þingeyjarsýslu. Hér fylgist fjölskyldan með þjálfun smalahunds. Mynd / Alda Jónsdóttir



Á Reykjum í Lýtingsstaðahreppi í Skagafirði heldur þessi holdakýr, ásamt nokkrum kálfum, ótrauð áfram sinni beit þrátt fyrir hráslagalegt veður. Mynd / Dagur Torfason



Á Halldórsstöðum í Eyjafjarðarsveit eru 600 kindur komnar að burði. Hér skoða Kristján Hreinn og Rósa Guðrún Ragnarsbörn lambakóngana sem mættu á undan áætlun. Mynd / Bjarney Guðbjörnsdóttir

## Vísnahornið

Pað er svo með Guðmund Valtysson á Eiríksstöðum í Svartárdal að fáir eða engir hafa verið betri vísnasafnarar. Hér eru gangnavísur eftir kallinn.

Alltaf Skjóni bestur brokkar, bröttu leiðina.

Þegar glaðir gangnaflokkar, ganga heiðina.

Í góðum gleðskap við Svartá seigir karl:

Ekki er Bakkus lengi að laga, lífsins kuldavott.

Ég er fullur flesta daga og finnst það býsna gott.

Boðinn í veislu til Tungnamanna á Hveravöllum.

Lífsins amstur ljúflingsspili, líkast tekur senn.

Ef ég hitti á köldum Kili, káta gangnamenn.

Margt lærið undirritaður í fjallaferðum með Tungnamönnum og sungið var flest í eftirsafni. Meðal annars eftir Guðna á Kjaransstöðum eins og þessar þó um sumt sé deilt:

Látum fákinn fara á skeið, fjalla yfir salinn, uns vér komumst alla leið, inn í Pjófadalin.

Brattar fjalls um brúnir hér, blása vindar svalir. Þar sem hist nú höfum vér, heita Pjófadalar.

Vindar svalir suðri frá, sveima um kalinn völlinn. Þó skal smala þokugrá, Pjófadalaþjöllin.

Fram undan Pjófadalkaftinum rennur Fúlakvísl. Hjörmundur frá Hjálmsstöðum mun hafa ort:

Fúlakvísl er leið og ljót, lemur hún blá steina. Þar ei henta fúnnum fót, fimleik sinn að reyna.

Hann mun hafa ort líka:

Fjalla bliknar fífill senn, fíkur lauf af bölmum. Tungnakallar sópa senn, sauðum fram úr dölmum.

Aldrei verða ofsungrar vísur Pórðar Kárasonar frá Litla-Fljóti. Hann var lengi fyrirliði í eftirsafni.

Nóttin vart mun verða löng, vex mér hjartastykur. Inni er bjart við yl og söng, úti svartamyrrur.

Guðjón á Tjörn var lengi fyrirliði Tungnamanna, hann orti um góðan hest.

Besti hestur Bleikur minn, bæði knár og fljótur. Hann er eins og eigandinn, ákaflega ljótur.

Umsjón: Magnús Halldórsson  
mhalldorsson0610@gmail.com

Samkeppniseftirlit:

# Sjónarmiðin samrýmast ekki

Ísteka telur að Samkeppniseftirlitið hefði átt að óska eftir uppfærðum upplýsingum um starfsemi fyrirtækisins áður en stofnunin lauk athugun sinni á háttsemi. Ísteka á blöðtökumarkaði.


Í brefi sem lögmaður Ísteka sendi Samkeppniseftirlitinu kemur fram að fyrirtækið sé fullkomlega meðvitað um sterka stöðu sína á þessum markaði og hafi lagt sig fram um að haga starfsemi sinni eftir því. Samkeppniseftirlitið kvartaði meðal annars yfir ónógrí upplýsingajöf til bænda. Ísteka hafi hins vegar breytt framsetningu verðskrárinnar árið 2022 á þann hátt að bændur sjá hvernig nytjar einstakra hryssa eru.

Þá er því haldið fram í brefi Ísteka að fyrirtækið muni fella niður án tafar ákvæði í sammingum um einkasölu í þeiri mynd sem þau eru. Bændum hafi staðið til boða að hætta viðskiptum við fyrirtækið án skilyrða. Ísteka finnist þó ekki ásættanlegt að bændur hætti viðskiptum á söfnunartímabili eftir að búið er að kosta til mælinga á blöðinu.

Samkeppniseftirlitið setti út að Ísteka sé eina fyrirtækið



sem kaupi merablóð á Íslandi, en stundi samhlíða því blöðtöku úr eigin hryssum í samkeppni við blöðbændur. Þar með sé fyrirtækið þáttakandi í öllum hlekkjum virðiskeðjunnar, sem mætti skilgreina sem löðréttá samþættingu. Í brefi Ísteka segir að til grundvallar hryssuhaldi Ísteka lægju rök um bætta búskaparhætti, en ekki samkeppnisrekurst við bændur, og sé um að ræða lítið magn miðað við heildina. Ísteka er stærsti einstaki hrossaeigandinn hérlandis.



Fyrsti skipulegi raforkumarkaður landsins var opnaður um miðjan mánuð undir merkjum Vonarskarðs ehf.

Mynd / J.Plenio

## Orkumál:

# Fyrsti skipulegi raforkumarkaður landsins

— Öll orkufyrirtækin með í byrjun nema Landsvirkjun

**Opnuð hefur verið íslensk raforkukauphöll, sú fyrsta á Íslandi og með það að markmiði að auka gagnsæi íraforkuðiskiptum.**

Raforkukauphöllin, fyrsti skipulegi raforkumarkaður landsins, var opnuð fyrir í mánuðinum. Sér Vonarskarð ehf. um rekstur hennar sem á sér allnokkurn aðdraganda en fékk leyfi umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins til starfsemi skómmu fyrir sl. áramót. Nú aðilar eru í kauphöllinni í byrjun. Orkustofnun hefur eftirlit með því að fyrirtækið fullnægi þeim lagaskilyrðum sem gilda

um rekstur raforkumarkaðarins. Framkvæmdastjóri Vonarskarð er Björgvin Skúli Sigurðsson.

Landsvirkjun er ekki þáttakandi í raforkukauphöllinni að sinni, þrátt fyrir að framleða um 70% allrar íslenskrar raforku, og segir Landsvirkjun það vera vegna slæmrar vatnsstöðu á hálandinu og verði möguleg þáttaka endurmetin í maí. Önnur orkufyrirtæki landsins eru þáttakendur á markaðnum frá upphafi, að sögn forsvarsmanns Vonarskarðs.

Ekki aðeins eigi raforkukauphöllin að auka gagnsæi heldur jafnframt

að einfalda innkaup á rafmagni, sérstaklega fyrir opinber fyrirtæki og stofnanir sem hafi hingað til þurft að bjóða út raforkukaup sín til að uppfylla kröfur laga. Með tilkomu raforkumarkaðarins geti þessir aðilar keypt rafmagn af markaðnum í staðinn.

Segir Vonarskarð raforkukauphöll vera eðilegla þróun á raforkumarkaði og raunar löngu tímabært að Ísland stökkvi á þann vagn. Gegnsærra verði hvert sé verð raforku hverju sinni og áhætta færð milli aðila með skýrari hætti en áður tengt raforkusölu fram í tímann. /sá

## Vöruflutningar:

# Vetnisknúin skip í smíðum

Smíði er hafin á tveimur vetniskipum á vegum Samskipa. Áætlað er að þeim verði hleypt af stokkunum og þau tekin í notkun á siglingaleiðum innan Evrópu eftir um tvö ár.

Vetnisskipin verða meðal hinna fyrstu sinnar tegundar í heiminum og boðberi nýrra tíma í útblásturslausum skipaflutningum, að sögn talsmanna Samskipa.

Um er að ræða tvö vetnisknúin flutningaskip sem sigla munu á skemmi siglingaleiðum í Evrópu. Gert er ráð fyrir að smíði skipanna taki tvö ár en að baki er fimm ára langt hönnunarferli. Hönnun skipanna er unnin í samstarfi við Naval Dynamics AS í Noregi.

Skipin verða 135 metra löng og búin 3,2 MW vetnisefnarafal og dísilvél til vara. Þau geta hvort um sig boríð 500 gámaeininger (TEU). Samskip segja þetta fyrstu skip heims í þessum stærðarflokki.

Fyrsta stálið í skipin var skorið hjá Cochin-skipasmíðastöðinni í Kochi á Indlandi fyrir skemmu.

**Stefnt að kolefnishlutleysi fyrir árið 2040**

„Sjálfbærni er samofin kjarnastefnu Samskipa sem hefur markmið sín í þeim efnum að leiðarljósi hvarvetna í starfseminni,“ segir Ágústa Hrund Steinarsdóttir, forstöðumaður markaðs- og samskiptadeildar Samskipa.

Með smíði Seashuttle-flutningaskipanna fær Samskip sig í átt að útblásturlausum



Svona munu vetnisknúnu gámaflutningaskipin, sem Samskip er að láta smíða á Indlandi, líta út.

Mynd / Samskip

þau verði þó gerð tilbúin undir sjálfvirkni.

**Sigla milli Noregs og Hollands**

Vetnisknúnu flutningaskipin munu flytja vörur milli Noregs og Hollands, um 700 sjómílna leið, og verða meðal fyrstu gámaflutningaskipa heims á skemmi flutningsleiðum sem ganga á grænu vetni án mengandi útblásturs, að sögn fyrirtækisins.

Áætlað sé að með notkun vetnissins sparist hjá hvoru skipi útblástur sem nemi um 25.000 tonnum CO<sub>2</sub>. Þá verði skipin útblásturslaus í viðkomuhöfn með notkun grænnar landorku.

Smíði skipanna er hluti af brautryðjendaverkefninu Seashuttle, unnið í samstarfi við græna fjármögnumnaráætlun norska stjórnavalda sem miðar að útblásturslausum flutningum með notkun nýrra sjálfbærra tæknilausna.

/sá

FORSETAKOSNINGAR  
ÍSLANDS 2024

REYNSLA OG ÞEKKING  
— Í ÞÁGU ÞJÓÐAR



**HELGA**<sup>24</sup>

HELGATHORISDOTTIR.IS

**MÚFFUR**  
**EFTIR**  
**MÁLI**

**LUCIA Í HLÍÐ**

sérsniðnar múffur við  
sérhvert tilefni.  
Skapaðar eftir breidd,  
lengd og ummáli  
sérhvers viðskiptavinar

pantanir í síma: 6596678



**Bændablaðið**  
kemur næst út 16. maí

# can-am®

## FJÖLBREYTTASTA ÚRVAL LANDSINS AF FJÓR- OG SEXHJÓLUM



©2024 Can-Am og BRP merkin eru vörumerki Bombardier Recreational Products eða tengdra félaga þess.

# ELLINGSEN

Vínlandsleið 1, 113 Reykjavík / 415-8500 / [www.brp.is](http://www.brp.is)

A BRP BRAND





Drómasýki, sem stundum er kölluð svefnsýki, er arfgengur sjúkdómur þar sem arfhreinir einstaklingar hengja haus og slangra óstöðugum fótum eins og þeir hafi fengið góðan skammt af deyfilyfi hjá dýralæknini. Mynd / Skjáskot

## Drómasýki í hrossum

Drómasýki er vaxandi vandamál í íslenskri hrossarákt. Til stendur að stofna starfshóp sem afla á upplýsinga og finna rannsóknunum á drómasýki farsælan farveg.

Að deildarfundi hrossabænda var samþykkt tillaga þess efnis að stofnáður yrði starfshópur sem tæki saman stöðu rannsókna á drómasýki í íslenskum hrossum.

Sonja Líndal, dýralæknir og hrossaráktandi á Lækjarmóti, bar fram tillöguna á fundinum og hefur stjórni hrossabændadeildar þegar beðið hana að fara fyrir starfshópnum. „Vandamálið er vaxandi. Grípa þarf í taumana svo hægt verði að rækta kvíllan um gríðarlegt fjárhagslegt tjón að reða fyrir hrossaráktendur,“ segir hún en í tillögunni segir að margir dýralæknar og hrossaráktendur telji að drómasýki sé að aukast í hinum ræktaða hrossastofni.

### Óstöðug og hengja haus

Drómasýki, sem stundum er kölluð svefnsýki, er að sögn Sonju arfgengur sjúkdómur þar sem arfhreinir einstaklingar hengja haus og slangra óstöðugum fótum eins og þeir hafi fengið góðan skammt af deyfilyfi hjá dýralæknini. „Þess á milli er allt eðilegt að sjá. Einkennin



Sonja Líndal dýralæknir.

eru mismikil á milli einstaklinga en í flestum tilfellum eru þessir einstaklingar fellir þar sem þeir eru óöruggir til reiðar og óskynsamlegt að nota til undaneldis. Arfberar sjúkdómsins sýna ekki einkenni,“ segir Sonja.

### Vilja opinbera arfbera

Starfshóp um drómasýki er ætlað að greiða götur rannsókna sem Freyja Imsland erfðafræðingur hefur unnið um sjúkdóminn auk þess að skoða möguleika á styrkjum og frekari rannsóknun um sjúkdóminn.

„Það verður vonandi til þess að upplýsingar um arfbera sjúkdómsins yrðu gerðar opinberar,“ segir Sonja. /ghp

### EINSTÖK UPPLIFUN



### MF 6S 135-200 HP

EINSTÖK VÉL TIL AFKASTA OG HAGRÆÐINGAR

### ÓVIÐJAFNANLEG LIPURÐ

Leiðandi í sínum flokki hvað varðar snúningsradíus- aðeins 4,75 m

### EINSTÖK UPPSKRIFT HVAD VARÐAR AFL Á MÓTI ÞYNGD

Eyðslugrannur en eldsprækur 4,9 Ltr 4 strokka mótor og 500 kg léttari heildarþyngd

### STYRKUR MEÐ STÖÐULEIKA

Mikil burðar- og dráttargeta með 2,67m milli öxla



BÚVÉLAR

Gagnheiði 35, Selfossi | Sími 4800080 | www.buvelar.is

### Jarðræktarmiðstöð:

# Samstarf háskóla skapar tækifæri

Jarðræktarmiðstöð LbhÍ er fjármögnuð með skilyrðum um samvinnu við aðrar menntastofnanir. Árangurstengd fjármögnun á að gera háskólum kleift að sækja fram í takt við þróun samfélagsins. Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, umbunar þeim háskólum sem starfa saman og sameinast.

Jarðræktarmiðstöð við Landbúnaðarháskóla Íslands (LbhÍ) á Hvannayri er fjármögnuð í nýri fjármálaáætlun, með tveggja ára framlagi, með alls 600 m.kr., og mun bygging hennar hefjast árið 2025, að því er fram kemur í nýri tillögu til bingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2025–2029.

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, háskóla-, nýsköpunar- og iðnaðarráðherra, segir mikilvægt að miðstöðin verði nýtt af fleiri háskólum en eingöngu LbhÍ. Skólinn geti gert betur og náð meiri árangri með auknu samstarfi og samvinnu við aðra háskóla.

### Styður við uppbyggingu á Hólum

„Ég hef ýtt undir aukið samstarf háskóla og sett á hvata til þess að skólnir vinni meira saman, þannig nýtum við fjármuni betur og náum meiri árangri í háskólastarfi. Skólnir hafa sjálfsí teknið forsokt í því að ræða sameiningar en ég hefði viljað sjá Landbúnaðarháskólann taka virkari þátt í samtalinn. Ég hef stutt rækilega við að Háskólinn á Bifröst og Háskólinn á Akureyri sameinist en einnig við uppbyggingu sjálfstæðrar sterkrar háskólaeininger á Hólastað sem með samstarfi nýtir sér stærð og styrkleika Háskóla Íslands. Það starf er leitt á forsendum Háskólangs á Hólum en í Skagafirði eru gríðarleg uppbyggingartækifari á námi sem tengjast atvinnulífinu, hvort sem við horfum til fiskeldis, ferðapjónustu eða hestamennsku. Með samvinnu Hólaskóla og HÍ var auðveldara að styðja við og byggja



Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra. Mynd / ghp

upp húsnaði og aðstöðu á svæðinu.“

Landbúnaðarháskólinn hafi hins vegar ekki sótt um stuðning til þess að ráðast í uppbyggingu á grundvelli sameininga eða samstæðu. „En ég trúi því að það felist gríðarleg tækifæri til stóraukins samstarfs eða sameiningar til að byggja meira upp á Hvannayri og bjóða þar upp á fjölbreyttara nám,“ segir Áslaug Arna.

### Gildi landbúnaðarmenntunar

Hún hefur fundað með háskólaráði LbhÍ en uppbygging Jarðræktarmiðstöðvarinnar hefur verið þar forgangsmál um allnokkurt skeið. Með fjárveitingu í gegnum nýja fjármálaáætlun er ljóst að af byggingunni verður. Áslaug Arna segist hafa skynjáð mikla jákvæðni gagnvart samstarfi LbhÍ og HÍ við notkun á nýrri jarðræktarmiðstöð. „Það þykir mér mjög gott og ég er ánægð með söknina sem ég heyrði í háskólaráði yfir tækifærunum sem í þessu gæti falist.“

Gildi landbúnaðarmenntunar á háskólastigi hefur, að sögn Áslaugar Örnú, sjaldan verið mikilvægara. „Í

/ghp

# Torfaera til styrktar björgunarsveitinni



Laugardaginn 11. maí fer hin árlega Sindratorfæra fram við Gunnarholtsveg rétt hjá Hellu.

Torfaukeppnin, í umsjón Flugbjörgunarsveitarinnar á Hellu, er stærsti torfæruvísburður ársins en búist er við að um 5-6 þúsund manns mæti til að berja tryllitækin augum. Annar eins fjöldi horfir svo á þeim útsendingu á Youtobe.

„Sindratorfæran er aðalfjárfun Flugbjörgunarsveitarinnar og hefur verið það frá árinu 1973 og er því gríðarlega mikilvægt fyrir okkur. Margir félagar sveitarinnar hafa komið að keppnishaldinu í 30 til 50 ár og eru alltaf jafnspenrit fyrir þessum viðburði okkar, en um 100 sjálfboðaliðar koma að keppninni á einn eða annan hátt,“ segir Helga Þóra Steinsdóttir hjá Flugbjörgunarsveitinni á Hellu.

Keppendur í torfærunni verði um þrjátíu talsins í ár. Keppt verður í sérvítbúnum flokki og sérvítbúnum götubílaflokk, sem eru aðeins minna breyttir bílar á dekkjum sem hafa ekki

eins mikið grip og þau sem notuð eru í sérvítbúna floknum. Keppnin hefst klukkan 11.

En hver verður hápunktur keppninnar? „Það er alltaf áin og myrín en það eru tvær síðustu brautirnar þar sem bílarnir reyna við tæplega 200 metra fleytingu og

reyna svo fyrir sér í myrinni þar sem auðvelt er að gera mistök og sitja fastur,“ segir Helga Þóra, um leið og hún hvetur fólk til að finna viðburðinn á Facebook, „Sindratorfæran 11.maí 2024“. Þar eru allar upplýsingar en aðgöngumiðar fást á vefnum www.midix.is. /mhh



# Að baki hverjum bolla býr sérfræðibekking og bjónusta

Mörg okkar stærstu og bestu fyrirtækja í verslunar-, hótel- og veitingageiranum treysta á öruggan vélbúnað og framúrskarandi viðhald og bjónustu sérfræðinga okkar hjá Expert.

**EXPERT**  
VINNUM MED ÞEIM BESTU

Mývatnssveit:

## Jarðgerð á lagernum

Krambüðin í Mývatnssveit er nú með jarðgerðarvél fyrir lífrænan úrgang í versluninni og er hún staðsett á lager.

Jarðgerðarvélin breytir lífrænum úrgangi í jarðvegsúrgang á aðeins einum sólarhring og allur jarðvegurinn sem kemur úr vélinni verður nýttur í nærumhverfinu. Gengið hefur verið frá samkomulagi við skóla- og leikskólasvið Reykjavíkur um að nemendur á svæðinu nýti jarðveginn í ræktun á grænmeti og til uppgræðslu á sínu nærumhverfi.

Í fréttatilkynningu frá Samkaupum segir að leikskólinn Ylur í Mývatnssveit muni nýta jarðveginn til ræktunar grænmetis og á grænu svæðin í kringum skólanum eða þar sem þörf þyki. Í leikskólanum séu 19 börn á aldrinum 1-5 ára og umhverfisvitund og útikennsla séu stórvhluti af skólastarfi nemenda. Því falli verkefnið einkar vel inn í þá vinnu.

Segir jafnframt að fyrirtækið hafi einblínt á þau svíð sjálfbærni sem skilað gætu mestum árangri og matarsóum sé þar ein af stærstu áskorunum matvörverslana. Samkaup sporni með ýmsum hætti gegn matarsóun með því að selja vörur á síðasta söludegi á lægra verði og með samstarfsverkefnum, þar sem matvælum, í góðu standi



Jarðgerðarvélin var sett upp á lagernum í Krambüðinni.

Mynd / Samkaup

en á síðasta snúningi, sé komið t.d. til Hjálpræðishersins og í frískápa, frekar en að honum sé hent.

Petta er fyrsta jarðgerðarvélin sem sett er upp við verslun Samkaupa, en hugmyndin er að fleiri vélar verði settar upp við verslanir fyrirtækisins um land allt og þannig tryggð betri hringrásarnýting matvæla.

/sá



Verulegur rekstrarbati hjá Norðlenska Kjarnafæði er meðal annars rakinn til sameiningar Kjarnafæðis og Norðlenska, aðhalds í rekstri og hagræðingaraðgerða.

Mynd /mþp

## Rekstrarbati hjá Norðlenska Kjarnafæði

– Hagræði af samstarfi og sameiningum skili sér til bænda

Hagnaður Kjarnafæðis Norðlenska var 385,5 milljónir króna á síðasta ári fyrir skatta, sem er 154 milljónum meiri hagnaður en var árið 2022.

Í tilkynningu frá félögnum segir að afkoman sé í samræmi við áætlanir, þrátt fyrir krefjandi aðstæður á árinu. Fjármagnskostnaður hafi verið samstæðunní íþyngjandi í því háá vaxtaumhverfi sem einkenndi árið 2023 en aðhald í rekstri og hagræðingaraðgerðir vegna samruna Kjarnafæðis og Norðlenska hafi skilað verulegum rekstrarbata.

Fram kemur einnig að árið 2023 hafi verið annað heila rekstrarárið eftir sameiningu Kjarnafæðis og Norðlenska og

fyrsta heila rekstrarárið þar sem áhrif sameiningarinnar komi að verulegu leyti fram.

Haft er eftir Ágústi Torfa Haukssyni, forstjóra félagsins, að nýsamþykkt lög sem heimila verkaskiptingu, samvinnu og sameiningu afurðastöðva, sem teljast til framleiðendafélaga, muni væntanlega hafa áhrif á starfsemi félagsins á árinu 2024. „Kjarnafæði Norðlenska uppfyllir kröfur sem gerðar eru til framleiðendafélaga og ljóst að veruleg tækifæri eru til lækkanum á rekstrarcostnaði og fjárbindingu í greininni lánist aðilum í greininni að nýta þær heimildir sem í lögnum felast.

Pað hagræði sem af slíku

samstarfi eða sameiningum getur hlutist verður að skila sé að nær öllu leyti í tvennt; hækkanir til bænda og í að halda aftur af verðhækkunum á markaði til að vinna að lækken verðbólgu í hagkerfinu.

Hagsmunir Kjarnafæðis Norðlenska eru mjög miklir hvað þetta varðar, lækken verðbólgu og þar af leiðandi vaxta hefði að jákvæð áhrif á félagið og viðskiptavini þess. Svo er minnandi framleiðsluvilji bænda orðin ein helsta ógnun við rekstur afurðastöðva og því mikilvægt að hægt verði að bæta kjör bænda og stuðla þannig að eðlilegum rekstrarskilyrðum og nauðsynlegri nýliðun í landbúnaði.“

/smh

## Sumarkomunni fagnað

Að venju verður opið hús í Garðyrkjuskólanum á Reykjum á sumardaginn fyrsta, fimmtudaginn 25. apríl kl. 10-17.

„Sumarið byrjar í garðskálanum og gróðurhúsunum þar sem gróðurinn blómstrar og fyrsta uppskeran af fersku grænmeti er tilbúin. Grænmetis- og plöntumarkaðurinn verður í garðskálanum og í ár verður hægt að kaupa heimaráktað íslenskt kaffi á meðan birgðir endast. Glæsileg túlipanasýning verður einnig í garðskálanum. Verkefni nemenda verða til sýnis og hægt að fræðast um námið í skólanum,“ segir í tilkynningu frá skólanum.



Hátfárdagskrá hefst kl. 13 en þá afhendir forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, garðyrkjuverðlaun ársins og umhverfisverðlaun Hveragerðisbæjar. Veitingasala verður á svæðinu allan daginn. /ghp

## TYM á Íslandi

Margra ára góð reynsla við krefjandi aðstæður.

Fáanlegir í mörgum útfærslum:

- ✓ Ámoksturstæki
- ✓ Sláttuborð
- ✓ Einangrað hús
- ✓ 19 – 55 hestöfl
- ✓ 2ja ára ábyrgð



Kynningarverð frá 1.590.000,- + vsk.



TRAUSTUR SAMSTARFSADILI

Garðabæ | Akureyri | Selfossi  
sími 480-0000 | www.aflvelar.is

Búnaðarsamband Eyjafjarðar:

## Norðlenskir bændur verðlaunaðir



Atli Þór Friðriksson og Guðrún Magnúsdóttir, sauðfjárræktarverðlaun. Með þeim á mynd er Birgir Heiðmann Arason, formaður BSE.

Mynd / Aðsend

Sigtún hlaut nautgriparæktarverðlaun

Bændurnir á Sigtúnum í Eyjafjarðarsveit, þau Kristbjörn H. Steinarsson og Aðalbjörg Þórólfssdóttir, ásamt börnum sínum og tengdadóttur, hlutu nautgriparæktarverðlaun BSE fyrir góðan árangur og afurðasemi í mjólkurframleiðslu. Kristbjörn og fjölskylda tóku við Sigtúnum árið 2020 en bærinn hefur um langt árabil skilað góðum afurðum. Á síðasta ári var búið þróðja afurðahæsta bú Eyjafjarðar og kýrin Lísa undan Seið 14040 var þróðja nýthæsta kýr héraðsins.

Sigtún hlaut nautgriparæktarverðlaun

Bændurnir á Sigtúnum í Eyjafjarðarsveit, þau Kristbjörn H. Steinarsson og Aðalbjörg Þórólfssdóttir, ásamt börnum sínum og tengdadóttur, hlutu nautgriparæktarverðlaun BSE fyrir góðan árangur og afurðasemi í mjólkurframleiðslu. Kristbjörn og fjölskylda tóku við Sigtúnum árið 2020 en bærinn hefur um langt árabil skilað góðum afurðum. Á síðasta ári var búið þróðja afurðahæsta bú Eyjafjarðar og kýrin Lísa undan Seið 14040 var þróðja nýthæsta kýr héraðsins.

markaðarins og takmarkaðrar nýtingar sauðfjárræktarverðlaun. Meiri hagræðing á grunni samvinnu sé mikilvægur þáttur til að lækka vinnslukostnað.

„Tollasamningar sem Ísland hefur gert við önnur ríki og ríkjabandalög, auk breytinga á fyrirkomulagi við útboð tollkvóta hefur sett mikinn brýsting til lækkanum á afurðaverði til bænda. Við því er nauðsynlegt að bregðast með breytingum á starfsumhverfi landbúnaðarins eins og gert var með framangreindum breytingum á búvorulögum,“

segir jafnframt í greinargerð með ályktuninni.

Aðalfundurinn var haldinn í Hlíðarbæ þann 27. mars síðastliðinn. /ghp

# Við fjármögnum landbúnaðartæki



 **Lykill**  
Fjármögnun



Í samstarfi við Reykjavíkurborg starfrækir Garðyrkjufélag Íslands two grenndargarða í Reykjavík. Hér má sjá þann i Elliðaárdalnum. Myndir / Aðsendar



Embla Katrín Jónatansdóttir, var alsæl með fallega kartöfluuppskeru úr nytjagarði í Smálöndum.

Ræktun:

# Grenndargarðar bæta lýðheilsu

– Hnykkt á mikilvægi nytjagarða fyrir almenning



**Steinunn Ásmundsdóttir**  
steinunn@bondi.is

**Grenndargarðar í borgum, bæjum og þorpum njóta vaxandi vinsælda í kjölfar aukinnar umhverfisvitundar viða um lönd.**

Finnar má þó nokkra íslenska grenndargarða, ýmist á vegum sveitarfélaga, stofnana eða félagsamtaka, fyrir almenning eða tilteknar hópa. Má sem dæmi nefna skólagarða viða um land og matjurtagarða sem leigja má í mörgum byggðakjörnum landsins.

Lilja Sigrún Jónsdóttir hefur ræktað eigið grænmæti um þriggja áratuga skeið og lengi haft áhuga á grenndargörðum sem samfélagsverkefni. Hún segist stundum kalla þetta samfélagslækningar. Lýðheilsuvinnna hafi ætíð hofðað til hennar og grenndargarðar séu angri af slíku.

Lilja er heimilislæknir og hefur auk þess unnið við verkefnastjórnun og rannsóknir. Einnig er hún

formaður stjórnar Urtagarðsins í Nesi og formaður Íbúasamtaka Laugardals. Ræktun kyntist hún fyrst í skólagörðum og er með skika í grenndargarðinum Smálöndum í Elliðaárdal í Reykjavík. Hún heldur auk þess tengslum við almenningsræktun í gegnum t.d. fræsafn í samstarfi við Borgarbókasafnið í Sólheimum.

## Óreyndir nytu leiðsagnar

Lilja útskýrir grenndargarð sem ræktunarsvæði þar sem megi fá reiti til útleigu til matjurtaraðktunar. Þeir séu gjarnan 20–25 m<sup>2</sup> að stærð og megi vísa til sem skika eða nytjagarða. Leigjendur skika geti haft sama garð til leigu ár eftir ár og garðarnir séu ekki plægdir í heild. Ávinnungur af þessu sé að leigjendur geti lagst í endurbætur á jarðvegi, e.t.v. sett niður gróðurramma/vermireiti og ræktað fjlölarar jurtir án þess að þær skemmisst á milli ára.

Lilja hefur áður hvatt opinberlega, m.a. með blaðaskrifum 2008, til þess að sveitarfélög byðu fram svæði til



**Lilja Sigrún Jónsdóttir.**

matjurtaraðktunar fyrir almenning; annars vegar skika fyrir reynt fólk í matjurtaraðktun og hins vegar úrlausn fyrir óreyndara fólk með leiðsögn og stuðningi. Hún benti jafnframt á fyrirmyn dir erlendis frá, m.a. Norðurlöndum og viðar (þekkast í Danmörku sem koloniehave) og Bretlandi (e. allotment).

## Færðust á jaðarinn

Spurð um aðdraganda fyrstu grenndargarða hér á landi svarar Lilja að läng hefð sé fyrir skólagörðum á Íslandi og í Reykjavík hafi fyrir miðja 20. öld verið tölubert af kálgörðum, m.a. í Kringlumýri og Vatnsmýri. Um tíma hafi verið garðar nálaegt Korpu og síðan í Skammadal.

„Árið 2008 buðu þegar nokkur sveitarfélög fbúum upp á að fá skika til ræktunar í matjurtagörðum, oftast til eins árs í senn, og sá sveitarfélagið þá um að plægja garðana og úthluta á hverju vori. Ýmsir nýttu sér þetta en framkvæmd var misjöfn eftir sveitarfélögum. Of við hafði þessi landnýting við fyrir byggð og flust í útjaðar sveitarfélaga í nokkrum skrefum,“ segir hún.

Lilja leiddi á þessum tíma óformlegan hóp áhugaþólsks um nytjaraðktun í þéttbýli. „Við funduðum með garðyrkjufélags Íslands (GÍ). Vilhjálmur Lúðvíksson formaður tók mér vel og félagið gerði samkomulag við Reykjavíkurborg um að útvega land undir slíka ræktun. Það hafðist vorið 2009 og var sem tilraunaverkefni sumarlangt,“ segir hún. Í þessari vinnu hafi vantað hugtak fyrir garðlönd til langtímaleigu og lagði Lilja til yfirheitið grenndargarður fyrir svæðið allt og innan þess væru skikar eða nytjagarðar til útleigu.

Verkefnið gekk vel og sumarið 2010 var bætt við fleiri grenndargörðum. Urðu þeir mest þrír í Reykjavík og einn í Kópavogi en rekstur þeirra

reynist áhugamannafélagi of erfiður og því var dregið saman. Lilja segir GÍ enn vera með two grenndargarða í rekstri á sömu forsendum og áður.

„Samkomulagið við Reykjavíkurborg kveður á um einfaldan rekstur: borgin útvegar rennandi kalt vatn á staðnum og öllum Reykviðingum stendur til boða að leigja þar skika. Í vor hefst því sextánda rekstrarárið í Smálöndum og í Grafarvogi, það fimmtánða frá því að gert var fast samkomulag um grenndargarða,“ segir Lilja.

Í dag leigir Reykjavíkurborg út um 600 matjurtagarða á sex stöðum í borgarlandinu sem og í Skammadal í Mosfellsbæ. Önnur sveitarfélög höfuðborgarsvæðisins, og Akureyri, bjóða einnig upp á matjurtagarða til leigu, sem og önnur sveitarfélög viða um land.

## Gagnsemi, virkni og betra fæði

Í Evrópu er, að sögn Lilju, läng hefð fyrir görðum bæði af svipuðum toga og einnig svokölluðum kotgörðum, eða koloniehave, sem eru ívíð stærri um sig (100–200 m<sup>2</sup> land með smáhýsi) og það alþekkt að margra ára bið sé eftir að komast að. Hún segir að áhugavert veri að koma á fót slíkum görðum hér á landi. Í Bandaríkjunum hafi garðar verið stofnsettir sem samfélagsverkefni í hverfum þar sem fbúar eru félagslega illa settir og hafi það sýnt sig í að gera gagn, auka virkni fbúa og auka neyslu grænmetis.

„Í grenndargarði er samfélag fólk sem þekkist ekki fyrir en ættarl að njóta þess að vera í samfélagi og hjálpast að við sameiginleg verkefni,“ segir Lilja og heldur áfram: „Verkefni, þar sem kynslóðir geta starfað saman, fjölskylda og/eða vinir geta sameinast í að skapa, ræktta og njóta uppskeru saman, eru ómetanleg. Dásemdarstundir á vorin verða ógleymanlegar þegar þeir eru hreinsuð og spakir þrestir koma að vitja um orma. Það hefur heyrst að það að reyta arfa sé að við bestu nútund.

Árangur í rekstri grenndargarðs verður að metast af upplifun og uppskeru ræktunda, hvort fólk heldur í garðinn til lengri tíma eða skemMRI og hvort séu einhverjar áskoranir í umönnun eða framkvæmd,“ segir Lilja enn fremur. „Það er ljóst að úr þessum görðum sem hafa verið í ræktun í 16 ár hefur verið uppskorid grænmeti í tonnavís. Gleði, vináttu og vellíðan er erfitt að mæla en tryggð ræktenda segir einhverja sögu. Á hvernigum tíma hafta einhver og koma ný, árlega ef til vill 10–15% af ræktendahópnum, en til staðar er enn tölverður kjarni ræktenda sem hefur verið frá upphafi.“

Hún segir fjölbreytni þess grænmetis sem ræktað hafi verið á svæðinu mikla og þar hafi grannar gjarnan lært hver af öðrum og deilt plöntum og fræjum. Fjölbreytt úrval af kartöflum og útsæðisskipti hafi einnig verið vinsæl. Ákveðin festa í starfinu hafi gagnast öllum ræktendum. „Við höfum getað haft verkfærageymslu á svæðinu, útvegað okkur húsdýraáburð til eigin afnota og haft vinnudaga til að snyrta svæðið,“ segir hún jafnframt.

„Það tekur reynslulitla ræktendur tíma að sætta sig við að ekki fæst öll uppskera í hús og að gera þarf ráð fyrir afföllum. Þau geta verið vegna óvenjulega góðrar tíðar fyrir óværu eins og snigla, eða að óprúttir aðilar gerist hirðusamir á svæðinu. Lausnir hefur verið að rækta umfram eigin þarfir og láta svo ekki erga sig of mikil eftir óværu,“ segir hún.

Grenndargarðar eru að sögn Lilju fyrir fólk úr öllum stigum samfélagsins. „Í garðinn hefur komið eldra fólk sem ef til vill hefur ekki verið mikil að reyna á sig líkamlega en yngist um mörg ár við að pjakka í moldina. Það er einnig gaman og gagnlegt að fá að rækta grænmeti með fólk af erlendum uppruna því þaðan kemur verkkunnáttu sem er ólík því sem hér hefur tilökast og er það vel,“ segir hún.

## Grenndargarðar séu í skipulagi

Lilja telur mikilvægi í þéttbýli að landrými sé varið til útvistar og grenndarræktunar innan skipulags sveitarfélaga. „Aðalskipulag Reykjavíkur segir að gera skuli ráð fyrir landi undir grenndargarða í nýjum hverfum. Íbúar mega þá vœnta þess. Það væri gaman að sjá aukna áherslu á að varðveisita aðgengi að landi undir ræktun í nærumhverfi fólkis í eldri hverfum. Það styður einnig við loftslagsmarkmið.“

„Að rækta sitt eigið grænmeti er að sögn Lilju áhugamál og lífsstíll, eins og t.d. hestamennska, stangveiði eða að spila golf. „Það fer minna fyrir ræktun í samfélagini enda hverfa borgarbændur í skuggann af stórræktendum og öðru fagfólk. Fólk sem ekki ræktar sprýr alltaf um uppskeruna í magnitolum og vissulega gætum við keppt um stærstu rófuna eða kálhausinn. Sá hluti er þó bara partur af gleðinni á sama hátt og að veidið eru ekki alltaf fengsælir. Líf ræktandans sem gleðst að vori yfir smáum kímplöntum og syrgir að hausti þegar þarf að fara að kaupa aftur salat og annað grænmeti er í takt við náttúruna og árstíðirnar. Svo kemur alltaf aftur vor að loknum vetrar,“ segir Lilja að lokum.



**PRONAR Á ÍSLANDI, SÍÐAN 2011.  
GÆÐATÆKI Á GÓÐU VERÐI**



**TRAUSTUR SAMSTARFSAÐILI**  
Garðabæ | Akureyri | Selfossi  
sími 480-0000 | www.aflvelar.is

# SUZUKI JIMNY! ALVÖRU JEPPÍ



Það er fernt sem skilgreinir Jimny sem ekta jeppa:

- Sterkbyggð grind
- Mikil veghæð
- Heilar hásingar með gormafjöðrun
- Fjórhjóladrif með lágu drifi

VERÐ KR.

**4.890.000**

Söluumboð Suzuki á landsbyggðinni:

Akureyri: Bílarki, Lónsbakka.

Egilsstaðir: Bílaverkstæði Austurlands ehf, Miðási 2.

Hvolsvellið: Viðskiptaþjónusta Suðurlands, Ormsvellið 7.

Ísafjörður: Bílatangi ehf., Suðurgötu 9.

Reykjaneshús: K. Steinarsson, Holtsgötu 52.

Fáðu nánari upplýsingar á [suzuki.is](http://suzuki.is)



Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100

# Tryggjum öruggt samfélag

Sjóvá er aðalstyrktaraðili  
Slysavarnafélagsins  
Landsbjargar.



SJÓVÁ



SLYSAVARNAFÉLAGIÐ  
LANDSBJÖRG

## Sauðfjárrækt:

# Nýtt erfðapróf fyrir bógkreppu í sjónmáli

– Kallað eftir sýnum frá bændum

**Í sjónmáli er nýtt erfðapróf til greiningar á arfberum erfðagallans sem veldur bögkreppu í sauðfé, sem virðist bundinn við íslenska sauðfjárstofninn.**

Frá 2021 hefur staðið yfir samvinnuverkefni um bögkreppurannsóknir milli Matís, Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins (RML) og Tilraunastöðvarinna að Keldum. Samkvæmt greinargerð um stöðu rannsóknanna frá Eyþóri Einarssyni frá RML, Sæmundi Sveinssyni frá Matís og Charlottu Oddsdóttur á Tilraunastöðinni á Keldum hefur góður árangur náðst á þessum tíma óflun þekkingar um erfðagallann. Hvetja þau bændur til að hjálpa til við rannsóknarnar með því að láta vita af þeim bögkreppulömbum sem fæðast og leggja til sýni úr þeim og foreldrum þeirra.

EKKI eru til nákvæmar tölur yfir fjölda lamba sem fæðast með gallann, en Eyþór segir að á flestum búum finnist hann ekki. Á nokkrum búum hafi þetta hins vegar verið vandamál þar sem nokkur lömb fæðist árlega, þrátt fyrir að reynt hafi verið að útrýma honum. Par sem gallinn þurfir að koma frá báðum foreldrum geti hann legið niðri í einhvern tíma þar til genin parist saman.

### Hrútar með erfðagallann hafa farið á stöðvar

Samkvæmt greinargerðinni benda allar rannsóknir til að um víkjandi galla í einu geni sé að ræða. Helstu einkenni bögkreppu eru stuttir, snúrir og/eða skektir framfætur, sem margt bendir til að komi til vegna þess að uppfótarbein eru stutt og samanrekin og liðfletir skakkir. Erfðlega hefur gengið að losna við gallann úr hjörðum hér á landi og nokkur dæmi þess gegnum árin að hrútar hafi valist inn á sæðingastöðvarnar sem reynast arfberar.

Markmið verkefnisins er að kortleggja svæðið í erfðamenginu sem veldur bögkreppu, lýsa meinafræði gallans og þróa erfðapróf sem haegt er að nýta til að finna arfblendna einstaklinga í hjörðum.

### Stakur breytileiki fannst ekki

Á fyrrri stigum verkefnisins fundust tengsl milli setraðar í erfðamengi bögkreppulamba og foreldra þeirra sem virðist í fyrstu vera haegt að nýta til að greina arfblendna einstaklinga.

Stakur erfðabreytileiki fannst hins vegar ekki sem haegt væri að nýta í þróun á einföldu erfðaprófi. Hins vegar fundust 236 erfðabreytileikar í bögkreppulömbum á því svæði sem setrðin nær yfir og standa vonir til að það muni skila þættu setraðaprófi sem geti greint arfbera bögkreppu með að minnsta kosti 95 prósentu öryggi.

### Kallað eftir sýnum

Í greinargerðinni segir að mikilvægt sé fyrir aðstandendur verkefnisins að prófa virkni nýja setraðaprófsins og því sé kallað eftir frekari sýnum og upplýsingum frá bændum. Sýnið þarf að vera flipi eða vefjabútur úr eyra. Það er því í lagi að nota sýnatökubúnaðinn sem flestir nota nú þegar við sýnatökur vegna riðuarfgerðargreininga. Einnig má nota annan búnað sem tekur sýni úr eyrum. Sýnin er svo best að geyma í ísskáp þar til þau eru send en þau skulu berast til Eyþórs Einarssonar, Borgarsíðu 8, 550 Sauðárkróki.

Æskilegt er að myndir séu teknar af þeim bögkreppulömbum sem sýni eru tekin úr. Greiningar á þessum sýnum verða bændum að kostnaðarlausu. Einnig er óskað eftir nokkrum heilum hræjum af bögkreppulömbum til krufningar og vefjasýnatoku, en hræin mega

ekki hafa frosið. Bögkreppulömb er best að senda á Keldur í samráði við Charlottu Oddsdóttur (charlotta@hi.is).

Pá verður í boði fyrir bændur að fá greind sýni úr gripum sem bændur vilja athuga hvort séu arfberar. Sérstaklega eru bændur hvattir til að taka úr afkvæmum Viðars 17-844 og hrútum sem þeir gruna að gætu borið gallann. Sama gildir um þau og sýni úr bögkreppugripum, best að senda þau á Eyþót á Sauðárkróki.

### Sex stöðvahrútar gætu verið arfberar

Í greinargerðinni kemur fram að vegna þróunar á erfðaprófinu væri búið að greina sýni úr rúmlega 80 sæðingastöðvahrúturnum. Greiningarnar hafi hins vegar komið það seint að ekki var haegt að nýta þær vegna vals á hrútum inn á stöðvarnar. „Af þessum hrútum eru sex stöðvahrútar sem virðast ekki standast prófi og gefa niðurstöður til kynna að þeir getu verið arfberar,“ segir í greinargerðinni.

„Petta eru hrútarnir Mávur 15-990, Angi 18-882, Alli 19-885, Austri 20-892, Fjalli 17-861 og Bolti 23-932. Aðstandendum verkefnisins er þó ekki kunnugt um að nein bögkreppulömb hafi komið undan þessum hrútum og ekki vitað til að þeir hafi nái tengsl við þekkta bögkreppugjafa. Teljum við því að um falskar niðurstöður sé að ræða þar til óvíkjandi sönnun fæst um annað. Eini hrúturinn í þessum hópi sem enn á engin afkvæmi er Bolti 23-932 en ekki er vitað um að hann hafi ættartengsl við þekkta bögkreppugjafa. Sem áður er mikilvægt að fá upplýsingar um öll bögkreppulömb, sérstaklega undan sæðingahrúturnum,“ segir enn fremur í greinargerðinni.

/smh



## Lífeyrissjóður bænda auglýsir eftir framboðum til setu í stjórn sjóðsins.

- Tvö sæti í aðalstjórn til þriggja ára.
  - Tvö sæti í varastjórn til tveggja og þriggja ára.
- Stjórnarkjör fer fram með rafrænum hætti.

Um almennt hæfi stjórnarmanna til setu í stjórn lífeyrissjóðs fer samkvæmt 31. gr. laga nr. 129/1997 um skylduttryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

**Framboðsfrestur er til og með 22. maí 2024.**

Framboð skulu sendast á netfangið [kjornefnd@lsb.is](mailto:kjornefnd@lsb.is).

- Upplýsingar um stjórnarkjörið og hvaða gögnum beri að skila vegna framboðanna, má sjá á vef sjóðsins, [www.lsb.is](http://www.lsb.is).
- Með framboði skal fylgja helstu upplýsingar um frambjóðanda ásamt mynd til birtingar á vef sjóðsins.
- Taka skal fram hvort framboð er aðeins til aðalmanns, er aðeins til varamanns eða aðalmanns og varamanns til vara.

**Ársfundur Lífeyrissjóðs bænda verður haldinn fimmtudaginn**

**20. júní 2024 kl. 14 að Stórhöfða 23, 4. hæð, Reykjavík.**

Á dagskrá eru venjuleg ársfundarstörf og niðurstöður rafræns stjórnarkjörs.

**LÍFEYRISSJÓÐUR BÆNDI**

Stórhöfða 23 - 110 Reykjavík - s. 563 1300



[www.lsb.is](http://www.lsb.is) - [lsb@lsb.is](mailto:lsb@lsb.is)

## Einfaldar leiðbeiningar um algengustu vandamál við burð

Tekið saman af Hákonni Hansssyni og Þorsteini Ólafssyni



Á framfæti eru hnæ og lagklaufi gagnstæð.



### Burðarhjálp: Leiðbeiningarmyndbönd

Síðan 2019 geta bændur og aðstoðarfólk notað fjölda leiðbeiningarmyndbanda, sem bjóða upp á auðskiljanlegar lausnir fyrir allar helstu uppákomur og einnig sjaldgæf burðarvandamál. Höfundar myndbandanna eru Karólína Elísabetardóttir, sauðfjárbóndi í Hvammshlíð, og Axel Káráson dýralæknir.


Öll myndbönd eru aðgengileg á vefnum:

Á íslensku: [tinyurl.com/saudburdarhjálp](http://tinyurl.com/saudburdarhjálp)


Á býsku: [tinyurl.com/schafgeburtsihilfe](http://tinyurl.com/schafgeburtsihilfe)

Öll rásin: [tinyurl.com/burdarhjálp](http://tinyurl.com/burdarhjálp)

(velja spilunarlistann English (á ensku) til að sjá ensku útgáfurnar)



# Viltu moltu?



**Við fögnum sumri og um leið fyrstu uppskerunni af næringarríkri moltu með því að bjóða í opið hús í GAJU á sumardaginn fyrsta, 25. apríl.**

**Velkomið er að mæta með kerru, fötu eða fjölnota poka og ná í moltu fyrir vorverkin í garðinum, endurgjaldslaust!**



## Dagskrá frá kl. 11–15

- Leiðsögn verður um stöðina á hálftíma fresti.
- Stjörnu-Sævar verður með fræðslu fyrir yngsta fólkid sem hefst klukkan 13.
- Sérfræðingar frá Grasagarði Reykjavíkur veita fræðslu um moltu.
- Boðið verður upp á pylsur og gos meðan birgðir endast.

Sjáumst  
í GAJU, Álfssnesi

**SORPA**



# Upprunamerki matvæla skipta máli

– Neytendur vilja velja innlenda framleiðslu

Pegar kemur að því að versla matvæli horfa neytendur mikið til upprunalaðs framleiðslunnar. Reynsla nágrannabjóða okkar sýnir að áberandi upprunamerki sem eru vottuð af þriðja aðila geta aukið sölu á innlendum matvælum með því að auðveldra neytendum að taka upplýsta ákvörðun. Þau veita meiri tryggingu en markaðssetning með litum þjóðfánans, eða umbúðum sem vísa til einhvers lands, þar sem framleiðendur þurfa að fá samþykki fyrir notkun merkisins fyrirfram.



Ástvaldur Lárusson

astvaldur@bondi.is

Íslenskt staðfest er upprunamerki fyrir matvæli og blóm og er nær alfaríð byggt á reynslu Norðurlandanna á sambærilegum merkingum. Markmiðin með Íslenskt staðfest eru meðal annars að auka sýnileika, verðmæti og markaðshlutdeild íslenskra afurða.

Pegar Íslenskt staðfest var sett á laggirnar árið 2022 var ákveðið að fylgja fordæmi nágrannapjóða okkar í staðinn fyrir að finna upp eitthvað alveg nýtt. Finnar hafa verið með merkið Gott frá Finland frá 1993, Norðmenn með Nyt Norge frá 2009 og Svíar með Frán Sverige frá 2016. Þetta eru þríu merki sem vinna eftir sameiginlegum staðli og er Íslenskt staðfest staðfæring á honum. Ein af grunnforsendum þessara merkja er að notkun þeirra er vottuð og tekin út af þriðja aðila.

Á heimasíðu Íslenskt staðfest (stadfest.is) kemur fram að merkið megi nota til auðkenningar allra íslenskra matvæla- hræfna. „Kjöt, egg, sjávarafurðir og mjólk skal í öllum tilfellum vera 100% íslenskt, líka í samsettum vörum. Allt að 25% innihalds í samsettum matvörum má vera innflutti,“ sem þýðir að meginhluti samsettar matvöru sé sannarlega íslenskur. Þetta gefur frá m l e i d e n d u m svigrum til að flytja inn til að mynda ferskjur til að blanda við jógvírt eda hvítlauk í grillpyls.



Nokkuð hægt hefur gengið að innleiða Íslenskt staðfest meðal í n n l e n d r a framleiðenda. Þau fyrirtæki sem hafa tekið upp merkið eða stefna að notkun þess á næstu vikum þegar þetta er skrifð eru Lambhagi, Sólskins grænmeti og Artangi.

Bændablaðið leitaði til stórra afurðastöðva eins og MS, SS, KS, Stjörnugríss, Kjarnafæði Norðlenska og Ali og var engin þeirra búin að huga að upptökum merkisins í náinni framtíð. Í svari frá SS var meðal annars tekið fram að mörg atriði í staðlinum væru „óáðgengileg og flækja og auka kostnað við daglegan rekstur“. Ekki félkkst nánar útskýring á hvaða atriði um ræðir.

## Strax meðbyr í Svíþjóð

Torbjörn Lithell hefur verið í stjórn Svenskmärkning AB, sem á Frán Sverige-merkið, frá því það var sett á laggirnar árið 2016. Hann stjórnar innkaupum fyrir kjötfurðastöðina Scan sem er ein sú stærsta í Svíþjóð.

Fyrirtækið var fyrir skemmtstu keypt af Lantmännen, sem er

samvinnufélag í eigu átján þúsund sánskra bænda, en hafði áður verið dótturfélag finnsks fyrirtækis.

„Scan er vel þekkt merki og neytendur vita að það er sánskt,“ segir Torbjörn. Samt sé mikilvægt fyrir fyrirtækið að merkja vörurnar sínar með merkinu til að sýna fram á að þær séu sannarlega sánskar og fylgi sömu reglum og aðrir framleiðendur í kerfinu. Allar vörur Scan bera Frán Sverige merkið í dag, að beikoni undanskildu þar sem hluti þess er framleiddur í Pólland.

Fyrirrennari Frán Sverige var merkið Svensk kött sem var

eingöngu notað á kjötfurðir. Scan var þegar að nota það merki á sínar vörur árið 2016 og lá því beinast við að halda áfram með Frán Sverige enda jákvæð reynsla af slíkum merkingum. Það sama átti við um stærstan hluta sánskra kjötfraumleiðenda og var því strax mikill meðbyr með nýja merkinu þegar það var sett á laggirnar. Helsti vöxturinn í merkinu sé núna í öðrum geirum, eins og hjá grænmetis- og blómaframleiðendum.

Það sem breyttist þegar Svensk kött varð Frán Sverige var að öll innihaldsefnin þurftu að vera sánsk. Torbjörn tekur sem dæmi að Scan hafi verið frjálst að nota erlendan ost eða kornvörur og merkja matvælin með Svensk kött svo lengi sem allt kjötið var innlent. Nú nái upprunamerkingin til fleiri afurða sem geri að verkum að kjötfurðastöð eins og Scan styður við fleiri greinar landbúnaðarins til að uppfylla kröfur Frán Sverige. Þeir séu til að mynda stór kaupandi að osti.

## Söluaukning með upprunamerkingu

Tölfræðin sýni að það sé meiri söluaukning á vörum með upprunamerkingu en hjá öðrum vörum í sömu floknum. Það sé erfitt að mæla nákvæmlega hvað sé merkinu að þakka og hvað ekki, en það sé sannarlega hluti af betri sölu og hærra afurðaverði. Þá vilji verslanir hampa vörum með merkinu með því að auka sýnileika þeirra í hillunum þar sem það er vitað að neytendur sækist í þær. Bændurnir njóti óbeins ábata af merkinu þar sem hægt sé að selja afurðirnar á hærra verði.

„Við segjum við bændurna að með því að nota merkið gefum við neytendum kost á að velja sánsk.“

Aðspurður segir Torbjörn örfa tilvik hafa komið upp þar sem innflutt matvæli voru í umbúðum merkum með Frán Sverige. Það megi rekja til þess að aðgengi



Getur matvara verið sem úlfur í sauðargæru? Flestar standi hún til boða og er mikið ákall eftir skýrum upprunamerkjum til að auðvelda neytendum valið.

Tekning / Hlynur Gauti

að innihaldsefnum geti verið mismunandi milli árstíða og fyrir mistök hafi verið haldið áfram að nota merkið í skamman tíma þegar framleiðendur þurftu að grípa til innflutnings. Hins vegar hafi aldrei komið upp að framleiðendur hafi blekt neytendur vísvitandi.

Ákveðin viðurlög séu til staðar þegar Frán Sverige er notað á rangan hátt, en Torbjörn segir mestu máli skipta að komast til botns í afverju mistökin áttu sér stað. Sé ekki hægt að rekja ranga notkun merkisins til mistaka geti framleiðendur lent í því að fá ekki að nota merkið áfram.

## Eftirfylgni ekki erfið

Torbjörn segir eftirfylgnina með framleiðslunni fyrir neytendamarkaðinn ekki vera sérlega erfiða. Þeir sem komi inn í kerfið þurfi að vera með gagnsæja ferla og sjá til þess að hráefnin séu rekjanleg. Þá megi framleiðendur alfta eiga von á óndirbúnum eftirlitsheimsóknum frá óháðum aðilum sem starfa fyrir Svenskmärkningu.

Eignarhald Svenskmärkning er þrískipt. Einn hluti er hjá bændum, annar hjá afurðastöðvum og þriðji hjá samtökum verslana. Torbjörn segir miklu máli skipta að allir þessir aðilar eigi sinn hlut því þá keppist allir við að efla hag merkisins. Verslana keðjur noti til að mynda Frán Sverige-merkið á sín eigin vörumerki og reyni að hampa öðrum vörum í kerfinu.

Frán Sverige hefur verið í stöðugri þróun frá því það var sett á laggirnar og er unnið að því að koma því á fleiri svíð. Næsta skref sé að koma Frán Sverige inn í veitingageirann þar sem notast sé við mikið af innflutnum afurðum. Það sé hins vegar talsvert meiri áskorun að finna út hvernig eftirlitinn skuli háttar. Nokkrir veitingastaðir sem bjóða eingöngu upp á sánskar afurðir fengu að nota Frán Sverige á sínum matseðlum í tilrauna verkefni sem mæltist vel fyrir. Þetta sé mikilvægt framtak því neytendur séu ekki endilega með

## Töfrar Andalúsíu

**28. september – 5. október 2024**

**Fararstjórn: Aðalheiður Jónsdóttir**

**Verð 369.500 kr. á mann í tvíbýli!**

Yndisleg náttúrufegurð í bland við merkar söguslóðir bíða okkar í þessari dásamlegu ferð til Andalúsíu á Spáni.

Granada - Sevilla - Málaga

**Bókaðu núna á [baendaferðir.is](#)**

Sími 570 2790 • [bokun@baendaferdir.is](mailto:bokun@baendaferdir.is) • Síðumúla 2 • 108 Reykjavík



Torbjorn Lithell.



Matthildur Sveinsdóttir.



Brynhildur Pétursdóttir.



Ingvill Størksen. Mynd / Espen Solli



Axel Sæland. Mynd / ál

hugann við það að spryja starfsfólk um uppruna matvælanna þegar þeir panti mat á veitingastöðum.

#### Styrkir vörumerkið

Norska samvinnufélagið Coop hefur notað Nyt Norge á sitt eigið vörumerki í verslunum síðan 2011. Þar gætti mikillar jákvæðni fyrir merkinu frá upphafi og er Coop það fyrirtæki í Noregi sem er með stærsta úrvalið af vörum með upprunamerkinu.

Ingvill Størksen, yfirmaður stefnumörkunar hjá Coop, segir Nyt Norge hafa styrkt vörumerkið þeirra þar sem það sýni með skýrum hætti að vörurnar séu innlend framleiðsla, ekki innflutningur. Hún segir norska neytendum vera með mikla verðvítundum, því leiði merkið ekki endilega til hærri álagningar. Það geri fólk hins vegar auðveldara fyrir að taka upplýstar ákvárdanir um uppruna matvaranna.

Coop sé einnig með ódýrara vörumerki sem heiti Xtra. Þar sé ekki notast við Nyt Norge þar sem stundum grípi þau til innflutnings og þau vilja forðast rangar merkingar. Hún segir vörulínu Coop ekki hafa tekið sérstökum breytingum eftir að þau tóku upp Nyt Norge. Merkið sé fyrst og fremst til að koma norskuum landbúnaðaráfurðum á framfæri, sem gagnist baði Coop og bændum með aukinni sölum.

#### Neytendum vilja innlenda framleiðslu

Árið 2021 var viðhorf Íslendinga til upprunamerka kannað. Þar svöruðu tæp níutíu prósent svarenda að

**„Af hverju er þetta ekki á miklu fleiri vörum? Þarna eru með svo ótrúlega skýr skilaboð ...“**

upprunamerkingar matvæla væru þeim mikilvægar og vildu 63 prósent svarenda að innlendar matvörur væru með skýrum upprunamerkjum. Rúm áttatíu prósent sögðust kjósa íslenskar vörur í verslunum sé þess kostur. Þá sögðust rúm 70 prósent svarenda óánægð með að erlendar kjótafurðir væru seldar undir íslenskum vörumerkjum.

Pegar tölfraðin í löndunum í kringum okkur er skoðuð sést að upprunamerkingar skipta ekki síður máli. Samkvæmt könnun sem unnin var fyrir Nyt Norge árið 2023 þekkja 94 prósent norska neytendum merkið og toppar það önnur merki eins og Skráargatið (sem 91 prósent neytenda þekkja) og Fairtrade (sem 70 prósent neytenda þekkja). Þá leita sex af hverjum tíu neytendum eftir Nyt Norge-merkinu þegar verslað er í matinn.

Í könnun sem unnin var fyrir Frá Sverige árið 2024 voru sænskir neytendum spurðir hvaða atriði skipti þá mestu máli þegar matvörur eru keyptar. Flestir, eða 56 prósent neytenda, sögðu uppruna hrávaranna mikilvægastan. Í öðru sæti, eða hjá 53 prósent svarenda, var lægsta verðið úrslitapáttur. 52 prósent sögðust versla eftir

framleiðslolandinu en einungis 34 prósent sögðu vörumerkið skipta höfuðmáli. Traust til upprunamerkja hefur verið skoðað í Svíþjóð og kemur fram að færri treysta almennum merkingum eins og sánska fánanum samanborið við Frá Sverige.

#### „Ótrúlega skýr skilaboð“

Brynhildur Pétursdóttir framkvæmdastjóri Neytendasamtakanna segir réttinn til upplýsinga eina af grunnkröfum neytenda. Neytendasamtókin séu afar fylgjandi notkun upprunamerkja, eins og íslenskt staðfest. „Af hverju er þetta ekki á miklu fleiri vörum? Þarna eru svo ótrúlega skýr skilaboð,“ segir hún. Neytendasamtókin fái mikið af fyrirspurnum og kvörtunum sem snúi að upprunamerkingum sem sýni greinilega að neytendum hafi áhuga á þessum málum.

Hún segir óheimilt að umbúðir innfluttra matvæla líki eftir íslenskum umbúðum eða gefi á einhvern hátt í skyn að varan sé íslensk. Mikilvægt sé að framleiðendur hafi stjórn á því hvaða umbúðir séu notaðar þegar vörum er pakkað en eins og með margt í lögum þá sé það matskennt hvenær umbúðir séu villandi og hvenær ekki.

Íslands í markaðssetningu sá að til að fá heimild til að merkja umbúðir með áðurnefnda merkinu þarf varan að fylgja fyrir fram skilgreindum staðli og vera tekin út af óháðum þrója aðila. Notkun fánalitanna er ekki bundin eins miklum skorðum sem verður oft til þess að vörur rata í verslanir undir fölsku flaggi.

Þá er rétt að minnast á fánaröndina í þessu samhengi sem sést oft á umbúðum grænmetis og er sérstakt félagamerki í eigu Sambands garðyrkjubænda. Axel Sæland, formaður deildar garðyrkjubænda hjá Bændasamtókum Íslands, segir að áður en fánalögunum var breytt árið 2015 var Samband garðyrkjubænda með einkaleyfi á notkun fánalitanna í sínu vörumerki. Eftir breytingu laganna hafi sérstæðan horfið og geti hver sem er tekið upp íslensku fánalitina.

Grennetis-, blóma- og garðplöntuframleiðendur sem eru félagar í Bændasamtókum Íslands geta notað fánaröndina á sínar vörur. Þeir þurfa að styðjast við þar til gerða handbók þar sem útlistaðar eru þær kröfur sem gerðar eru til þess varnings sem ber merkið. Enginn óháður úttektaraðili staðfesti hins vegar að notkun fánarandarinnar sé sönn og rétt, heldur byggist hún á trausti milli framleiðenda og neytenda.

#### Ábendingar frá neytendum

Neytendasofa getur gripið til aðgerða ef veittar eru villandi eða rangar upplýsingar í markaðssetningu. Matthildur



#### Reykhólahreppur auglysir eftir rekstraraðila að söluskála á Reykhólum.

Húsnæðið er að Hellisbraut, er skráð 179,3 m<sup>2</sup> að stærð, hefur verið endurgert að utan og var veitingastaður byggður við húsnæðið 2020. Húsnæðinu fylgir búnaður til rekstrar m.a. kassakerfi, hillur og kælar. **Húsnæðið er laust.** Í húsnæðinu hefur verið rekin verslun og veitingastaður.

**Reykhólahreppur óskar eftir því að umsóknum fylgi:**

- Lýsing á því hvernig umsækjandi hyggst nýta húsið, m.a. til að efla mannlíf í Reykhólahreppi.
- Rekstraráætlun og staðfesting á getu umsækjanda til að standa undir rekstrinum.

Miklar framkvæmdir standa fyrir í sveitarfélagini árið 2024 og þörf á verslun og veitingasölu því ærin. Reykhólahreppur áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum.

**Umsóknarfrestur er til og með 10. maí 2024.**

Umsóknum skal skila rafrænt á netfangið: sveitarstjori@reykholar.is

**Nánari upplýsingar og skoðun á eigninni veitir sveitarstjóri á netfanginu: sveitarstjori@reykholar.is eða í síma 430-3200.**



## Hjarta heimilisins

Við hönnum innréttningar að þínum þörfum



Mán. — Föst. 10—17  
Laugardaga 11—15

Fríform ehf.  
Askalind 3,  
201 Kópavogur.  
562—1500  
Friform.is.

## Ósabakki:

# Kjötmjöl notað til áburðar

– Sparað sér helming í notkun á tilbúnum áburði strax á fyrsta ári

**Sigurður Már  
Harðarson**  
smh@bondi.is

Ísak Jökulsson, kúabóndi á Ósabakka á Skeiðum, hefur á undanförnum tveimur árum gert tilraunir með notkun á kjötmjöli sem hráefni til áburðargjafar og telur sig strax á fyrsta ári hafa sparað sér um helming í kostnaði við kaup á tilbúnum áburði.

„Mestu magni kjötmjölsins dreifi ég með sanddreifara bara beint á túnin á haustin. Ég set á bilinu 800 kíló til 1,5 tonn á hektara. Svo erum við bróðir minn, Logi, með tilraun í gangi þar sem við blöndum saman mykju og mjöli,“ segir Ísak.

### Súr jarðvegur

„Fyrir tveimur árum var sumarið reyndar mjög gott þannig að það hefur spilað mikil inn í. En það má gera enn betur hér, held ég. Sýrustig jarðvegsins skiptir miklu máli og hér er meðalgildið um 5,5 sem er of súr jarðvegur. Ég hef kalkað mjög mikil en þetta tekur mörg ár að ná þessu í æskilegt ástand. Mig grunar að lífræni áburðurinn sé viðkvæmari fyrir sýrustigi jarðvegsins.

En jú, á fyrsta árinu gekk mjög vel með kjötmjölið og ég setti þá líka riflega af kjötmjölinu á landið, um eitt og hálf tonn á hektarann. Í því um 150 kíló af köfnunarefni á lífrænu formi, sem er ekki rokgjarn og gufar, því ekki upp svo glatt,“ útskýrir Ísak enn fremur.

### Tók 100 tonn á fyrsta ári

Ísak kom inn í búskapinn á Ósabakka árið 2020 þegar hann var að klára nám við Landbúnaðarháskólanum í búvísindum og búfræði, en hann situr einnig í stjórn Samtaka ungra bænda. Hann rekur búið með föður sínum, Jöklí Helgasyni, en á bænum er stunduð mjólkurframleiðsla, með um 50 mjólkandi árskýr, auk



Á Ósabakka á Skeiðum rekur Ísak Jökulsson kúabú með 50 mjólkurkum, auk nautakjötsframleiðslu, ásamt föður sínum, Jöklí Helgasyni.

Mynd / smh



Frá áburðartilraun bræðranna Ísaks og Loga Jökulssona, þar sem kjötmjöli og kúamyku er blandað saman til áburðargjafar.



Mynd / Ósabakki

nautakjötsframleiðslu. Jökull er einnig með sauðfjárbúskap, með tæplega 300 kindur með öllu. „Í raun var það sölumaður hjá Sláturfélaginu (SS) sem seldi mér

þessa hugmynd að nota kjötmjölið. Held það hafi verið frekar lítt áhugi hjá bændum að nota þetta hræfni. Ég hef verið í samvinnu við Orkugerðina sem framleiðir þetta

kjötmjöl og fyrirtækið er auðvitað í eigu SS og nokkurra annarra kjótafurðastöðva hérra. Ég tók 100 tonn strax á fyrsta ári.

Tilraunin er á nokkuð stórum skala, þetta eru 13 hektarar. Tvö tún, eitt tiltöluleg nýtt en lokað 2017 og eitt gamalt sem ekki hefur verið nýtt síðustu 50 árin. Tvö mismunandi tún og þrjár meðferðir á hvoru túni. Þetta er talsvert umstang á annasönum tíma en vel þess virði og sérstaklega þegar við verðum búnir að auka vinnuhagræðið við þetta,“ segir Ísak.

**Kemur ekki alveg  
í stað tilbúins áburðar**

„Í fyrra var sumarið skrýtið og ég held að niðurstöður séu ekki marktækar varðandi uppskeruna þá. Í tilraun okkar Loga mælum við allt vísindalega, en það er hluti af námi hans í búvísindum á Hvanneyri. Við tókum því fagnandi þegar Orkugerðin sýndi áhuga á að koma að þessum tilraunum. Það er alveg ljóst að þessi blanda virkar vel, en ég held að þetta komi ekki alveg í staðinn fyrir tilbúna áburðinn.

Ég er sjálfur með búvísindamenntun og hef mikinn áhuga á því hvernig hægt er að auka hagræðið í búskapnum og hagkvænni á allan hátt. Ég fór því bara beint á netið þegar ég hafði heyrт í sölmanninum hjá SS og stúderaði notkunarmöguleikana á kjötmjölinu. Svo talaði ég við Eirík Loftsson, jarðræktarráðunaut hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, sem gerði áburðarátlun fyrir mig.“

„Þetta er voðalega viðkvæmt mál alls staðar en þó er þetta elsta aðferð okkar til að gera jörðina frjósamari ...“

### Minni takmarkanir erlendis

Á Íslandi má ekki dreifa kjötmjölinu á beitilönd eða lönd sem notuð eru til föðurframleiðslu síðar en 1. desember árið áður, en þau eru nytjuð og skal landið þá friðað fyrir beit til 1. apríl í það minnsta. Slakað hefur verið á kröfum um notkun kjötmjöls sem voru mjög stífar í kjölfar þess að kúariðufaraldur geisaði á Bretlandseyjum á níunda og tíunda áratug síðustu aldar, sem rakinn var til smitaðra sláturafurða og kjötmjöls sem notað var í föður fyrir nautgripi. Sýnt var fram á tengsl kúariðu við hinn banvæna Creutzfeldt-Jakobssjúkdóm í mönnum.

„Staðreyndin er sú að þetta er notað sem áburður erlendis, þar sem víða eru minni takmarkanir á notkuninni en hér á landi,“ segir Ísak. „Venga meðhöndlunarinnar hér í Orkugerðinni á ekki að vera mögulegt að kúariðusmit berist með dýraleifum. Svo tekur fyrirtækið ekki heldur við heilum skrokkum jóturdýra til förgunar,“ bætir hann við.

### Hugðist nota seyruna

Við leit Ísaks á netinu á möguleikum lífræns hráefnis sem mætti nota sem áburð, fann hann skýrslu sem Matís gaf út um greiningu á magni lífrænna áburðarefna á Íslandi í lífrænum úrgangi.

„Þar kom fram að heildarmagn næringarefnanna væri í svipuðu magni og í innfluttrum tilbúnum áburði. Ég byrjaði bara að fara til Hveragerðisbæjar og athuga möguleikann á því að fá að nýta seyruna frá þeim og mér stóð til boða að fá 200 tonn þar. En síðan skoðaði ég hvort það myndi standast lög að nýta hana hreinsaða. Þá kom í ljós að það voru ákveðin vandamál á því, til dæmis þyrti að hvíla landið í heilt ár eftir að búið væri að plægja hana niður. Sem er í raun alveg galið. Mesta hættan af nýtingu á henni er talin vera af þungmálum, en eins og í Hveragerði þá er gildi þeirra þar tó sinnum lægri en viðmiðunargildin.

Hér eru fördómar gagnvart nýtingu á seyru, en slík notkun er algeng erlendis. Ég hef séð umfjallanir um notkun bandarískra garðyrkjubænda á seyru fyrir sína grænetmetisræktun. Þetta er löglegt þar, þó það sé ekki mikil auglýst. Þetta er voðalega viðkvæmt mál alls staðar en þó er þetta elsta aðferð okkar til að gera jörðina frjósamari.“

Ísak segir að ýmsir möguleikar séu í boði til betri nýtingar á öllum þessum lífræna úrgangi og næringarefnum sem renni til sjávar í dag. Hann bendir til dæmis að möguleika á lífkolagerð, úr seyrunni og öðru lífrænu hráefni, með „hydrokolaframleiðslu“ sem sé skilvirk leið til að nýta kolefninum sem best, auk þess sem gösin varðveitist einnig.

**RAFGEYMAR  
FYRIR VORVERKIN  
**TUDOR****  
Einn sá allra sterkasti í ræsikrafti!



**SKORRI**

SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Skorri ehf • Bíldshöfði 12 • 110 Rvk • 577-1515 • skorri.is

**www.bbl.is**



# Hrein íslensk fæðubót frá EYLÍF

Ókeypis heimsending á eylif.is ef keypt er fyrir 7000 kr eda meira

Eylif vörurnar fást í öllum apótekum, Hagkaup, Krónunni, Heilsuhúsinu, Fjárdarkaupum og Nettó



**Einar  
Bárðarson**

## Ég vil bara vera sprækur

Einar Bárðarson var farinn að finna fyrir verkjum í hnjam við áreynslu, til dæmis þegar hann gekk upp tröppur. Hann segir að Active JOINTS hafi hjálpað sér frá fyrsta degi og hann hafi því mikla trú á virkni þess.

„Fyrir um einu og hálfu ári las ég grein þar sem Hartmann reiðhjólamaður mælti með Active JOINTS frá EYLÍF sem bætiefni fyrir liðina. Ég ákvæð að prófa og fann mjög fljótt mikinn mun þannig að ég gæti að því að taka það inn daglega. Ef ég var kaerulaus og gleymdi að taka Active JOINTS í nokra daga fann ég mun á mér til verri vegar og passa því að sleppa ekki degi úr,” útskýrir Einar.

„Ég fann fyrir sting undir hnáskelinni í tröppum og þegar ég reyndi á mig. Þetta er ekkert alvarlegt en ef maður finnur til veigrar maður sér við að gera ýmislegt sem annars er auðvelt. Ég vil vera sprækur eins og ég á að mér að vera,” segir hann en Einar er þekktur fyrir að koma ýmsu í verk og er athafnasamur.

Einar segir að vissulega skipti það miklu máli að varan sé að öllu leyti íslensk. „Ég treysti íslenskum náttúrvörum vel og finnst óþarfi að flækja hlutina ef það er hægt að fá góða vörur sem er framleidd hér heima,” segir hann.

Eftir þá góðu reynslu sem hann hafði af Active JOINTS ákvæð hann að prófa líka Happier GUTS frá EYLÍF sem er sérhönnuð íslensk vara gerð til að styrkja meltingarkerfið. „Það var sama með Happier GUTS, ég fann fljótt baetta líðan. Betri melting sem skilar sér í allar áttir í kroppnum. Þannig að ég hef tekið Happier GUTS nánast óslitið síðan ég kynntist vörunni. Ég get mælt með Active JOINTS og Happier GUTS frá EYLÍF þar sem þær vörur hafa reynst mér vel,” segir hann.

Einar er önnum kafinn maður með ýmislegt á prjónunum. Til dæmis heldur hann úti vinsælum hlaðvarpsþáttum, Einmitt, sem hafa verið í loftinu frá árinu 2022. „Ég nýr þess að eiga samtöl við fólk sem ég hef mætur á og vil jafnvel kynnast betur, ekki er verra að geta síðan deilt því áfram og framleitt þætti sem fólk hefur gaman af að hlusta á. Það er bara frábært,” segir hann. „Viðtökurnar hafa farið fram úr öllum væntingum og mér hefur þótt rosalega vænt um það.”

Fram undan er landsmót utanvegahlaupara sem nefnist Hengill Ultra Trail en EYLÍF er einmitt styrktar-aðili hlaupsins. „Ég kom inn í þetta verkefni árið 2017 en á stuttum tíma hefur það sprungið út þrátt fyrir Covid og alls lýns uppákomur. Keppendur í ár verða um það bil 1500, bæði innlendir og erlendir, þar á meðal eru um 150 erlendir hlauparar frá þjártíu löndum. Hveragerði mun því breytast í alþjóðlega hlaupaborg yfir helgina 7. – 8. júní. EYLÍF mun færa keppendum í öllum greinum sem komast á pall verðlaunagjafir,” greinir hann frá.

Einar segist vel geta mælt með Active JOINTS fyrir alla hlaupara. „Ég hef heyrт ánægju með vöruna frá mörgum hlaupurum,” segir hann. Þegar Einar er spurður hvort hann sé sjálfur duglegur að hreyfa sig, svarað hann: „Það fer nú eftir því hvern þú spyrð en liklegast er alltaf tækifaði til að gera betur.”

## Vörulínan frá EYLÍF

Vörulínan EYLÍF býður upp á fimm vörur, Active JOINTS, Stronger BONES, Smoother SKIN & HAIR, Happier GUTS og Stronger LIVER, allt vörur sem hafa reynst fólk vel.

Vörurnar eru unnar úr hreinum, íslenskum hráefnum, engum aukaefnum er bætt við og framleiðslan er á Grenivík.

„Vinsælasta varan er Active JOINTS sem inniheldur fjögur íslensk næringarefni og margra ára rannsóknir sýna fram á staðfestu virkni þeirra. Við vöndum til verka og sækjum í sjálfbærar auðlindir úr sjó og af landi. Við notum hreina, íslenska náttúrufurð, hrein hráefni sem eru framleidd af viðurkenndum íslenskum framleiðendum.”

Íslensku hráefnum sem notuð eru í allar EYLÍF vörurnar eru:

- Kalkbörningar frá Bíldudal
- Smáþörningar (Astaxanthin) frá Reykjanesbæ
- GeoSilica kísill frá Hellisheiði
- Kollagen frá Grindavík og Sauðárkrúki
- Kitósan frá Siglufjörði
- Íslenskar jurtir handtínder frá fjölskyldufyrirteki í Hafnarfirði



## Gerir lífið mitt auðveldara

Brenda Pretlove sjúkraliði hefur tekið inn Active JOINTS frá EYLÍF til að minnka óþægindi í líðum sem hafa fylgt slitgigt hjá henni. Hún segist finna mun til hins betra eftir að hún kynntist vörunni.

„Ég hef glímt við slitgigt í mörg ár en þeim fylgdu mikilri liðverkir. Ég er öflug hestakona og fer daglega í hesthúsið þar sem ég er með þrjá hesta. Þar kyntist ég Ólöfu Tryggvadóttur sem framleiðir Active JOINTS og hún hvatti mig til að prófa vöruna. Ég gerði það og Active JOINTS hefur hentat mér einstaklega vel. Þótt það lækni ekki gitgina getur það haldað óþægindunum niðri og mér líður betur eftir að ég fór að taka Active JOINTS regulega,” segir Brenda. „Það er alveg klárt að þetta hjálpar mér,” bætir hún við. „Ég tel að það sé engin spurnig að fæðubótarefni geta hjálpað fólk með slitgigt.”

Brenda segir að hún hafi verið með verki í fingrum og slæm í annarri mjöðminni en Active JOINTS hafi algjörlega bjargað henni. „Mér finnst líka alveg frábært að þetta er íslensk vara unnin úr íslenskum hráefnum,” segi hún. „Önnur dóttir mía er líka að taka inn Active JOINTS með góðum árangri og er áskrifandi að vörunni og fær hana heimsenda.”

Brenda segist bæði hafa prófað Stronger BONES og Happier GUTS frá EYLÍF og hafi mikla trú á þessum vörum. „Ég get mælt 100% með vörunum frá EYLÍF,” segir hún.





Micropia er forvitnilegt almenningssafn, rannsóknar- og kennslustofnun, tileinkuð örverum og örverufræði, í miðborg Amsterdam.

Mynd / Micropia


Vísindi:

## Prívíddarprentaður heilavefur

Vísindamenn hafa þróað þríða lífprentun sem formar virkan mennskan taugavef.

Greint er frá því í Scientific European að stofnfrumur í þrívídarprentruðum vefjum vaxi og myndi taugahringrásir og stafrænar tengingar við aðrar taugafrumur. Þannig líki þær eftir náttúrulegum heilavef. Slíka lífprentaða taugavefi sé hægt að nota til að búa til líkana af sjúkdónum í mönnum, svo sem Alzheimer, Parkinsons o.fl., sem orsakist af skerðingu á taugakerfi. Segja vísindamennirnir að allar rannsóknir á heilasjúkdónum krefjist aukins skilnings á virkni taugakerfa manna.

Þríð lífprentun er ferli þar sem náttúrulegu eða tilbúnu lífefni (e. bioink) er blandað saman við lífandi frumur og prentað, lag fyrir lag, í náttúrulega vefi líkt og í þrívídarprentruðum. Frumurnar vaxa í lífblekinu og hið prentaða þróast þannig í átt að því að líkja eftir náttúrulegum vefjum eða líffærum. Mennskur taugavefur hefur



Skýringarmynd af þríðri prentun taugavefja. Lifefni, lifandi frumur og ráðstjórnun eru helstu þættir lífprentunar.

Mynd / ResearchGate

áður verið þrívídarprenthaður með stofnfrumum en þá vantaði m.a. tauganetsmyndun sem nú hefur verið leyst með því að stafla prentuðum lögum ekki lóðrétt heldur lárétt, sem sagt er gera gæfumuninn.

Petta þykir áhugaverð framför fyrir rannsóknir á taugakerfi manna.

/sá

Bandaríkin:

## Hveitiframleiðendum fækkar

Fjölda hveitiframleiðenda í Bandaríkjum hefur fækkað um 40% á tuttugu árum samkvæmt upplýsingum frá bandarískra landbúnaðarráðuneytinu.

Árið 2002 var heildarfjöldi hveitiframleiðenda 169.528 talsins en voru orðnir 97.014 árið 2022. Á sama tíma hefur framleiðslan minnkað ár frá ári og hektarafjöldi ræktunarsvæða jafnframt dregist saman. Framleitt var á 56 milljónum hektara árið 2008-2009 en hektarafjöldinn var kominn niður í 35,5 milljónir árið 2022-2023.

Fram kemur í frétt miðilsins Successful Farming að ástæður samdráttar í hveitiframleiðslu séu m.a. raktar til minni notkunar hveitis í skiptiræktun sem eru að verða undir gagnvart verðmætari afurðum svo sem maíss og soja.

Pannig hefur arðbærni maíss tvöfaldast á milli áranna 2017 og



Hveiti var framleitt á 35,5 milljónum hektara í Bandaríkjum í fyrra.

Mynd / Darla Hueske

2022 á meðan hún óx aðeins um rúma two dollara að raunvirði í hveitiframleiðslu.

Flestir hveitiframleiðendur eru staðsettir í Kansas-ríki, Norður-Dakota og Ohio.

/ghp

## Safn örveranna

Í Amsterdam í Hollandi má finna eina örverusafn heims sem opið er almenningu og sýnir veröld hins smásæja örverulífs.

Safnið, Micropia, var opnað árið 2014 og er í miðborginni, skammt frá einum elsta grasagarði heims, Hortus Botanicus, sem stofnaður var 1638. Örverur eru örsmaðar lífverur, m.a. bakteríur, sumir sveppir, þörungar og veirur, sem eru ósýnilegar berum augum. Þær eru alls staðar í umhverfi okkar, jarðvegi, lofti, vatni og á og í líkónum manna og dýra.

### Kennslusafn fyrir unga og aldna

Micropia hefur það markmið að auka meðvitund almennings um hinn smásæja heim örveranna og áhrif þeirra á mannlégt líf og umhverfi. Jafnframt er sjálfbærni og umhverfismæðvitund höfð í hávegum og til dæmis dregið fram hið mikilvæga hlutverk sem örverur gegna í vistkerfum, matvælaiðnaði og meðhöndlun úrgangs.

Boðið er upp á ferðalag inn í þennan heim og lögg áhersla á fjölbreytni örvera, hegðun þeirra og tilgang. Safnið er gagnvirk og geta gestir skoðað og rannsakað

/sá

## Sláttutraktorarnir frá Cub Cadet eru mættir



**PÓR**

Með þér í meira en 60 ár

Reykjavík, Akureyri og Selfossi

Thor.is s: 568 1500



## Fundarboð Aðalfundur 2024

bænda  
PERÐIR

hey  
ISLAND

Stjórn Ferðapjónustu bænda hf. hefur ákveðið að boða til aðalfundar þriðjudaginn 7. maí 2024, kl. 13:00. Fundurinn verður haldinn í Bragganum, Nauthólsvegi 100, 102 Reykjavík.

### Á dagsskrá fundarins verða:

1. Venjuleg aðalfundarstörf skv. 15. gr. samþykkt.
2. Tillaga um starfskjarastefnu
3. Tillaga um kaup á eigin bréfum.
4. Önnur mál.

Þeir sem hyggjast gefa kost á sér til setu í stjórn skulu tilkynna það skriflega til stjórnar félagsins að minnsta kosti fimm sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar. Tilkynnt verður um framboð tveimur sólahringum fyrir upphaf aðalfundar á skrifstofu félagsins. Dagskrá, endanlegar tillögur, svo og ársreikningur félagsins munu liggja frammi á skrifstofu félagsins hluthöfum til sýnis tveimur vikum fyrir aðalfund. Atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent á aðalfundardaginn frá kl. 12:30 á fundarstaði.

Reykjavík, 19. apríl 2024  
Stjórn Ferðapjónustu bænda hf.

[www.bbl.is](http://www.bbl.is)

# MÆLTU MEÐ TIL FORSETAKOSNINGA NOTAÐU VALD ÞITT

Forsetakosningar  
1. júní 2024

## Hvað einkennir Sigríði Hrund?

- Mennska
- Opið hjarta
- Heiðarleiki
- Rétsýni
- Glaðlyndi
- Þolgæði



Mæltu með mér  
Veittu mér brautargengi



## 1500 fræ

Meðmæli eru frækorn. Við erum að sé og fjárfesta til framtíðar. Við munum enn fremur uppskera eins og við sáum. Ef við sáum þeirri hegðun að frambjóðendur verði að vera þekkt andlit, með reynslu úr pólitík eða opinberri þjónustu – þá uppskerum við eftir því. Umsóknarkröfum ætti þá að breyta til samræmis hið snarasta sem og heiti starfsins. Embætti fyrir útvalda. Embætti fyrir fræga. Embætti fyrir völd og pólitík.

Sé aftur á móti embætti forseta Íslands eina sameiginlega embætti þjóðarinnar er ráðlegt að koma þannig fram við það. 1500 meðmæli eru fræ til framtíðar. Við erum að kenna okkur og börnunum okkar að við eigu öll jöfn tækifæri á Íslandi. Við eigu að sækja til að skapa nýja siði og venjur, vera óhrædd, áræðin, upplitsdjörf og aldrei gefast upp. Taka glaðlega og vel á móti þeim sem standa upp og sækja, hrósa, hvetja og veita framögöngu þeim sem hafa fyrir því. Fram fram aldrei að víkja, fram fram bæði menn og fljóð.

Frægð og frami teljast ekki til hæfniþátta ein og sér og eru alls ekki það sem þarf til að sinna starfi forseta lýðveldisins. Fyrri störf duga skammt – starfið er ólíkt öllum öðrum og með einstakt starfsumhverfi. Það þarf ofgnótt af mennsku til að sinna starfi forseta Íslands. Það þarf opið hjarta, rétsýni, heiðarleika, glaðlyndi og þolgæði. Mannkosti. Val er vald. Veljum að iðka lýðræði, tjáningarfrelsi og jafnræði með því að breiða út blævæng tækifæranna og hleypa fjölbreyttum röddum að til meðmæla. Fjárfestum í framtíð Íslands - uppskeran verður gjöful og okkur öllum til gæfu og giftusemi.

Mæltu með frambjóðanda sem hefur ekki náð meðmælendafjölda nú þegar, nýttu vald þitt og sáðu fræi til framtíðar.

Samvinna

[www.sigridurhrund.is](#)

Fylgdu Sigríði Hrund á samfélagsmiðlum @fruforseti



Samstaða

Land og skógur:

# Vöktun íslenskra skóga viðamest

– Vistkerfi blandaðra og misgamalla skóga rannsakað

**Steinunn Ásmundsdóttir**  
steinunn@bondi.is

Á svíði rannsókna og þróunar hjá Landi og skógi eru fjölmög verkefni og þeirra stærst að halda utan um úttekt á íslenskum skógum.

Verkefnum í rannsóknum og þróun innan stofnunarinnar má skipta í hagnýt rannsóknarverkefni til að tryggja góðan og hagkvæmdum árangur í verklegum framkvæmdum tengt landgræðslu og skógrækt. Þá eru grunnrannsóknir til að byggja upp almenna þekkingu sem getur nýst síðar sem hagnýt þekking. Síðan eru vöktunarverkefni sem gjarnan eru hluti af upplýsingagjöf til stjórnvalda og fylgjast með breytingum, t.d. á vistkerfum sem stundum kalla á viðbrögð, t.d. ef nýr skaðvaldar finnast sem geta valdið skemmdum á gróðri.

## Íslensk skógarúttekt

Brynjar Skúlason stýrir svíði rannsókna og þróunar. Hann segir verkefni sem falla undir svíðið mjög fjölbreytt en fyrst og fremst sé hans hlutverk að greiða úr málum sem upp koma frá degi til dags, bæði faglegum málum og þeim sem tengist rekstrinum. Mestu skipti að starfsfólk sviðsins hafi umhverfi og aðstæður til að skila góðri vinnu og hlutverk sviðsstjóra sé að uppfylla það með fólkini.

„Stærsta einstaka verkefnið er Íslensk skógarúttekt sem metur vöxt og viðgang íslenskra skóga og metur m.a. framlag skógganna til kolefnisbindingar,“ segir Brynjar og útskýrir að það haldu utan um dreifingu skógganna um landið, hversu hratt þeir vaxi, og segi til um skógræktarskilyrði um land allt.

„Mat á kolefnisbindingu íslenskra skóga er mikilvægt að þekkja fyrir loftslagsbókhald Íslands og liður í upplýsingagjöf til stjórnvalda til að uppfylla



Hjörðís Jónsdóttir hjá Landi og skógi við mælingar á alaskaösp í íslensku skógarúttektinni. Mynd /Björn Traustason

## Land og skógur – svíð rannsókna og þróunar:

- Heilbrigði, sjúkdómar og skaðvaldar.
- Erfðafræði og erfðaaðlindir.
- Teymi hringrásar næringarefna í samvinnu við svíð endurheimtar vistkerfa og svíð ræktunar og nytja.
- Teymi loftslags í samvinnu við svíð sjálfbaðarr landnýtingar.
- Teymi vöktunar í samvinnu við svíð sjálfbaðarr landnýtingar.
- Aðferðir við endurheimt í samstarfi við svíð endurheimtar vistkerfa.
- Vistfræði.
- Kolefnismál í samvinnu við önnur svíð.
- Íslensk skógarúttekt.
- Hagfræði landgræðslu og skógræktar.
- Flokkun birkiskóga.
- Rannsóknarstofur.
- Fræðsla og rádgjöf.

alþjóðlegar skuldbindingar. Nýræktun skóga og aukin útbreiðsla náttúrulegra birkiskóga er mjög

stórvirk leið til að binda kolefni úr andrúmslofti og draga úr hnattrænni hlýnum,“ segir Brynjar.



VATNSVIRKINN

## LÍFRÆN SKOLP HREINSISTÖÐ

- Stöðin kemur samsett og tilbúin til uppsetningar
- Hátt hreinsunarstig
- Lyktarlaus
- Einfold uppsetning
- Ekki þörf á siturlögnum
- Möguleiki á fjartengingu við upplýsingakerfi



Brynjar Skúlason.

fræktar. „Við erum nálagt því að geta framleitt hérlandis frá af öllum helstu trjátegundum sem eru mikilvægar fyrir skógrækt á Íslandi. Með bætti aðstöðu til frekari fræktar innandyra fyrir lerki verður þessu markmiði náð,“ segir hann.

**Ný rannsókn á vistkerfi blandaðra skóga**

Nýhafið er umfangsmikið rannsóknarverkefni á vistkerfi skóga sem innihalda mismunandi trjátegundir og eru á mismunandi aldri, með áherslu á líffjölbreytni. Brynjar segir aukna áherslu verða á líffjölbreytni tengda ræktun og endurheimti vistkerfa í framtíðinni og rannsóknarstarf muni taka mið af því. „Ræktaðir skógar eru víða að komast í nytjastærð,“ segir hann og heldur áfram: „Um þá þarf að hirða til að úr þeim verði verðmæti. Þróun í umhíðu og úrvinnslu skógganna mun því fá sífellt aukinn sess í framtíðinni og nýliðin Fagráðstefna skógræktar á Akureyri fjallaði einmitt um skógin sem fjölbreytta auðlind og er það ef til vill tímanns tákna,“ segir hann jafnframt.

**Frá örfta landi í algróið**

„Það er markmið svíðs Rannsókna og þróunar að afla þekkingar og miðla henni, um landgræðslu og skógrækt, sem nær frá verkefnum á örfta landi yfir í að skila landinu algrónu með fjölbreyttum gróðri, allt eftir því hvert markmiðið er á hverjum stað. Við munum gera okkar besta til að miðla nýjum upplýsingum milliliðalaust til almennings og hagaðila eins og bænda gegnum ráðgjafana sem starfa um land allt, gegnum inmlendar ráðstefnur og vefsíðu Lands og skógar,“ segir Brynjar.

Hann segir Land og skóg nýja stofnun á gömlum grunni. Sameiningin gefi tækifæri til naflaskoðunar á hvort stofnunin forgangsraði rétt í rannsóknarverkefnum og geri gagn. „Allar fyrirspurnir og ábendingar um hvernig gera má betur í rannsóknum og miðlun upplýsinga í landgræðslu og skógrækt eru velkomnar og sama gildir um áhugasama samstarfsaðila,“ segir Brynjar að endingu.

## Vortilboð

*Steinar úr graníti.*

*Tilboð 1-5, val um grátt eða svargrátt.  
Allt innifalið samkvæmt myndum,  
uppsæting á höfuðborgarsvæði  
og Norðurlandi fylgir eða  
frí sending um allt land.  
Geymum steina ef óskað er.*

**Tilboð 1 - 640.000**

**Án blómaramma  
530.000**



**Tilboð 2 - 565.000**

**Án blómaramma  
455.000**



**Tilboð 3 - 460.000**

**Án blómaramma  
360.000**



**Hægt að setja 2 nöfn**

**Tilboð 4  
185.000**

**230.000  
með lukt  
og ledljósi**



**TILBOÐ 6**

**Demanter - passar líka á duftleiði  
149.000 (199.000 með lukt)**



**Svartur**

**Paradiso**

**Tilboð 5  
185.000**

**230.000  
með lukt  
og ledljósi**



**Blár**

**Grár**

Háskólinn í Reykjavík:

# Steypan í Þverárrétt rannsökuð

Úlfheiður Embla Ásgeirs dóttir framkvæmdi rannsókn á gæðum steypunnar sem notuð var við byggingu Þverárréttar við lokaverkefni sitt í byggingartækni fræði við Háskólan í Reykjavík.

Réttin byrjaði að brotna mjög fljóttlega niður eftir byggingu og segir Úlfheiður hana núna nánast að hruni komna. Upphaflega ætlaði hún að finna arðbærar lausnir til úrbóta á fjárréttinni, enda séu þessi mannvirkni mikilvægur hluti af menningararfí Íslands, en ekki gafst tími til þess.

## Portlandsement frá Akranesi

Þverárrétt var reist árið 1960, sem var á upphafsárum Sementsverksmiðju ríkisins á Akranesi. Þar var framleitt portlandsement miðað við þær krófur sem voru í Danmörku á þeim tíma en engin reynsla af endingu þess í íslensku umhverfi.

Stór hluti verkefnisins var gagnaöflun þar sem rætt var við menn sem höfðu tekið þátt í byggingu réttarinnar á sínum tíma. Þá leitaði Úlfheiður jafnframfari fanga í Héraðsskjalasafni Borgarfjarðar. Að auki voru tekin sýni og send til rannsókna. Réttin sé líklegast með steypu sem sé einkennandi fyrir bennan tíma, þótt blöndunarhlutföllin, fylliefni og vinnuaðferðirnar hafi verið mismunandi.



Úlfheiður Embla Ásgeirs dóttir segir mikilvægt að velja gott fylliefni í steinsteypublöndur og sinna viðhaldi.



Tekin voru sýni og send í greiningu. Þá tók Úlfheiður viðtöl við menn sem tóku þátt í byggingu fjárréttarinnar.

## Steypan líklega alkalívirk

Úlfheiði fannst vanta afgerandi svar við því hvers vegna niðurbrot steypunnar er eins mikið og það er. Það hafi komið í ljós að það var samspil margra þátta og ekki hægt að benda á einhvern einn sem afgerandi. Þá sé talið líklegt að steypan sé alkalívirk, en ekki hafi gefist fær í að senda sýni í nákvæma greiningu á því. Margt sé hægt að læra af rannsókninni, en hún sýni mikilvægi þess að velja gott fylliefni í steinsteypublöndu og hversu mikilvæg aðhlyning steypu sé eftir útlagningu hennar.

Úlfheiður útskrifaði sem húasmiður frá FVA árið 2018 og starfaði við þá iðn í Borgarfirði áður en hún hóf grunnnám í byggingartækni fræði við Háskólan í Reykjavík.



Veggirnir í Þverárrétt í Borgarfirði byrjuðu að brotna niður fljóttlega eftir byggingu.

Myndir / Aðsendar

## SAVAGE ARMS

Savage MK II FXP 22 cal sjónauki 3-9x40	<b>kr 79.900</b>
Savage 93R17 GVXP 17 HMR	<b>kr 99.900</b>
Savage 110 APEX PREDATOR XP Sett Sjónauki 4-12x Vortex cal 223-243-6.5 creed cal 308. Fötur, Deylir sonic	<b>kr.234.900</b>
Savage Stevens 334 Hnota cal 243 og 6.5 creed	<b>kr. 112.900</b>
Savage Mark II FVXP 22cal með 3-9x sjónauka þungu hlaupi	<b>kr. 89.900</b>
Savage B22 FV-SR cal 22, 17 HMR m/rail og snittaður	<b>kr. 89.900</b>

**Vesturrost**

Sérverslun veiðimannsins - Laugavegi 178 - sími: 551 - 6770 - www.vesturrost.is



Verknámið blómstrar í skólanum og mun léttu á öllu því starfi með nýju verknámshúsi.

Fjölbautaskóli Norðurlands vestra:

# Nýtt verknámshús byggt á Sauðárkróki



að stunda nám í húasmíði, rafvirkjun, vélvirkjun, vélstjórn A, vélstjórn B, bifvélavirkjun og kvíkmyndagerð auk náms í meistaraskóla, en það nám er í boði í gegnum fjarfundabúnað, sem þýðir að nemendur koma viða að af landinu.

Porkell V. Þorsteinsson.

Loks er boðið upp á nám í íþróttakademíu í fótbalta og körfubolta, auk náms í hestamennsku, bæði til hestaliða- og stdúentsprófs. Þá eru FNV og Landbúnaðarháskóli Íslands í samstarfi sem miðar að því að nemendur eigi kost á brautskráningu með stdúentsprófi frá FNV og búfræðiprófi frá Lbhí.

Auk ofangreindra iðn- og starfsnámsgreina hefur skólinn af og til boðið upp á nám í hársnyrtiðn, slátrun, fisktaekni í samvinnu við Fisktaeknikskóla Íslands og trefjaplastsmíði en það nám er samvinnuverkefni FNV, Samtaka iðnaðarins og Samgöngustofu.

## Gott samstarf við atvinnulífið

Porkell segir að skólinn hafi alla tíð kappkostað að eiga gott samstarf við atvinnulífið eins og sést á námsframboði skólangs sem ekki falla undir hefðbundið námsframboð.

„Til marks um þessa viðleitni okkar þá er námsbraut í matvælafræði á lokametrum samþykktarferlis hjá mennta- og barnamálaráðuneytinu. Þá er skólinn í góðri samvinnu við byggingafyrirtæki sem hafa séð skólanum fyrir verkefnum í húasmíði. Stjórnendur og starfsfólk skólangs horfa því björtum augum til framtíðar og hlakka til að takast á við ný verkefni sem fram undan eru,“ segir Porkell. /mhh

Stúdentspróf frá FNV og búfræðipróf frá Lbhí

Við skólan er hægt, auk hefðbundins náms til stúdentsprófs,

# EKKI ÓTTAST RIGNINGUNA

Lindab þakrennur eru bæði endingargóðar og fallegar

Skoðaðu úrvalið á [limtrevirnet.is](https://limtrevirnet.is)

- Áratuga reynsla við íslenskar aðstæður.
- Auðvelt í uppsetningu.
- Fjölbreytt úrval lita í boði
- Allar helstu einingar á lager.





Frænkurnar Una Björt Valgarðsdóttir og Viktoría Huld Hannesdóttir léku listir sínar á gæðingunum Öglu frá Ási 2 og þin frá Enni.  
Myndir / Henk Peterse



Sigurlið Meistaradeildar í hestaíþróttum, lið Hestvits/Árbakka, voru með atriði. Hér eru þau Glódís Rún Sigurðardóttir og Pierre Sandsten Hoyos á gráum gæðingum, Breka frá Austurási og Tristani frá Stekkhólum.



Páll Bragi Hólmarsson sýndi Vísi frá Kagaðarholi við mjög góðar undirtektir.

## Safnað fyrir Einstök börn

Stóðhestaveisla Eiðfaxa var haldin 13. apríl í HorseDay-höllinni á Ingólfshvoli fyrir fullu húsi áhorfenda.

Hin árlega stóðhestasýning er gjarnan nýtt til fjárlunar fyrir góð málefni og í ár varð fyrir valinu Einstök börn, stuðningsfélög barna og ungmenna með sjaldgæfa sjúkdóma eða sjaldgæf heilkenni. Söfnunin fer að mestu leyti fram á viðburðinum sjálftum þegar boðnir eru upp folatollar og seldir eru happdrættismiðar, sem gefa möguleika á flugmiðum og folatollum. Ænn er hægt að kaupa happdrættismiða gegnum netfangið maggiben@gmail.com en dregið verður út þann 1. maí. Meðfylgjandi eru myndir af sjónarspili Stóðhestaveislunnar fangaðar af ljósmyndaranum Henk Peterse.



Heiðurshestur sýningarinnar var Spuni frá Vesturkoti. Fyrir hans hönd mættu afkvæmi hans, Guttormur frá Dallandi, Herkúles frá Vesturkoti, Ísbjörg frá Blesastöðum og Kamma frá Margrétarhofi. Á myndinni tekur Hulda Finnsdóttir, eigandi Spuna, við viðurkenningu frá Þorvaldi Kristjánssyni, hrossaræktarráðunauti hjá RML.



Steinn frá Stíghúsi og Þorgeir Ólafsson skortuðu svörtu og hvítu til heiðurs KR-ingum og hljómaði stuðningslag félagsins í hljóðkerfinu. Ræktandi Steins, Guðbrandur Stigur Ágústsson, er mikill KR-ingur og hafði lengi dreymt um að koma fram með hest frá sér í KR-litunum og knapann hátiðarklæddan í vel straujaðri KR-treyju.



Súlur  
stálgrindarhús  
fyrir atvinnu-, iðnaðar- og  
íbúðarverkefni

**ALLT FRÁ  
FYRSTU  
HUGMYND AÐ  
FULLBÚNU HÚSI**

- ▶ Hönnun og ráðgjöf
- ▶ Framleiðsla
- ▶ Uppsetning
- ▶ Verkefna- / byggingastjórn

kristjan@sulurehf.is

www.sulurehf.is

669 0803



Ellert, hinn einstaki, frá Baldurshaga með knapa sínum, Hönnu Rún Ingibergsdóttur. Ellert var fyrsti íslenski hesturinn í heiminum til að bera ýruskjóttu litinn.

**Eignatorg býður sérhæfða þjónustu  
við verðmöt og sölu á bújörðum  
og öðru landi með eða án rekstrar.**

Við byggjum á áralangri reynslu á því sviði.

Björgvin Guðjónsson, búfræðingur

og löggið fasteignasali,

s. 510-3500 eða 615-1020, bjorgvin@eignatorg.is

**Eignatorg**

Syðsta-Mörk, 861 Hvolsvöllur



# Stóðhestastöðin Hjarðartúni

Eftirtaldir stóðhestar verða í sæðingum og húsnotkun í Hjarðartúni sumarið 2024

Skráning hryssna og upplýsingar á heimasíðu Hjarðartúns – [hjardartun.is](http://hjardartun.is)

Nánari upplýsingar um notkun í síma 883-3660 eða [info@hjardartun.is](mailto:info@hjardartun.is)

Dýralæknaþjónusta - Hestadýralæknar ehf



Sindri frá Hjarðartúni



Vísir frá Kagaðarholi



Safír frá Mosfellsbæ



Seiður frá Hólum



Feykir frá Stóra-Vatnsskarði



Ölur frá Reykjavöllum



Dofri frá Sauðárkróki



Frosti frá Hjarðartúni



Petrina Pórunn Jónsdóttir segir svínabúskap ánægjulegan á allan hátt, allt frá fóðurframleiðslu að kjötvinnslu.

Myndir / ghp

## Svínarækt:

# Hispurslaus brautryðjandi

Hún er hugsjónakona, sjálflærð í kjötiðnaði, rómuð fyrir pitsugerð, fimm barna móðir og svínabondi. Petrina Pórunn Jónsdóttir er nýr stjórnarmeðlimur Bændasamtaka Íslands og ætlar að beita sér fyrir skýrari merkingum matvæla.

**Guðrún Hulda Pálsdóttir**  
gudrunhulda@bondi.is

Petrina Pórunn er fædd á Dalvík en alin upp í Hafnarfirði. Hún segist vera með meðsætt flókkueðli, hefur búið víða og leiðist í þéttbýli. „Ég eyddi öllum sumrum hjá ömmu og afa á Dalvík og vann í fiskvinnslunni þar frá þrettán ára aldri. Ég hef reyndar unnið í fiski víða síðan þá, bæði á Hornafirði, í Keflavík og á Grundarfirði.“

Árið 2002 kynntist hún svínabón丹um Björgvinum Þór Harðarsyni á barnum Dubliner, þeiri annáluðu knæpu. Hún flutti fljótt til hans í Laxárdal í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, með dætur sínar

tvær og eiga þau Björgvin samtals fimm börn á aldrinum 15 til 32 ára.

### Vantaði álegg og reisti kjötvinnslu

Petrina og Björgvin eru atorkumanneskjur. Á fyrstu búskaparárum þeirra áraði illa, enda afurðaverð á svínakjöti þá í mikilli lægð og tekjur af búskapnum nær engar. „Við urðum að finna okkur tekjulind, sem hægt væri að sinna á örðrum tínum en búskapnum,“ segir Petrina.

Hafandi starfað lengi við pítsubakstur á veitingastað bróður síns datt henni í hug að opna Pizzavagninn, færnanlegan veitingastað sem flakkaði millistaða í uppsveitunum. Hugmyndin var að bjóða upp á pítsur með íslensku hráefni. „Ég hef alltaf verið

„Fyrst ég fann þetta hvergi, ákvað ég að búa til mína eigin ...“

matarmegin í lífinu, vil gera vörur sem mér þykja góðar. Ég er líka afskaplega lélegur sölumaður og því skiptir mig miklu máli að hafa allt hráefni bragðgott,“ segir Petrina.

Hún sótti því álegg á pítsurnar til bænda í sveitinni; tómata, paprikur, sveppi og slíkt og kjöt. En þegar tollar voru felldir niður á svínakjöti og innflutningur jökst verulega átti hún í stökustu vandraðum með að finna skinku sem eingöngu væri úr íslensku kjöti.

„Ég gat hvergi keypt slíka vörur. Framleiðendum áleggja fannst þetta ekki skipta máli en var algjört grundvallaratriði fyrir mig. Fyrst ég



Petrina vinnur kjöt alla virka daga vikunnar. Á þriðjudögum aðstoðar eiginmaðurinn, Björgvin Þór Harðarson.



Nýjar goteildir voru teknar í notkun í Laxárdal árið 2021. Þar líður gyltum og grísum vel.

fann þetta hvergi, ákvað ég að búa til mína eigin.“

Úr varð að Petrina ákvað að opna sína eigin kjötvinnslu. Verkunina lærði hún upp á eigin spýtur. „Ég horfði á mikil Þoutube-myndböndunum og leitaði til góðra kjötiðnaðarmanna,“ segir hún hlæjandi en öðlaðist einnig gagnlega færni í námi Matvælabrúar hjá Háskólaþingi Suðurlands.

Áður en langt um leið hofðu þau hjón fest kaup á öllum tækjum kjötvinnslu sem var að leggja upp laupana, festu sér tvö bil í nýju iðnaðarhúsnæði í Árnesi og settu upp fullbúna kjötvinnslu sem hefur verið starfandi þar frá árinu 2018.

Björgvin er húsamfíðameistari og Petrina alvön fiskvinnslukona. Hæg voru því heimatökin. „Ég kann að saga og bryna, hún kann að snryta og skera,“ skýtur Björgvin inn í hlæjandi. Kjötvinnslan framleiðir um áttatið mismunandi vörur undir vörumerki þeirra, Korngrísl frá Laxárdal. Til dæmis marineraðar steikur, beikon án sykurs, álegg, skinkur og kefur, jafnvel sápur. Allir hlutar svínsins eru nýttir á einn eða annan hátt.

Petrina starfar í kjötvinnslunni alla virka daga, Björgvin tekur þátt á þriðjudögum. Aðra daga er hann upptekinn við aðrar annir, svínabúskapinn og kornræktina, hvar hann er stórtækur frumkvöðull. Þannig ræktar hann allt bygg í fóðri svínanna og þarf búið því ekki að treysta á innflutt fóður. Helgarnar hafa svo verið nýttar í Pizzavagninum.

Hjónin selja vörur sínar í verslun sem staðsett er í kjötvinnslunni en eru enn fremur með vörurnar í ýmsum smáverslunum, bakaríum og veitingastöðum. Þeim telst til að um tíu prósent kjötfrahleðslu þeirra fari í þeirra eigin vinnslu, hjá Korngrísl, annað leggja þau inn til Slátturfélags Suðurlands.

### Tuttugu ára flatbóku-ævintýri á enda

Tvö kvöld í viku og allar helgar ársins hafa hjónin svo, með liðsinni barnanna þegar þau hofðu getu til, ferðast með Pizzavagninn hist og her um uppsveitir Suðurlands og vakið verðskuldaða athygli fyrir pítsurnar

sínar. En nú, eftir tuttugu ár, hafa þau tekið ákvörðun um að hætta starfsemi Pizzavagnsins.

„Þetta er komið gott. Við bara nennum þessu ekki lengur,“ segja þau hlæjandi og eru börnini hvað fegnust ákvörðuninni. „Nú fá þau loksns tíma með okkur.“

Uppeldi fimm barna ofan á annir sem fylgja svínaeldi, kornrækt og kjötvinnslu hefur verið krefjandi en hjónin segja lykilinn að farsælu samstarfi bæði í lífi og starfi vera hina gullnu venju um einn hvíldardag í viku. „Við vinnum aldrei á sunnudögum og erum þá saman sem fjölskylda,“ segir Petrina en hikar svo og viðurkennir að þessari reglu fylgi frávik þegar kornsáning og bresking fari fram. Aldrei nein lognmolla.

### Bauð sig fram í hagsmunagæslu bænda

Nema hvað. Nú þegar ævintýri Pizzavagnsins er lokið hefur Petrina snúið sér að örðrum verkefnum sem eru henni hugleikin. Eftir að hafa fengið mikla hvatningu ákvað hún að bjóða sig fram til stjórnar Bændasamtaka Íslands og hlaut brautargengi í aðalstjórn á liðnu Búnaðarþingi.

Hún segir fyrstu vikur stjórnasetunar hafa farið í að setja sig inn í málefni Bændasamtakanna, því fylgir mikill lestur og reglugerlar fundasetur. „Mér líst mjög vel á stjórnina og starfsmenn skrifstofunnar. Par eru ótrúlega fróðir einstaklingar innanborðs. Ég hef áður fylgst vel með umræðum og hef miklan skoðanir á ýmsum málefnum. Kannski ég geti haft áhrif nána,“ segir hún kímin.

Pað liðu ekki margir dagar frá því að ný stjórn tók til starfa þangað til að umdeilda breytingar á búvörlögum voru samþykktar á Alþingi. „Einhvern tímamann talði Steinþór Skúlason, forstjóri SS, um að betra væri fyrir afurðastöðvarnar að geta haft samráð til að átta sig á birgðastöðu í landinu. Einher gæti verið að flytja inn of mikil af ákvæðum kjötvörum sem varu svo kannski til annars staðar.“

Framhald á næstu opnu.

# SUMARTILBOÐ

10% afsláttur af öllum garðhúsum  
og flest öllum gestahúsum sem eru til á lager



44 mm bjálki / Tvöföld nótun

GARÐHÚS 14,5 m<sup>2</sup>



Nánari upplýsingar á  
heimasíðu okkar  
volundarhus.is  
og í síma 864-2400.

45% afsláttur  
af FLUTNINGI  
á allar  
þjónustustöðvar  
Flytjanda.

GESTAHÚS OG  
GARÐHÚS  
sérhönnuð fyrir  
íslenskar aðstæður

Sjá fleiri  
GESTAHÚS OG  
GARÐHÚS á tilboði  
á heimasíðunni  
volundarhus.is



Staðgreiðslu  
lán



GARÐHÚS 4,4 m<sup>2</sup>



GARÐHÚS 4,7 m<sup>2</sup>



GARÐHÚS 9,9 m<sup>2</sup> án gólf



GARÐHÚS 9,7 m<sup>2</sup>

[www.volundarhus.is](http://www.volundarhus.is)

## KYNNINGAR-TILBOÐ á frábærum gróðurhúsum

Viðar gróðurhúsin eru úr náttúrulegum hitameðhöndluðum viði  
og henta vel fyrir íslenskar aðstæður.



GRÓÐURHÚS NO-1 10,65 m<sup>2</sup>



Nánari upplýsingar á  
heimasíðu okkar  
volundarhus.is  
og í síma 864-2400.

45% afsláttur  
af FLUTNINGI  
á allar  
þjónustustöðvar  
Flytjanda.

GRÓÐURHÚSIN  
henta vel fyrir  
íslenskar aðstæður

Sjá fleiri  
GRÓÐURHÚS  
á tilboði  
á heimasíðunni  
volundarhus.is



Staðgreiðslu  
lán



GRÓÐURHÚS NO-9 14,85 m<sup>2</sup>



GRÓÐURHÚS LT-3 10,6 m<sup>2</sup>



GRÓÐURHÚS NO-2 12,75 m<sup>2</sup>



GRÓÐURHÚS ST-1 7,0 m<sup>2</sup>

[www.volundarhus.is](http://www.volundarhus.is)

# 5 hlutir sem Petrína getur ekki verið án



**1. Bíllinn:** „Því hér er svo langt á milli staða.“

**2. Síminn:**  
„Allar pantanir koma í símann og allar pantanir sem fara frá mér mynda ég og geri reikninga út frá því. Síminn er aðalatriðið.“

**3. Þvottavél:** „Ég dáist af formæðrum okkar sem þvoðu allt í höndum. Ég hugsa það oft þegar ég set í vélina.“



**5. Traktorinn.** „Grunnurinn að öllu sem við kemur búskapnum. Án hans væri ekkert fóður á heimilinu, hvorki fyrir dýr né menn.“



„Þetta eru þægileg og skemmtileg dýr sem gaman er að sinna. Við höfum getað tekið börnin með okkur í húsin á öllum aldri því við getum treyst svínunum,“ segir Petrína.



Ef bændurnir í Laxárdal hefðu tök á að byggja nýtt uppeldishús gætu þau að alli sína grísi, svarað allri eftirsprunum eftir svínakjöti hjá afurðastöðinni, SS, sem þyrti þá ekki að flytja inn svínakjöt.

„Með samvinnu gætu afurðastöðvarnar skipt á milli sín. Ég vona því að þessi lög verði til þess að minna verði flutt inn af kjöti og afurðastöðvarnar hafi þá frekar heimild til að selja á milli sín það kjöt. En svo veit maður ekki. Þetta gæti allt eins farið í hina áttina – að afurðastöðvarnar fari að undirbjóða kjöt frá bendum til þess eins að geta flutt meira inn,“ segir Petrína ugandi.

„Sem dæmi að þá gerðist það á Suðurlandi um síðstu aldamót að þegar nýr stórir aðilar komu inn á svínakjötsmarkaðinn þá hrapaði verðið og sláturþefuhafar tóku eingöngu kjötið á lága verðinu en hinir minni gátu ekki losnað við sína framleiðslu sem endaði þannig að

í dag er aðeins okkar svínabú með gyltur á Suðurlandi.“

Frumframleiðendur þurfi að trúá að stjórnendur afurðastöðvanna starfi af heilindum því bændur leggi mikil traust á fyrirtækini. „Mér finnst vanta að það sé tryggt að bændur standi betur eftir þessa lagasetningu.“ Því þurfi hagsmunafélag benda að fylgjast vel með hvernig afurðastöðvarnar nýti hina nýju heimild til samráðs.

## Uppeldishús gæti komið í veg fyrir innflutning

Í Laxárdal eru 200 gyltur og er meirihluti grísa alinn þar upp í sláturnærð. Aðstaðan og aðbúnaður er til fyrirmyndar bæði fyrir dýr og menn.



Sandra Kosiak er starfsmaður í Laxárdal. Hún sinnir svínunum af aluð alla daga. Hér er hún að sæða gyltu.

Nýjar gotdeildir voru teknar í notkun árið 2021 sem samræmast nýjustu aðbúnaðarreglugerðum. Sú fjárfesting var mikil en svínabændur gátu sött í sértækum framkvæmdastyrkum til ríkisins fyrir slíkri uppbyggingu sem fjölskyldan í Laxárdal og gerði.

Almennt hafa svínabændur þó ekki aðgang að neinum framkvæmdastyrkum.

„Gyltunum líður vel og grísunum líka. Fleiri grísrar fæðast og þeir braggast betur. En svo erum við í vandræðum með að ala upp fjöldann. Við erum með þessa flottu gotaðstöðu en ekki með nógum mikil rími fyrir uppeldi allra gríssanna,“ segir Petrína.

Fjölskyldan hafi ekki haft bolmagn til að ráðast í byggingu á nýju uppeldishúsi í núverandi vaxtarumhverfi. Hún bendir á að nautgripa- og sauðfjárbændur hafi greiðan aðgang að fjárfestingastyrkjum en aðrar búgreinar mæti afgangi.

„Það væri eðlilegast ef fjárfestingastyrkir frá ríkinu væru fyrir landbúnaði í heild, en ekki fyrir tilteknar búgreinar,“ segir Petrína og bendir á að á Nordörlöndunum séu veitt sértæk lán til uppbyggings í landbúnaði á mun lægri vöxtum. „Það er eitthvað sem mætti skoða betur hér.“

Vegna aðstöðuleysis hafa þau því selt frá sér fráfærugrísi til uppeldis á öðru búi. „En það styttilt í að sá bóni hætti og þá verðum við komin í vandræði því enginn annar kaupir grísi.“

Laxárdalur er eini fasti innleggjandi svínakjöts til Sláturneflags Suðurlands en að sögn Petrínu grípur SS til þess ráðs að kaupa svínakjöt frá Stjörnugrís og flytja inn svínakjöt til að uppfylla áætlaða eftirsprun. Fram kom í máli Steinþórs Skúlasonar á aðalfundi SS að innflutningur fyrirtækisins á svínakjöti árið 2023 hafi verið um 8% af heildarinnflutningum ársins í svínakjöti og sagði að fyrirtækis gripi til innflutnings til að glata ekki niður markaðshlutdeild í vörum sínum úr svínakjöti.

„Ef við hefðum tök á að byggja uppeldishús þá gætum við að alli okkar grísi. Ekki nóg með það. Það gæti SS eingöngu tekið grísi frá okkur því þá værum við að svara mest allri eftirsprun eftir svínakjöti hjá afurðastöðinni. SS þyrti þá ekki að flytja inn svínakjöt,“ segir hún.

## SS sér ekki hag í að sérmerkja Korngrís

Petrína hefur í mörg ár reynt að fá SS til að merkja svínakjöti frá Laxárdal með vörumerki þeirra, Korngrís frá Laxárdal, en ekki haft erindi sem erfiði.

Petrína segir forsvarsmeinn SS setja fyrir sig flækjustig í vinnslunni. „Ég hef boðið þeim að taka upp merkið okkar en þeir sýna því lítinn áhuga, því miður. Þar sem við erum einu föstu innleggjendur svína í SS ætti að vera hægt að aðgreina þetta kjöt. Það yrði þó mun auðveldara ef tekst að byggja eldihús og öll framleiðslan færí í SS.“

„Það væri eðlilegast ef fjárfestingastyrkir frá ríkinu væru fyrir landbúnaði í heild, en ekki fyrir tilteknar búgreinar ...“

Hingað til hafi hins vegar fengist þau svör frá SS að ekki væri markaður fyrir sérmerktar vörur frá Korngrís. Þessu er Petrína afar ósammála.

Árið 2011 hafi SS einu sinni prófað að fara með sérmerktar vörur frá Korngrís í kynningu í einni búð í Reykjavík. Fjölskyldumeðlimur þeirra hafi farið í búðina og athugað umgjörð kynningarinnar, spurt um vörurnar en fengið lítil svör. „Það vantaði allan rammann í kringum þessa kynningu, þeir sem stóðu þarna vissu ekkert um sértöðu hennar og efturfylgini var engin,“ segir hún.

Kynningarinn hafi því ekki skilað neinum árangri en forsvarsmeinn SS noti þetta dæmi sem ástæðu þess að fyrirtækið sjá ekki ástæðu til að sérmerkja svínakjöt frá Laxárdal.

„En það hefur svo margt breyst síðan þá og neytendur orðnir miklu meðvitaði og kallað eftir betri upprunamerkingum. Neytendur vilja vita hvaðan maturinn þeirra kemur, hvort sem það er íslensk vara eða erlend. Það vantart bara viljann,“ segir Petrína.

Nú ætlar hún að nýta hlutverk sitt í stjórn Bændasamtakanna til að beita sér sérstaklega fyrir betri merkingum. „Mér þætti eðlilegt að framleiðendur myndu einfaldlega setja fána upprunalandas á pakningar hvarrar vöru. Allir geta lesið fána, einnig ung börn og fólk sem sér illa.“

Hún segir að matvælfyrirtæki nýti sér gloppur í merkingarreglugerðum til að blekkja neytendur og vill að stóru afurðastöðvarnar svari kalli neytenda, taki frumkvæði í innleiðingu á upprunamerkingunni íslenskt staðfest, bendum til hagsbóta.

## Svínabúskapur er skemmtilegur

Ung Petrína hefur vart gert sér í hugarlund að hún yrði svínabondi en lífið er ljúft í Laxárdal.

„Mér finnst allt ánægjulegt við búskapinn. Þetta er fóðurframleiðsla, mikil kjötframleiðsla og góðar vinnuaðstæður. Í vondum veðrum er til dæmis gott að vera svínabondi.

Mér finnst allt ánægjulegt í svínahúsinu. Þetta eru þægileg og skemmtileg dýr sem gaman er að sinna. Við höfum getað tekið börnin með okkur í húsin á öllum aldri því við getum treyst svínunum. Það skiptir eiginlega engu máli hver verkefnin eru.

Svínabúskapur er eiginlega skemmtilegur frá A til Ö.“



## Klippur og beygjuvélar



**Stroffur  
Naglar  
Víralásar  
Járnabakkar  
Plastlistar og stjörnur  
Kambar**



## Klippum og beygjum rúllustál í sjálfvirkri beygjuvél

# Milwaukee®

## M18 FUEL GIRDINGABYSSA

- FRÁBÆR KRAFTUR
- "READY TO FIRE" TÆKNI, ENGIN BIÐTÍMI
- ENGIN GASHYLKI OG ENGIN ÞÖRF Á HREINSUN
- "DRY-FIRE" LÆSING
- SKÝTUR ALLT AÐ 600 GIRDINGARLYKKJUM  
MEÐ EINNI 3.0AH M18 RAFHLÖÐU

SKANNAÐU OG  
SKOÐAÐU NÁNAR




vfs.is



## VERKFÆRA SALAN


VERKFÆRASALAN • SÍDUMÚLA 9, REYKJAVÍK • DALSHRAUNI 13, HAFNARFIRÐI • TRYGGVABRAUT 24, AKUREYRI • S: 560 8888 • vfs.is



**GRÓÐURHÚS**  
Vöndud gróðurhús frá BK Hönnun. Gæda hús sem eru þaumreynd á Íslandi.

Stærdir frá 3,8 m<sup>2</sup>  
Öryggisgler í veggjum og þaki  
Fást með styrktarbitum  
Volum einfaldar eda tvöfaldar hurdir  
Úrval aukahluta

@bkhonnun - 571-3535 - sala@bkhonnun.is



## Orkumál:

# Óhemju orka sem mætti beisla

– Hugmyndir að hátækni-úthafsöldurafstöð

Vaxandi áhugi er á nýtingu sjávarorku um allan heim. Jón Kristinsson hefur ásamt teymi sínu þróað hugmyndir m.a. að beislun úthafsöldu og segir Íslendingum að huga að tækifærum í þessa veru.



Jón Kristinsson, umhverfisarkitekt og frumkvöðull á sviði sjálfbærar byggingalistar, hvetur Íslendinga til að fylgjast vel með og taka þátt í rannsóknunum og framþróun á sjávarorkuvirkjunum, t.d. í gegnum Evrópusambandið. „Það kemur að því að þetta fer á flug og um allan heim er verið að skoða möguleikana. Íslensku háskólanir ættu að fá góða doktorsnema í að skoða þetta,“ segir Jón.

„Alltaf þarf að hugsa þessi mál alveg frá núlli – ekki hvernig þetta hefur verið gert áður. Horfa ber á samtímann gegnum framtíðina, losa sig frá fortíðinni og hugsa inn í framtíðina,“ segir hann.

Jón, sem stundum hefur verið kallaður fáðir sjálfbærar byggingalistar, hefur jafnframt hugleitt sjávarorkuna og komið, ásamt starfshóp, fram með lausnir að slíkum mannvirkjum sem gefnar hafa verið út á bók.

Undir sjávarorku falla virkjun sjávarfallastruma, ölduhreyfinga, seltu og varmamismunur til umbreytingar í raforku. Ólduorka er orka hafðoldunnar, en lóðrétt hreyfing úthafsbylgna inniheldur mikla hreyfiorku. Margar aðferðir eru hugsanlegar til virkjunar ólduorku og margar eru í þróun.

## Óþróandi orkulind

Jón hefur sérstakan áhuga að nýta orku úr ólduhreyfingum sjávar; þá einkum á úthafsölduvirkjunum. Hann telur að fljótandi úthafsölduorkuver eigi eftir að gegna þyðingarmiklu hlutverki í orkubúskap framtíðarinnar og sér m.a. fyrir sér framtíðarframleiðslu á sjávarvetni.

„Pegar ég fór sem unglings til sjós, heillaðist ég enn frekar af náttúruöflunum og áhrifum úthafsöldunnar,“ segir Jón og heldur áfram: „Ég hef hin síðari ár mikil verið að skoða nýtingu úthafsöldu til vetrinsframleiðslu.

Margra ára starf mitt, og okkar félaga, snýr að sjávarfallaorku, ólduorku með lágtæknidælum og

svo, síðast en ekki síst, hátækni-úthafsöldurafstöð. Ég hef stúderað nýtingu sjávarfalla, yfirborðsöldu og úthafsöldu og hvers vegna þessi óhemju mikla orka er ekki nema að mjög litlu leytu hagnýtt,“ segir hann.

Að beisla sjávarorku sé bæði margþaett og flókið og næstum allar tilraunir í gerð sjávarorkuvirkjana í heiminum hafi mistekist til þessa. Leitin að gjörsamlega nýri hugmynd að umhverfisvænni lausn fyrir sjávarorku sé mikilvæg. „Mesta sjávarorka er við vesturströnd allra meginlanda og það er t.d. óhemju mikil orka kringum Ísland sem er hægt að virkja. Ég trúi því staðfastlega að beisla megi úthafsöldu jafn vel og vindorku í þriðja veldi vindhraðans,“ bætir hann við.

## Orkusjálfbært Holland

Jón fór að velta sjávarorkunni fyrir sér þegar hann fékk um 1980 bók varðandi kjarnorku og bréf frá Claus, prins af Hollandi, en sá hafði vígt byggingu sem Jón var hönnuður að og var mjög hrifinn af sjálfbærniþáttum hennar, ýmsum orkunýtingareiginleikum, þ.m.t. lághítakerfi með varmapumpu. Claus, sem Jón segir hafa verið ágætan mann og hugsuð, intti í bréfinu eftir hverjir gætu verið möguleikar Hollands í sjálfbærri orku. Jón áttáði sig á því að einfaldur hlutur eins og varmapumpa hafði aldrei verið notuð í Hollandi. Þar kvíknaði hugmyndin og Jón sendi sína lausn nokkrum mánuðum síðar til prinsins sem þá var orðinn langvarandi veikur og gat ekki komið málínu á framfæri þó að hann hefði viljað.

Jón taldi framkvæmanlega lausn felast í að nota allt að fjóra tífundu hluta af Norðursjó. Moka upp með sanddæluskipum stórar og djúpar holar hrингeyjur (atollen) með ca fimm þúsund hægrarða vindmyllum á bökkunum, sem í vindu (ca 35% af tímanum) pumpuð upp vatni. Breytileg fallhað sjávarvatns niður í holeyjarnar væri nýtt með venjulegri vatnsrafstöð á hverri eyju til orkuframleiðslu eftir þörf.

„Pessi hugmynd gengur alveg enn þá, nema bara að Norðursjórin er nú orðið nýttur að fullu,“ útskýrir Jón. „Pegar við vorum að skoða þetta fyrir 45 árum var enginn að nota Norðursjó nema farmenn og fiskimenn. Nýjar



Jón Kristinsson arkitekt var sl. nýársdag sæmdur riddarakrossi fyrir frumkvöðlastarf í vistvænni húsagerðarlisti á alþjóðavettvangi. Hann tók formlega við orðunni 21. mars sl. þegar hann var staddur hér á landi vegna málþings í Veröld Vigdísar um ævistarfl sitt.

Mynd / Embætti forseta Íslands

orkueyjar geta búið til og geymt fallorku: sjóinn er notaður sem stöðuvatn, vatnini með vindmyllum pumpað upp og út úr þessum hrингeyjum og þá færðu 50-200 metra fallhæð niður úr númerandi botni Norðursjávar sem er ekki nema 50 metra djúpur. Ég sá fyrir mér að „hægt væri að grafa upp sand og leir í Nordursjónum og búa þannig til á einfaldan hátt, í allri veðrattu, eyjar og lág neðansjávardíki. Ef kæmu stórrstraumsflóð með norðanstormi í Norðursjó væru eyjarnar fylltar af sjó og þannig lækkuð öldu- og sjávarhæð við ströndina. Hugmyndin byggðist því að nota þetta bæði til orkuflunar og til flóðvarna, sem hvort tveggja eru mikilvægir þættir fyrir Holland. Þarna var ég ekki enn farinn að hugsa um eiginlegar sjávarvirkjanir,“ segir hann. Þetta hafi verið fyrsta hugmyndin í þá átt að gera Holland sjálfbært: 8.500 MW rafmagn árið 1979.

Tillagan þótti hins vegar framandleg á þeim tíma, þegar Norðursjó var krökkur af fiskibátum en sé nú fullur af einstefnu skipaleiðum, rafvindmyllum, olíuborpöllum og jarðgasvinnslupöllum, auch annarra mannvirkja. Eina ferðina enn var Jón langt á undan eigin samtíð með hugmyndir sínar.

## Úthafsaldan fremur en sjávarföll

Jón bendir á að hver höfn og bryggja gæti í sjálfa sér verið orkugjafi. Afla megi orku úr flóði og fjöru með einföldum hætti og þannig gætu alls kyns hafnir verið með eigin raforkuframleiðslu. „Ef þú hugsar málid dálitið smiðuglega þá geta allar hafnir hlaðið upp báta og svoleiðis smátknali er á leiðinni, það er ekkert vandamál,“ segir hann.


„Ég reyndi líka að nota flóð og fjörustram, með stórum hjólum, en það er bara ekki teljandi orka í flóði og fjöru. Hún er eiginlega svo lítil að það borgar sig ekki að nota hana, nema þá mjög staðbundið,“ segir Jón og telur sjávarfallavirkjanir ekki marka stóru línumnar í orkuflun framtíðar. „Ef þú getur togað í bát í straumí þá situr svo lítil orka í því að það er lítlis vert. Menn eiga að vera í úthafsöldunni! Þar eru á nokkurra sekúndna fresti með ólduhæð sem er alltaf 2 metrar að sumri og 4 metrar að vetrri og hægt að hafa ólduna eins breiða og þú vilt: þar eru með óhemju orku.“

Hann segir að brotsjóir í úthafsöldunni séu auðvitað erfðir. Alltaf þurfi að taka með í reikninginn



## Óhemju orka sem mætti beisla

Fjótandi raforkustöð, mynduð úr eyjum, sem nýtir hreyfingar úthafsöldunnar. Sjávarorka er mest 50-60 kW/m við vesturströnd Íslands og Evrópu en hér gildir að hafa öflugan útbúnað sem stenst meðal annars brotsjó með 20 metra ólduhæð. Allt saman er þetta flókið mál en mikilvægt að vita að orkuinnihald vinds miðað við óldu er 1:800. Úthafrafstöð (Spaceframe, SwellPowerStation) er fljótandi burðargrind sem eyja, 100x100x20m, gerð úr 0,7 m húduðum stálþípum, óhreyfanlega fest við sjávarbotninn með stálvírum. Stögin geta verið svo löng sem þarf en þrijú á hverju horni, á einni eyju eru 12 stögg. Hæfilegt sjávardýpi væri um 30-50 metrar. Stálþípurnar mynda fljótandi eyjar sem festar eru við hafsbotn með keðjum eða stálkoplum og mynda grunninn að orkustöð. Þær eru skráfaðar saman í virki, og ef þær væru ekki í sjó myndu þær bogna saman. Sjóinn og flótið valda því hins vegar að þær haldast heilar, fljóta og geta verið mjög léttar í sjónum. EKKI þarf nema hlutfallslega lítið efni til að standa undir vindmyllum á eyjunum. Þannig er hægt að búa til floteyarar sem vega um 3.000 tonn, festar við botninn þannig að þær hreyfast ekki. Ef burðarvirkið byngist of mikil við að fá a sig gróður o.p.b. eru settir út loftpokar. Rafstöðin sjálf flýtur á 50-200 metra langri úthafsöldu að vetrarlagi og er 3-5 metrar að hæð. Með óhemju-vökvakera (hydraulic) eru fyrst um sinn á teikningu notaðir sömu 7 MW-rafalar og í stærstu vindmyllum. Fyrir beislun yfirborðsöldu eru notaðar 10x15x3 metra hangandi 5-10 MW pendúlur (e. heave-surge), hjarir ofansjávar með snúningsfjöldur (e. torsion-spring). Hver pendúla er 450 m3/stk. og skilar sömu afköstum og vindmylla, 100 metrar í þvermál en 7.800m2 að yfirborði. Nýting úthafsöldu á fastri burðargrindareyju er tvöföld: Rafstöðin er með olnboga-festingu tengd við burðargrindina, hefur sama vökvakerfi en hreyfist upp og niður. Úthafsaldan er 50-200 m á lengd og miklu lengri en yfirborðsalsa. Hún er alltaf að verki, allar árstíðir, en mest á vetrum. Vinnslas vetrins sem geymd er í móleklúnum fer fram á tankskípi við bryggju, hlémeigin orkueyjarinnar. Á slíkum orkueyjum geta staðið vindmyller og þær, yfirborðsalsa og hin langa úthafsalda þá nýttar saman til orkuframleiðslu. Yfirborðsalsa gefur aðeins meiri orku en vindmyllan en er, líkt og hún, mjög hvíkul, meðan úthafsalda er alltaf að. Þannig væru þrennir kraftar að verki í sömu stöðinni og orkuframleiðsla nokkuð stöðug. Jón segir Íslendinga geta haft þetta alveg uppi í fjöru, úthafsalda gangi það langt inn. Hann bendir einnig að yfirborðsalsa hræri í sjónum sem verði væntanlega til þess að talsvert af fiski verði í eyjunum og þannig væri líka hægt að búa til fiskihafnir úr þeim.



/De ontwikkeling van een Golf en Deining Centrale, 2013-2021/Jón Kristinsson

## Ölduorkuvirkjun með lágtæknidælum

Orkuverið umbreytir hreyfiorku alda í raforku og getur afkastað sömu orku og 30 vindmyllur. Tvó afkskrifuð stórskip bera burðargrind (e. spaceframe) þessar lágtæknidælum sem óluborgafestingu má tengja beint við stórar vængjardælur. Þessar mest notuðu handdælur heimsins, að vísu sendiferðabíls-stórar og betrumbaðtar án hjara, pumpa vatni 50 m eða hærra upp í tank sem er smá stöðuvatn fyrir venjulegum. „Ef þú hugsar málid dálitið smiðuglega þá geta allar hafnir hlaðið upp báta og svoleiðis smátknali er á leiðinni, það er ekkert vandamál,“ segir hann.



Hann segir að brotsjóir í úthafsöldunni séu auðvitað erfðir. Alltaf þurfi að taka með í reikninginn



Jón Kristinsson arkitekt blaðar hér í bók um hugmyndir sínar og teymisfélaga að sjávarorkuvirkjunum: *De ontwikkeling van een Golf en Deining Centrale, 2013-2021.*

Mynd / sá

hvernig hægt sé að taka brotsjóinn án þess að hann valdi tjóni. Síðan verði að hafa í forgrunni að allt sem getur bilað muni gera það. „Á allt sem er í sjó færðu tæringu og það bilar. Ef á að hanna úthafsrafstöð þarf að hugsa málid algjörlega út frá því hvað getur skemmt og hvernig þú getir hreinsað burt gróður, hrúðurkarla og annað sem óhjákvæmilega festist utan á allt sem er í sjó,“ segir hann enn fremur.

#### Vindmyllur allsráðandi

Jón er nú einkum með tvær langt þróðar lausnir að sjávarorkuvirkjunum sem hann hefur, ásamt teymi sínu, unnið að lengi. Fyrir um þremur árum strandaði vinna að þeim þó á fjárskorti. Ekki hefur enn tekist að afla fjár til að endurskoða útreikninga né í rannsóknir og þoltíraunir á sjó. Meðan tekst ekki að fjármagna þetta segir Jón vinnuna líkasta því að lara að synda á þurru landi. Hann hafi jafnframt gefist upp á að viðhalda alþjóðlegu einkaleyfi á hugmyndunum.

„Orðið sjávarorka kemur ekki fyrir á lista hjá hollenskum yfirvöldum,“ segir Jón. „Sjávarorka á heldur ekki upp á pallborðið hjá vindmyllueinokunarfyrtækjunum sem hindra alla þróun í Hollandi. Þar má helst ekki tala um sjávarvirkjanir. Sumum finnst þó að vindmylluupþbyggingin í Hollandi sé komin út í öfgar. Vindmyllur nota sjaldgefa málma, endast í 8-9 ár, eru lýti og hávarar þó að þær snúist aðeins 30% af tímanum og þær sem eru í sjó kannski 40%.

Vindmyllur eru búnar að vera 20 ár í þróun, stækka stöðugt en endast ekki og bæði erfið og dýrt að koma rafmagni í land. Ef þú flýgur yfir Norðursjó sérðu hversu margar vindmyllur eru ekki í gangi og það er aldrei sagt frá því. Upplýsingar til almennings eru mjög skekktar. Orkusparnaður er mikilvægari en þessi ríkisstyrkta orkuvinnsla,“ útskýrir Jón með þunga.

Annar galli á allri vind- og sjávarorku, nema þá helst á úthafssölduorku, sé að 60–70% tímans þurfi aðra orku/jarðefnaeldsneyti til að fylla upp í hlé í orkuframleiðslunni.

#### Vetniseyjar á sjó

Aðspurður um lausnir að koma orku í land frá orkuverum á sjó og undan ströndum svarar Jón að sennilega sé best að búa til vetni á staðnum úr orkunni. „En vetni endist ekki mjög lengi, það eyðist, svo þá þarf dráttarbát til að sækja það. Tankskip myndu leggja hlémegin upp að slíkum vetnisrafstöðvum.“

Nú eru fyrirtæki um allan heim að velta fyrir sér sjávarorku. „Næstum allt mistekst,“ segir Jón. Halda verði áfram að þrá og rannsaka af fullum krafti. „Úthafssaldan er svo mikil við suður- og vesturhluta Íslands að það kemur að því að þegar einhver dettur niður á lausn um endingarbetri/viðhaldsminni tekní þá er prinsippið að búa til fljótandi orkuver góð hugmynd sem stenst. Því einfaldara sem þetta er, því betra. Allt sem þarf að viðhalda verður þó að vera hægt að gera við á staðnum,“ segir Jón að lokum og leggur nú hugmyndir sínar að sjávarorkuvirkjunum í hendur framtíðarinnar til frekari úrvinnslu.

## Lausn fyrir Landeyjahöfn

Jón Kristinsson hefur komið á framfæri hugmyndum að endurbættri útfærslu Landeyjahafnar. Með bréfum og teikningum hefur hann lýst hvernig hreinsa mætti burt sandinn sem safnast einkum við mynni hafnarinnar og veldur því að stöðugt þarf að nota þar sanddæluskip og ferðir Herjófs raskast m.a. vegna þess. Jón var á ferð um Landeyjahöfn fyrir nokkrum misserum og fór þá að hugsa hvernig leysa mætti þennan vanda. Ásamt Jónasi Elíassyni prófessor, sem nú er láttinn, hannaði hann hugmynd að því hvernig gera mætti, tengt innsta hluta Landeyjahafnar, stórt lón við neðanvert Markarfljót til þess að fylla af sjó og á fjöru væru opnaðar flóðgáttir sem myndi valda því að sandurinn hreinsaðist úr höfninni. Þetta mætti gera við hver sjávarföll eftir atvikum, eða þegar hentaði. Straumhraðinn til þess að hreinsa burt sand og möl þarf að vera að minnsta kosti 1m/sek. Ef slíkar flóðgáttir væru opnaðar á fjöru mætti búast við miklu meiri hraða. „Eg er á því að þessi lausn sé í fullu gildi. Þetta byggir á sama kerfi og eyjarnar fyrir norðan Holland, það heiti Terschelling, þar er stórt lón sem fyllist tvívar sinnum á dag og er notað til þess að hreinsa höfnina. Þessi aðferðafræði er því þekkt og vel framkvæmanleg,“ segir Jón. Búa megi til fallegt og lífauðugt útvistarsvæði í leiðinni.

Vegagerðin hefur, í samvinnu við Istak, hafið breytingar yst á brimvarnargörðum Landeyjahafnar til að unnt sé að dæla af landi upp sandi úr höfninni. Þetta á að minnka vandkvæði hafnarinnar töluvert og komast í gagnið á næstu misserum.



ER KOMINN TÍMI  
Á NÝTT GLER ?

VIÐ FRAMLEIÐUM GLER  
EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM

- EINANGRUNARGLER
- SÓLVARNARGLER
- HLJÓÐVARNARGLER
- ÖRYGGISGLER
- HAMRAD GLER
- HERT GLER
- LAKKAÐ GLER
- STURTUGLER
- SPEGLAR

**íspan**  
GLERBORG®

# Fagþing dönsku nautgripaæktarinnar 2024

– Þriðji hluti



**Snorri Sigurðsson**


snorri.sigurdsson@outlook.com

Kvægkongres 2024, árlegt og einkar áhugavert fagþing hinnar dönsku nautgripaæktarinnar, var haldið í lok febrúar sl. og líkt og undanfarin ár voru þar flutt ótal erindi sem eiga mörg hver erindi við íslenska bændur og annað fagfólk í nautgripaækt.

Fagþingið, sem er í senn bæði ársfundur félagsamtaka danskra nautgripabænda og fagfundur helsta vísindafólks í greininni, stóð í two daga og var skipt upp í 13 málstofur með tugum erinda. Í síðustu tveimur Bændablöðum hefur verið fjallað um hluta þessa fagþings og verður hér lokið við þessa umfjöllun og gripið niður í nokkur erindi sem voru flutt í málstofunum um nýtingu, Holstein-kúakynið og kjötframleiðslu.

## 5. Nýting

Þessi málstofa inniheldt 9 erindi sem öll sneru að því hvernig nýta má aðföng og gripi betur til þess að bæði minnka umhverfisálag framleiðslunnar en ekki síður að lækka kostnað við hana. Sum erindin voru fyrst og fremst miðuð við danskar aðstæður og eiga því ekki við hér á landi en erindi Masja Reinhard og Morten Kargo frá háskólanum í Árósum á klárlega erindi við íslenska kúabændur. Þau settu upp áhugaverða rannsókn á kún í geldstöðu og skoðuðu m.a. áhrif mismunandi meðferða á kúnnum í hvíldartímabili geldstöðunnar, þ.e. fyrst 4-5 vikurnar eftir að geldstaða hefst, á átgetu, sjúkdómatíðni og mjólkurframleiðslu þegar mjaltaskeið kúnna hófst. Í stuttu máli sagt skipti hreyfing geldkúa litlu máli fyrir afurðasemina á komandi mjaltaskeiði en fóðrun og umhirða þeim mun meira. Tilraunin sýndi m.a. fram á að ef geldkýr eru fóðraðar of sterkt í upphafi geldstöðunnar þá kemur það niður á mjólkurframleiðslunni þegar hún hefst á ný eftir burðinn. Bændur þurfi því að vera mjög vel vakandi



Það getur munað miklu á köfnunarefnislosun kúabúa eftir hönnun og vinnubrögum þar sem fastir flórar eru.



Í sérstakri tilraun verður flórgoði nýttur til þess að sprauta út bindiefni svo losun á köfnunarefni frá kúabúum með fasta flóra verði sem minnst.

yfir því hvernig fóðrun er háttá í upphafi geldstöðunnar og þá þarf fyrst og fremst að tryggja að kýrnar séu ekki offóðraðar á kalki. Með því að takmarka aðgengi að kalki fer af stað ferli í líkama kúnna þar sem kalk er dregið úr líkamanum í stað þess að það komi með fóðrinu. Þetta ferli þarf að vera virkt við burð, svo líkurnar á efnaskiptasjúkdómum séu litlar.

## „De novo“ gildi mjólkur

Annað mjög áhugavert erindi sneri að fituinnihaldi mjólkur og hvernig

megi hafa áhrif á hana með fóðrun, en erindið var flutt af Mads Nielsen og Betina Amdisen Røjen en bæði starfa við fóðurráðgjöf. Í erindi þeirra kom m.a. fram að þó svo að mjólk innihaldi margar mismunandi fitusýrur er oftast talað um megingerð þeirra, þ.e. hvort fitan sé mettuð eða ómettuð. Undanfarin ár, eða síðan 2019, hefur verið lögð áhersla á það í Danmörku að gefa bændum aukinn möguleika á að fylgjast betur með fitu mjólkurinnar úr kýrsýnum, með því að ekki einungis greina hana sem hlutfall mjólkurinnar, heldur einnig með því að gefa upp

svokallað „de novo“ gildi fyrir fituna en „de novo“ þýðir bara íraun fitusýrsyntasi, þ.e. það ferli sem á sér stað þegar stuttar fitusýrukeðjur myndast. „De novo“ gildið er mælt í kýrsýnum og segir það til um hve hátt hlutfall fitusýranna eru stuttar.

Mjólkurfita er aðallega byggð upp af þríglýseríðum (97-98%), sem samanstanda hvert um sig af glýseróli sem tengt er premur fitusýrum og fitusýrurnar eru svo af misjafnri lengd. Fitusýrur með 4 til 8 kolefnisatóm eru kallaðar stuttar fitusýrur, ef kolefnisatómin eru 10 til 14 er talað um miðlungslangar fitusýrur og ef kolefnisatómin eru 16 eða fleiri er talað um langar fitusýrur. Fitusýrur í mjólkurfitu eiga sér tvennis konar uppruna. Annars vegar myndast þær í júgrinu, en þær myndast fyrst og fremst stuttar fitusýrur. Pessar fitusýrur eru þá byggðar upp frá grunni í júgrinu en aðalhráefnin til að búa þær til eru ediksýra og smjörsýra sem verða til við gerjun örvera í vömbinni.

Lengri fitusýrurnar berast aftur á móti í mjólkina sem blóðfita frá blóðrásinni, en þessar fitusýrur eru komnar beint úr fóðri, t.d. vegna sérstakrar fitufóðrunar, örverumassa og forðafitu en sá hluti er breytilegur

eftir stöðu á mjaltaskeiði. Um það bil helmingur mjólkurfitunnar myndast í júgrinu og samsetning mjólkurfitunnar ráðst því að stórum hluta af gerjun föðurs í vömb.

## 20-30% „de novo“

Framangreind „de novo“ mæling, sem er gefin upp sem g/100 g fitusýranna, segir sem sagt til um það hve mikil magn fitunarr stafar frá gerjun í vömb í talið er að sú aðferð við fituframleiðslu mjólkur sé sú hagkvæmasta. Almennt miða danskir ráðunautar við að „de novo“ hluti fitusýranna sé 20-30%. Síðan eru fitusýrurnar með 16 kolefnisatóm með svokallaðan blandaðan bakgrunn þ.e. hluti þeirra kemur beint úr fóðri t.d. vegna fóðrunar á mettaðri þálmafitum en hinna hlutinn verður til í mjólkurblöðrunum. Þessi hluti fitusýranna er oft 30-40% og það gefur þá að lengri fitusýrurnar, með 18 kolefnisatóm eða fleiri, eru 30-50%. Pessar fitusýrur koma frá fóðri og fituvef kúnna. Plöntuolur eru hér gott hráefni til að mynda pessar fitusýrur.

## Nota „de novo“ sem stýritæki

Með því að þekkja „de novo“ mælingargildi mjólkurinnar hafa danskir bændur og ráðgjafar þeirra náð að stjórna betur fóðrun kúnna og auka hagræði búanna. Þannig þarf að bregðast við ef „de novo“ mæling sýnir að meðaltal búsin er frekar lágt (í Danmörku er talað um lágt gildi sé mælingin 24 g/100 g). Slík niðurstaða segir í raun að vambarmeltingin á búinu sé að jafnaði ekki nógu góð og of stórluti fitunarr kemur beint úr fóðri en ekki vegna efnamyndunar við gerjun í vömb. Það vantar þá sem sagt byggingarefnid fyrir uppbyggingu fitunarr og bendir til rangrar fóðrunar eða meðferðar kúnna.

Framhald á næstu opnu.

779 1886  
skrallieskralli.is

**FYRIR ÞÁ KRÖFUHÖRÐU**

... OG FESTINGAR FYRIR GARDVERKFAÐI OG LED LJÓS OG MARGT, MARGT FLEIRA. KOMDU OG SKODAÐU!

Evrópsk framleidsla

## Músa- og kakkalakkafærur SEM VIRKA

...fæst í öllum betri landbúnaðarverslunum



sonett  
LIFUM NÁTTÚRULEGA

# Hentar vel í sauðburðinn

Handsápa sem mýkir hendur  
og ertir ekki húð



Söluaðilar: H verslun, Krónan, Nettó, Fjarðarkaup, Hagkaup, Melabúðin, Kjörbúðin, Heimkaup, Húsmiðjan, Lyfjaver, Byko Breiddinni, Byko Selfossi, BYKO Akureyri.



## Husqvarna - feel the power



**Husqvarna 545RX**  
Sláttuorf - 3 hestöfl



**Husqvarna 535RX**  
Sláttuorf - 2,2 hestöfl



**Husqvarna Rier RC320TSAWD**  
Sláttutraktor m/safnkassa - 12,6 kW



**Husqvarna Rider 320X AWD**  
Sláttutraktor - 10,5 kW



**Husqvarna Tractor TC238T**  
Sláttutraktor - 10,1 kW



**Husqvarna 550XP MKII**  
Keðjusög - 4,2 hestöfl



**Husqvarna K3600 MK II**  
Steinsög - Sögunardýpt 27cm



**Husqvarna K2500**  
Steinsög - Sögunardýpt 14,5cm



**Husqvarna CEORA 546**  
Slátturóbot - 50.000m<sup>2</sup> - 20% halli



**Husqvarna AM550 EPOS**  
Slátturóbot - 10.000m<sup>2</sup> - 45% halli



**Husqvarna AM310 MK II**  
Slátturóbot - 1000m<sup>2</sup> - 40% halli



**Husqvarna AM415X**  
Slátturóbot - 1500m<sup>2</sup> - 40% halli



**Husqvarna AM430X**  
Slátturóbot - 3200m<sup>2</sup> - 45% halli



**Husqvarna AM450X**  
Slátturóbot - 5000m<sup>2</sup> - 45% halli



**Husqvarna AM305**  
Slátturóbot - 600m<sup>2</sup> - 40% halli



Tilraunaðstaða þar sem ætlunin er að safna saman metani.

Reynslan sýnir líka að með lágu mæligildi fylgja önnur vandamál eins og hærri frumtala og fleiri kýr sem þarf að setja út úr framleiðslunni af einhverjum ástæðum. Þetta er s.s. óbein mæling á bústjórninni og því dýrmætt stýritæki sem allir bændur ættu að hafa aðgengi að.

#### Draga út metanlosun

Annað áhugavert erindi í þessari málstofu flutti ráðunautarnir Anja Juul Freudendal og Michael Holm en þau tóku fyrir stöðugt hertari reglur varðandi umhverfismál í landbúnaði. Kúabú í Danmörku þurfa á komandi árum að draga úr köfnunarefnislosun búanna með einum eða öðrum hætti. Pessi mál hafa verið tölувart rannsókuð undanfarin ár og hafa vísindamenn m.a. komist að því að langmest losun köfnunarefnis á sér stað við jórtrún, eða 69%, og ekki nema 26% stafar frá mykjunni. Fóru þau yfir ýmis handhæg ráð til þess að draga úr köfnunarefnislosun búanna.

#### Skafa oft á dag

Tóku þau sem dæmi kúabú sem eru með fasta flóra og sköfukerfi að það getur munad gríðarlega miklu á losun búanna eftir því hvernig unnið er við gólfín. Séu gólfín skafin sjaldan og eru oft blaut þá er losun köfnunarefnis frá þessum búum mun hæri en þar sem oft er skafið og gólfunum haldið vel þurrum. Þannig er losun á ammoníaki 23% minni og 90% minna metan sem myndast á búum sem halda gólfunum þurrum og hreinum!

Pá ræddu þau um aðra möguleika, t.d. þar sem eru notaðir flórgoðar, p.e. að láta þá keyra ört um fjósín og auk þess veltu þau fyrir sér hvort það mætti nota þá jafnvél betur með því að sprauta úr þeim vatni eða einhvers konar bindiefni. Í ár og næsta ár verður einmitt gerð tilraun með þetta í samstarfi við Lely, þar sem flórgoði verður búinn sérstökum búnaði til að sprauta bindiefni út þegar hann skefur eins og sjá má á meðfylgjandi mynd.

En eins og áður segir stafar stærsti



Ein af bestu kúnum á bænum er hún Hunker sem hér sést. Hún var valin Holstein-kýr ársins 2020 en undan henni eru nú 6 naut í notkun! Líklega er það met að undan sömu kúnni, á sama tíma, séu 6 naut í notkun.

hluti losunar köfnunarefnis frá jórtrún og eru þegar komin á markað alls konar bætiefni sem draga úr metanlosun við jórtrún. Hún er þó alltaf til staðar og þar sem jórtrún fer fyrst og fremst fram þegar kýr liggja í básum sínum er verið að skoða alls konar möguleika á að safna saman metani í legubásaröðinni. Enn sem komið er er þetta á tilraunastigi en á meðfylgjandi mynd má t.d. sjá eina útfærslu þar sem komið hefur verið upp eins konar söfnunarklefa á legubásaröð, ofan við svæðið þar sem kýr eru oftast með höfuðið þegar þær liggja í jórtra.

#### 6. Holstein-kúakynið

Þó svo að Holstein kúakynið sé ekki notað á Íslandi þykir greinarhöfundi efnið frá einu stuttu erindi svo áhugavert að það eigi rétt á því að vera tekið með. Það sneri nefnilega að kynbótastarfinu þar sem komið var inn á einkar áhugaverðan niðurstöður frá afurðahæsta búi heims í dag en það var Bandaríkjamaðurinn Jordan Siemers sem flutti erindið en hann er kúabondi á afurðahæsta kúabúi heims.

#### Afurðahæsta bú heims

Afurðahæsta bú heims í dag, að því að talið er a.m.k., er kúabúi Jordan þessa en hann býr með 6.800 kýr í Wisconsin-ríki í Bandaríkjunum en búið hefur verið í aett hans í langa hríð og hann er sá sjötti í röðinni til að stýra búinu. Kúabúið hefur tekið

miklum breytingum á undanförnum árum en upp úr aldamótunum var búið ekki með hreinrar Holstein-kýr heldur blendinga. Það gaf ekki nóg góða raun svo árið 2009 snéri Jordan sér alfarið að því að vera með Holstein og setti sér takmark um að ná miklum afurðum. Hann breytti legubásum fjóssins yfir í sandlegubásu, en slíkir básar hafa margsynt sig að bjóða kum upp á bestu velferð og lægri sjúkdómatíðni en aðrar básagerðir. Síðan kynbætti hann hjörðina vel og jafnt og þétt jókst nyt búsins. Vegna góðs árangurs hafa frá þessu búi nú komið mörg naut sem hafa farið í sæðistöku á nautastöðvum auch þess sem á hverju ári eru seldir um 300 fósturvísar úr bestu kúnum. Í því sambandi má nefna að ein af bestu kúnum á búinu, hún Hunker, hefur þegar skilað af sér 6 nautum á nautastöð og eru þau öll í notkun! Það er líklega einsdæmi í heiminum, p.e. að sama nautsmóðirn eigi 6 naut í dreifingu!

#### Með 17.050 kg á árskúna

Í fyrra náði hann svo þeim einstaka árangri með þessa stóru hjörð að meðalnytin fór yfir 17 tonn! Nánar tiltekið er meðaltal þessara 6.800 kúa hjá Jordan 17.050 kg mjólkur á árskúna með 4,3% fitu og 3,1% prótein. Hreint út sagt magnaður árangur og sérstaklega í ljósi þess að búið er með mörg búsunum kýr. Til að setja þennan magnaða árangur í samhengi má geta þess að afurðahæsta kúabúi Íslands árið 2023, Stóra-Mörk í Rangárþingi eystra, var með 8.903 kg mjólkur á árskúna. Þess skal geta að það er

líka stórgóður árangur miðað við að um er að ræða íslenska kúakynið.

#### 7. Kjötframleiðsla

Í málstofunni um kjötframleiðslu voru flest erindin miðuð við danskar aðstæður en þar í landi er orðið mjög algengt að nota holdasæði á kýr sem ekki eru ætlaðar að standa á bak við ræktunarstarfið, enda mest notað kyngreint sæði sem tryggir vel hlutfall af kvígum sem koma til ásetnings. Aukinn fjöldi af blendings nautkálfum hefur gert það að verkum að í Danmörku eru margir kúabændur sem fyrst og fremst kaupa kálfu og ala til slástrunar. Nýtt átak, sem snýr að því að efla þessa tegund kúabúskapar, er að safna bændunum saman í faghópa. Pessir bændur hittast þá reglulega til þess að ráða ráðum sínum í samstarfi við ráðunauta. Þær Lene Agerskov dýralæknir, og Louise Boutrup Vestergaard, sem er bústjóri á kúabúinu Klink, ræddu einmitt þetta form við fræðslu og endurmenntun. Sögðu þær svona faghópa bænda einstaklega mikilvæga og gagnlega enda skiptast þar þáttakendur á reynslu sinni og deila helstu niðurstöðum.

#### 6 faghópar

Síðasta haust voru settir á fót 6 faghópar kúabænda í kjötframleiðslu og fylgja þessir faghópar fyrir fram ákvæðimi dagskrá í 24 mánuði, en dagskráin miðar fyrst og fremst að því að endurmennta þáttakendur í þeim tilgangi að auka hagkvæmni kúabúanna. Auk þess að fá eins konar námskeið, þá fara bændurnir í heimsókn hver til annars þar sem gestgjafinn sýnir aðstöðuna og fer yfir lyktölur úr búrekstrinum og fá ráð eða gagnrýni gestanna eftir því sem við á. Þetta er gert undir leiðsögn ráðunauta og hefur margsynt sig að gefa góða niðurstöðu enda svona kerfi verið í gangi fyrir þarlenda kúabændur í mjólkurframleiðslu í áratugi, en er s.s. nú í fyrsta skipti sérstaklega sett af stað fyrir bændur í kjötframleiðslu. Afar áhugavert framtak.

Flieki málstofur og erindi voru á danska fagpinginu, sem ekki hafa komið hér til umfjöllunar í þessum pistlum eins og gefur að skilja enda mörg erindi sem eru fyrst og fremst miðuð við danskar aðstæður. Áhugasömum um efni fagplingsins má benda á að flest erindi ráðstefnunnar eru aðgengileg á vefsíðinni: <https://www.kvaegkongres.dk/praesentationer/>.

# FERTU ÚTI Á TÚNI MEÐ SKIPULAGIÐ?



**HAFDU SAMBAND OG LÁTTU OKKUR AÐSTÓÐA ÞIG.**

**Ísold**  
SELHELLU 3, 221 HAFNARFJÖRDUR

## AUGLÝSING UM SKIPULAG

Sveitafélagið Borgarbyggð auglýsir eftirfarandi skipulagsáætlanir sem samþykktar hafa verið til auglýsingar.

Nánari upplýsingar um hvert mál eru á heimasiðu Borgarbyggðar [www.borgarbyggd.is](http://www.borgarbyggd.is) undir skipulagsauglýsingar og í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar [www.skipulagsgatt.is](http://www.skipulagsgatt.is).

Í samræmi við 1. mgr. 31. gr. skipulagslag nr. 123/2010 er hér með auglýst tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022 sem samþykkt var til auglýsingar í sveitarstjórn.

**Hluti íbúðarsvæðis Varmalands verður verslunar- og þjónustusvæði. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi.**

Samþykkt til auglýsingar 14. mars. Mál nr. 727/2023 í skipulagsgátt með athugasemdarresti til og með 3. júní.

Í samræmi við 43. gr. skipulagslag nr. 123/2010 eru hér með auglýstar tillögur að breytingu á deiliskipulögum.

**Íbúðarbyggð að Varmalandi og staðkun á hótel.**

**Tillaga að breytingu á deiliskipulagi.**

Samþykkt til auglýsingar 1. mars. Mál nr 445/2024 í skipulagsgátt með athugasemdarresti til og með 3. júní.

**Vatnsafsvirkjun og flugvöllur í Húsafelli III.**

**Tillaga að breytingu á deiliskipulagi.**

Samþykkt til auglýsingar 5. apríl. Mál nr 447/2024 í skipulagsgátt með athugasemdarresti til og með 3. júní.

Borgarbyggð, 24. apríl 2024.  
Skipulagsfulltrúi Borgarbyggðar





HÁ Verslun er með umboð fyrir Husqvarna Construction á Íslandi.

- Steinsagir
- Kjarnaborvélar
- Jarðvegsþjöppur
- Sagarblöð
- Kjarnaborar

### Þjónustuverkstæði og varahlutir



Husqvarna K970  
Steinsög  
Sögunardýpt 15,5 cm



Husqvarna K4000  
Steinsög  
Sögunardýpt 12,5 cm

Husqvarna Trowel  
BG 245  
Slípivél, Vinnslubreidd 60 cm



Husqvarna K770 14''  
Steinsög/Hellusög  
Sögunardýpt 12,5 cm



Husqvarna FS 500  
E rafmagns gólfssög  
Sögunardýpt 19 cm



Husqvarna LF75  
Jarðvegsþjappa  
97kg, 500 mm Plata



Husqvarna FS400  
LV gólfssög  
Sögunardýpt 16,2 cm



Husqvarna K7000  
Ring  
Sögunardýpt 32,5 cm



Husqvarna DM230  
Kjarnaborvél  
150 mm Max



Husqvarna Rammer  
Hoppari LT6005  
230mm Plata, 69 kg



Husqvarna K7000  
Pre Cut  
Sögunardýpt 14,5 cm



Víkurhvari 4 - 203 Kópavogur  
Opið mán. - fös. kl. 9-17.  
S. 588-0028  
[haverslun@haverslun.is](mailto:haverslun@haverslun.is)  
[haverslun.is](http://haverslun.is)

## Rekstraraðili óskast á Patreksfjörð

N1 óskar eftir rekstraraðila fyrir þjónustustöð félagsins á Patreksfirði.

Til sölu er veitingarekstur og vörubirgðir núverandi rekstraraðila í húsnæði félagsins.

Rekstraraðili mun jafnframt verða umboðsaðili N1 á Patreksfirði. Hlutverk hans verður að þjónusta viðskiptavini á neytendamarkaði félagsins.

Miklir möguleikar fyrir einstakling eða samhent hjón sem vilja reka sitt eigið fyrtækni.

Áhugasamir vinsamlegast sendið tölvupóst á [pallorn@n1.is](mailto:pallorn@n1.is) eða hafið samband í síma **440 1022**.



# Skráningar á kynbótasýningar vorsins

Opnað verður fyrir skráningar á kynbótasýningar mánudaginn 6. maí. Skráning og greiðsla fer fram eins og síðustu ár í gegnum heimasiðu RML, [www.rml.is](http://www.rml.is) en á forsíðunni er flýtihnappur sem skráð er í gegnum.



A forsíðu WorldFengs er einnig hægt að skrá hross til sýningar. Nánari leiðbeiningar varðandi skráningar er að finna á heimasiðu RML.

Í meðfylgjandi töflu má sjá hvaða sýningarstaðir eru í boði og lokaskráningardag á hverja sýningu en skráningu þarf að vera lokið á miðnætti þess dags. Ef sýning fyllist lokast sjálfkrafa á sýninguna þó svo skráningarfrestur sé ekki útrunninn. Eigandi/umsjónarmaður hrossins verður þá að velja aðra sýningu. Til að fá aðstoð er hægt að hringja í síma 516-5000, eða senda tölvupóst á netföngin [halla@rml.is](mailto:halla@rml.is) og [hross@rml.is](mailto:hross@rml.is). Við bendum að að utan dagvinnutíma eru starfsmenn RML ekki til staðar til að svara síma eða tölvupósti og því hvetjum við eigendur/umsjónarmenn hrossa til að skrá sig tímanlega.

RML áskilur sér rétt til að fækka dögum á sýningum ef skráningar eru færri en búist er við og sameina sýningar ef þess gerist þörf. Sýning verður ekki haldin nema lágmarksfjöldi skráninga náist, sem eru 30 hross. Hér að neðan má sjá sýningaráætlun vorsins og hvenær síðustu skráningadagar eru.

Allar upplýsingar um röðun niður á daga munu birtast á heimasiðunni [www.rml.is](http://www.rml.is) þegar þær eru tilbúnar, sem verður nokkrum dögum fyrir sýningu.

## Sýningargjöld og fleira

Verð fyrir fullnaðardóm er 40.675 kr. en fyrir sköpulagsdóm/hæfileikadóm 31.000 kr. Ganga þarf frá greiðslu um leið og hrossið er skráð. Hægt er að greiða með debet-eða kreditkortum, **ekki er hægt að greiða með millifærslu**. Um leið og hrossið hefur verið skráð og greiðsla



Guðrún Hildur Gunnarsdóttir, starfsmaður RML, við mælingar á sýningu á Hólum í Hjaltadal sumarið 2023. Bjarni Jónasson heldur í hestinn.

Dags.	Staður	Loka skráningadagur
27.5- 31.5	Rangárbaðkar I, Hellu	föstudagur 17. maí
03.6- 07.6	Víðidal, Reykjavík	föstudagur 24. maí
03.6- 07.6	Rangárbaðkar II, Hellu	föstudagur 24. maí
03.6- 07.6	Hólar I, Hjaltadal	föstudagur 24. maí
10.6- 14.6	Brávellir I, Selfoss	föstudagur 24. maí
10.6- 14.6	Rangárbaðkar III, Hellu	föstudagur 24. maí
10.6-14.6	Sprettur I, Kópavogi	föstudagur 24. maí
10.6- 14.6	Hólar II, Hjaltadal	föstudagur 24. maí
18.6- 21.6	Brávellir II, Selfossi	föstudagur 24. maí
18.6- 21.6	Rangárbaðkar IV, Hellu	föstudagur 24. maí
18.6- 21.6	Sprettur II, Kópavogi	föstudagur 24. maí
18.6- 21.6	Hólar III, Hjaltadal	föstudagur 24. maí

framkvæmd, birtist hrossið strax inn á viðkomandi sýningu. Ef það gerist ekki er rétt að kanna hvort eitthvað hafi farið úrskeiðis við skráninguna. Aðeins þau hross sem hlotið hafa fullnaðardóm á sama sýningarári

sem greiddi fyrir plássið. Greiðsla fyrir það hross sem skipt var út verður notuð til greiðslu á hrossinu sem kom í staðinn.

Minnum á eftirfarandi:

- Ekki er hægt að skrá hryssur eða geldinga til sýningar nema búið sé að taka úr þeim stroksýni til DNA-greiningar og staðfesting á því liggi fyrir í WF.
- Allir stóðhestar verða að vera DNA-greindir svo og foreldrar þeirra.
- Úr öllum stóðhestum fimm vetrar og eldri þarf að liggja fyrir í WF að búið sé að taka blóðsýni og röntgenmynda vegna spats.
- Ekki er hægt að skrá hross á kynbótasýningu nema þau séu örmerkt
- Ef örmerki finnst ekki í hrossi sem mætir til dóms ber að örmerkja það á staðnum og taka stroksýni úr nös til DNA-greiningar á æterni, með þeim kostnaði sem af því hlýst fyrir eiganda/forrðamann. Örmerki og DNA-sýni þurfa ávallt að fylgjast að.

Ekkir er hægt að skrá hross til sýningar nema ofantalar kröfur séu uppfylltar og skráning liggi fyrir í WorldFeng. **Hross sem koma inn á sýningu í stað annarra skráðra hrossa og uppfylla ekki þessi skilyrði verða án undantekninga vísað frá sýningu strax hjá mælingamanni. Sýningargjald er ekki endurgreitt í slíkum tilfelli.**

Ef þess er nokkur kostur þá er fyrir alla aðila farsælast að skrá rétt hross á sýningu strax í upphafi því það einfaldar alla vinnu á sýningastað. Munum því eftir að taka sýni og röntgenmyndir í tíma.

Nánari upplýsingar um reglur og annað sem viðkemur kynbótasýningum má finna á heimasiðunni [www.rml.is](http://www.rml.is) eða hrингja í síma 516-5000 hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins. Einnig er hægt að senda tölvupóst á netfangið [hross@rml.is](mailto:hross@rml.is).

Höfundur er ráðunautur í hrossarækt.

# VARAHLUTIR Í KERRUR

**KNOTT** **AL-KO**  
QUALITY FOR LIFE  
**DEXTER**

Bílabúðin  
Stál og stansar

Framtíðarandi fyrirtæki

Vagnhöfða 7, 110 Reykjavík | Sími 517 5000 | [stalogstansar.is](http://stalogstansar.is)

Segðu **BLESS**  
við óværuna!



**YKKAR**  
pest control

BANINN SEM VIRKAR

-fæst í öllum betri landbúnaðar- og byggingavörumerslunum



## PRENNUPAKKAR

18V PAKKAR



### TAKMARKAD MAGN

Verð:

**115.000.-**

Vörunúmer: 5701 442 004



#### Rafhlöðuborvél - ABS 18 COMPACT

Öflug 18V rafhlöðuborvél með burstalausen EC mótor, viðheldur stöðugri hraðakúrfu undir á lagi

#### Rafhlöðuhögglykill - ASS 18 COMPACT

Öflugur 18V 1/2" rafhlöðuhögglykill með þrjú afstig og nær allt að 800 Nm losunarkraft

#### SDS Rafhlöðuhöggborvél - ABH 18 COMPACT

Öflugur 18V rafhlöðuhöggborvél sem hentar einstaklega vel fyrir meðalþungar boranir og léttu meitlavinna

#### Innifalið í pakka:

- 1 x Gæðaleg taska með plastbotni
- 1 x Rafhlöðuborvél ABS 18 COMPACT M-CUBE
- 1 x Rafhlöðuhögglykill ASS 18 COMPACT M-CUBE
- 1 x SDS Rafhlöðuhöggborvél ABH 18 COMPACT M-CUBE
- 3 x Rafhlöður Li-Ion 4 Ah BASIC M-CUBE
- 1 x Hleðslutæki ALG 18/6 FAST M-CUBE

Norðlingabraut 8  
Reykjavík  
S: 530 - 2005

Bildshöfði 16  
Reykjavík  
S: 530 - 2002

Drangahraun 4  
Hafnarfjörður  
S: 530 - 2020

**READY FOR WORK**



### TAKMARKAD MAGN

Verð:

**115.000.-**

Vörunúmer: 5701 443 004



#### Rafhlöðuborvél - ABS 18 COMPACT

Öflug 18V rafhlöðuborvél með burstalausen EC mótor, viðheldur stöðugri hraðakúrfu undir á lagi

#### Rafhlöðuhögglykill - ASS 18 COMPACT

Öflugur 18V 1/2" rafhlöðuhögglykill með þrjú afstig og nær allt að 800 Nm losunarkraft

#### Rafhlöðuslípirokkur - 125 COMPACT

Öflugur 18V rafhlöðuslípirokkur fyrir 125 mm skurðarskifur sem nær allt að 11.000 snúningum á mínu síðu

#### Innifalið í pakka:

- 1 x Gæðaleg taska með plastbotni
- 1 x Rafhlöðuborvél ABS 18 COMPACT M-CUBE
- 1 x Rafhlöðuhögglykill ASS 18 COMPACT M-CUBE
- 1 x Rafhlöðuslípirokkur AWS 18-125 P COMPACT M-CUBE
- 3 x Rafhlöður Li-Ion 4 Ah BASIC M-CUBE
- 1 x Hleðslutæki ALG 18/6 FAST M-CUBE

Eyravegur 38  
Selfoss  
S: 530 - 2016

Tryggvabraut 24  
Akureyri  
S: 461 - 4800

Vefverslun  
[www.wurth.is](http://www.wurth.is)  
S: 530 - 2000

# Viltu hjálp við sauðburðinn?

Giggó hjálpar þér að finna aukamannskap í fjárhúsín með litlum fyrirvara.

Nú er rétti tíminn til að redda aðstoð í vorverkin. Náðu í appið og auglýstu ókeypis á Giggó.



skanna  
og sækja



**GIGGÓ**



# Niðurstöður sauðfjárskýrsluhalds árið 2023

Uppgjör fyrir árið 2023 byggir á 274.744 ám, tveggja vетra og eldri, og eru skýrsluhaldarar um 1.530 talsins.



Eyjólfur Ingi Bjarnason.



Árni Bragason.

Þetta er nokkur fækjun frá síðasta ári en frá árinu 2014 hefur fjöldi kinda í skýrsluhaldinu dregist saman um rúm 20%. Mesta fækkinum frá árinu 2014 er í Gullbringu- og Kjósarsýslu 35,6%, Vestur-Skaftafelssýslu (30,5%), Barðastrandarsýslum (30,3%), Norður-Múlasýslu (28,8%) og Mýrasýslu (28,5%). Minnst fækjun hefur verið í A-Húnnavatnssýslu (5%), Eyjafirði

Eigandi	Býli	Fjöldi áa	Fædd lömb	Til nytja	Kg eftir kind
1 Eiríkur Jónsson	Gýgjarholkskot, Biskupstungum	285	2,15	1,94	47,1
2 Gunnar, Gréta, Jóhannes og Stella	Efri-Fitjar, Fitjárdal	805	2,19	2,02	44,0
3 Bergþóra og Sigurbjörn	Kiðafell, Kjós	148	2,10	1,90	43,9
4 Björn og Badda	Melum 1, Árneshreppi	295	2,07	1,90	41,6
5 Inga Ragnheiður Magnúsdóttir	Svínafell 3 (Bölti), Öræfum	227	2,05	1,85	40,4
6 Jón og Hrefna	Hóli, Sæmundarhlíð	202	2,06	1,94	40,4
7 Elín Heiða Valsdóttir	Úthlíð, Skaftártungu	328	2,09	1,92	40,0
8 Águst Ingi Ketilsson	Brúnastöðum, Flóa	104	2,19	1,92	39,4
9 Böðvar Sigvaldi og Ólöf	Mýrar 2, Hrútafirði	544	2,07	1,84	39,1
10 Þórður og Birgitta	Möðruvöllum 2, Hörgárdal	129	2,16	1,95	39,1
11 Magnús Jósefsson	Steinnesi, Þingi	623	2,19	1,92	38,8
12 Viðar og Sigríður	Kaldbak, Rangárvöllum	147	2,09	1,89	38,8
13 Ása Berglind Böðvarsdóttir	Mýrar, Hrútafirði	282	2,06	1,86	38,6
14 Byggðaból ehf.	Kálfafelli, Fljótshverfi	210	1,94	1,71	38,5
15 Eysteinn og Aldís	Laufhóli, Skagafirði	132	1,99	1,90	38,4
16 Magnús Örn og Ingibjörg Jónína	Bergsstöðum, Vatnsnesi	398	2,05	1,86	38,1
17 Hrísvellir ehf.	Hríshól, Eyjafjarðarsveit	237	2,07	1,88	38,1
18 Sigfús og Lilja	Borgarfelli, Skaftártungu	667	2,02	1,82	38,0
19 Kjartan Sveinsson	Bræðratungu, Biskupstungum	242	1,88	1,73	37,9
20 Teigur 1 st.	Teigi 1, Fljótshlíð	585	2,05	1,87	37,8

Tafla 1. Efstu bú landsins samkvæmt afurðum eftir hverja fullorðna á. Einungis bú með 100 eða fleiri vetrafóðraðar ær.

(13,1%) og V-Húnnavatnssýslu (14,9%).

Meðalafurðir eftir hverja á voru 28,8 kg og aukast talsvert milli ára en árið 2022 voru minni afurðir á mórgum svæðum vegna óhagstæðs tíðarfars þá um sumarið. Mestur afurðir eftir hverja kind eru í V-Húnnavatnssýslu, eða 31,7 kg. Næstir eru Strandamenn með 30,5 kg og svo Eyfirðingar með 30,2 kg.

## Efstu búin

Pau bú í skýrsluhaldi sem skiluðu uppgjöri fyrir árið 2023 og eru með 100 fullorðnar ær eða fleiri eru samtals 891. Efstu búin á lista yfir kg kjöts eftir hverja á sýna hvað hægt er að ná miklum afurðum eftir hverja kind þar sem fer saman góð frjósemi, góð vaxtargeta lamba og hún nýtt til fullnustu. Árið 2023 voru 7 bú sem ná meira en 40 kg eftir hverja á.

Langefst stendur Gýgjarholkskot í Biskupstungum með 47,1 kg. Þetta bú hefur skipað efsta sætið samfellt frá árinu 2015 og alltaf náð meira en 40 kg eftir ána.

Annað og þriðja sæti hafa sætaskipti frá fyrra ári en Efri-Fitjar í Fitjárdal skipa annað sætið með 44 kg eftir hverja kind og Kiðafell í Kjós það þriðja með 43,9 kg. Næst koma öll með meira en 40 kg eftir hverja kind, Melar í Árneshreppi, Hóli í Sæmundarhlíð, Svínafell 3 í Öræfum (Bölti) og Úthlíð í Skaftártungu.

## Frjósemi og lömb til nytja

Afurðir eftir hverja á byggja á fjölda lamba til nytja og fallpunga lambanna. Þetta er því ekki algildur mælikvarði á útkomu sauðfjárbúa þar sem mismunandi framleiðslukerfi henta fyrir mismunandi bú. Sumir sjá hag sinn í því að koma með lömbin snemma til slátrunar en aðrir leggja áherslu á að bata lömbin lengur og nýta vaxtargetu þeirra að fullu. Í þessu sambandi er mikilvægt að allir leggi áherslu á að framleiða góða vöru en lömbin mega hvorki vera af holdtítil né af feit. Alltaf er grundvallaraðrið að lömbin séu í góðu standi og framför þegar kemur að slátrun þeirra.

Eitt mikilvægasta atriði m.t.t. afkomu sauðfjárbúa, er að ná sem flestum lömbum til nytja. Frumskilyrði er að ærnar séu frjósamar en síðan eru ýmsir þættir sem hafa áhrif á lifun lambanna. Meðalfrjósemi árið 2023 var 1,83 lömb eftir ána.

Frjósemi hefur heldur potast upp á síðstu árum þó landsmeðaltalið hreyfist mjög hægt. Því ber þó að halda til haga að mórg þó hafa náð þarna frá þeim árinum árangri og eru með frjósemi í kringum tvö lömb eftir ána en það er jú ræktunartakmarkið.

Framhald á næstu opnu.

**PESSI STÓRA VÉL  
GENGUR EKKI ÁN  
PESSARAR LITLU SÍU**


Með endingargóðum varahlutum lágmarkar bú stopptíma.

HAFDU SAMBAND Í SÍMA 580 0110 EÐA PON@PON.IS  
EÐA HEIMSÓTTU OKKUR AÐ SELHELLU 3, 221 HAFNARFIRÐI.

**PON**  
GÆÐI OG PJÖNUSTA

# ÚRVAL ÖRUGGRA LAUSNA FYRIR ÞÍNAR FRAMKVÆMDIR

Verum vel búin í krefjandi aðstæðum og komum heil heim. Skoðaðu fjölbreytt úrval á heimasíðunni okkar [www.vpallar.is](http://www.vpallar.is) eða kíktu í heimsókn á Vagnhöfða 7



## VINNUPALLAR

Vinnupallar ehf. – Vagnhöfða 7 – s. 787 9933 – [vpallar@vpallar.is](mailto:vpallar@vpallar.is) – [www.vpallar.is](http://www.vpallar.is)

# Garðyrkja

## Heildarlausnir fyrir garðyrkjuna



Allt frá  
fræjum til  
afurða



Frjó umbúðasalan, hluti af Samhentum síðan 2016

Suðurhraun 4a, 210 Garðabæ, 5758000  
[www.samhentir.is](http://www.samhentir.is) [sala@samhentir.is](mailto:sala@samhentir.is)

**Samhentir**



Alls eru 104 bú (12%) með 2 lömb eða fleiri fædd eftir hverja kind á búum með fleiri en 100 fullorðnar kindur á skýrslu. Hins vegar eru búin miklu fleiri sem eiga mikil sóknarfæri í því að bæta frjóseminu og hér þyrfti að nást aukinn árangur á næstu árum og hvað mest tækifæri í bættri rekstrarafkomu hvers bú. Nokkur munur er á milli landsvæða í frjósemi. Best er frjósemi á Anna í Vestur-Húnavatnssýslu þar sem hverær fæðir 1,88 lömb að jafnaði og næst kemur Eyjafjarðarsýsla með 1,87 lömb að jafnaði fædd hjá hverri kind. Frjósemi er minnst í Ísafjarðarsýslum eða 1,61 lamb og Suður-Múlasýslu 1,75 lömb.

Til nytja eru að jafnaði 1,63 lömb eftir ána sem er minna en síðustu ár en í samhengi við minni frjósemi milli ára.

#### Veturgömlu ærnar

Veturgamlar ær eru 57.805 á skýrslum árið 2023. Meðal frjósemi

þeirra er 0,95 lömb. 12,8% á Anna voru geldar og 12,7% af þeim var ekki haldið undir hrút. Meðalafurðir eftir hverja veturgamla á voru 11,9 kg. Mestum afurðum eftir veturgamlar ær (miðað við bú með 20 eða fleiri veturgamlar ær) náði búið í Gýgjarhólskoti eða 29,4 kg eftir hverja kind.

#### Afurðir eftir allar ær búinsins (fullorðnar og veturgamlar)

Nú er í annað sinn birtur nýr afrekalisti í samantektum yfir niðurstöður skýrsluhaldsins. Það er listi yfir mestar afurðir eftir allar ær og veturgamlar ær á búinu þá með í hópnum. Búið í Gýgjarhólskoti stendur á toppnum hér með 43,7 kg eftir hverja á. Fullorðnu ærnar eru 285 en þær veturgömlu eru 69 og eru þetta algerlega frábærar afurðir eftir hjörðina. Í öðru sæti er bú Bergþóru og Sigurbjörns að Kiðafelli í Kjós með 39,4 kg og í þriðja sæti er búið á Efri-Fitjum með 39,2 kg eftir hverja kind en

Eigandi	Býli	Fjöldi áa	Fædd lömb	Til nytja
1 Birgir Valdimar Hauksson	Grímsstöðum 3, Mývatnssveit	134	2,28	2,03
2 Sverrir Möller	Ytra-Lóni, Langanesi	115	2,11	2,03
3 Gunnar, Gréta, Jóhannes og Stella	Efri-Fitjar, Fitjárdal	805	2,19	2,02
4 Þórður og Birgitta	Möðruvöllum 2, Hörgárdal	129	2,16	1,95
5 Oddný Steina og Águst	Burtu, Fljótshlíð	416	2,09	1,95
6 Merkurbúið sf.	Stóru-Mörk, Eyjafjöllum	170	2,07	1,95
7 Eiríkur Jónsson	Gýgjarhólskot, Biskupstungum	285	2,15	1,94
8 Hurðarbaksbúið ehf.	Hurðarbaki, Flóa	123	2,15	1,94
9 Jón og Hrefna	Hóli, Sæmundarhlíð	202	2,06	1,94
10 Haflidið Sveinsson	Ósabakka 3, Skeiðum	127	2,17	1,93
11 Gunnar og Matthildur	Þróroddsstöðum, Hrútafirði	321	2,04	1,93
12 Águst Ingi Ketilsson	Brúnastöðum, Flóa	104	2,19	1,92
13 Magnús Jósefsson	Steinnesi, Þingi	623	2,19	1,92
14 Elín Heiða Valsdóttir	Úthlíð, Skáftártungu	328	2,09	1,92
15 Bogi og Unnur	Stóra-Kálfalæk, Mýrum	399	2,07	1,92
16 Karl Guðmundsson	Mýrum 3, Hrútafirði	224	2,04	1,92
17 Svartárkotsbúið ehf.	Svartárkoti, Bárðardal	245	2,02	1,92
18 Finnur og Guðrún	Háafelli, Miðdolum	234	2,13	1,91
19 Aðall ehf.	Klausturseli, Jökuldal	512	2,12	1,91
20 Félagsbúið	Sandfellshaga 2, Öxarfirði	380	2,09	1,91

Tafla 2. Efstu bú landsins skv. fjölda lamba til nytja eftir hverja fullorðna á. Bíu með 100 eða fleiri vetrarfóðraðar ær.

það er langstærst þessara þrigga búa með 1.006 ær alls á skýrslum. Þegar þessi mælistika á afurðir er notuð skiptir að sjálfsögðu máli hver hlutur veturgömlu Anna er í heildarfjölda áa og vert að hafa það í huga þessi afrekalisti er skoðaður. Hér má einnig sjá hve mikilli framleiðslu er hægt að ná ef tækifærin eru nýtt eins og kostur er og tekst að láta allt ganga vel upp.

Jafnframt er í aftasta dálki á þessum lista reiknað nytjahlfall lamba sem segir til um hversu hátt hlutfall af fæddum lömbum kemur til nytja að hausti. Þar hefur þróunin verið á verri veg, þ.e. að hlutfallið fer lækkandi milli ára. Nánari greining á nytjahlfallini og þróun þess eftir árum og milli aldurshópa kinda bíður betri tíma.

#### Listi yfir bú sem ná góðum árangri (úrvalsbú)


Í nokkur ár hefur verið birtur listi á heimasíðu RML yfir bú sem náð

hafa mjög góðum árangri með sína hjörð að teknu tilliti til margra þáttu. Þessar viðmiðanir hafa verið í mótu og tekið breytingum gegnum árin en nokkrar breytingar urðu á forsendum fyrir ári síðan. Það er eðilegt að svona viðmiðanir taki nokkuð örum breytingum í takt við vonandi almennt betri árangur hjá fleirum.

Lístann má finna á heimasíðu RML þar sem hann er að finna meðal annarra niðurstaðna skýrsluhalds í sauðfjárrækt árið 2023.

#### Niðurstöður fyrir flokkun sláturlambda

Í skýrslum fjárræktarfélöganna fyrir framleiðsluárið 2023 eru upplýsingar um 404.345 dilda. Meðalfallþungi þeirra var 17,6 kg, einkunn fyrir holdfyllingu 9,60 og einkunn fyrir fitu 6,76. Miðað við 100 sláturlömb eða fleiri er það 31 bú sem nær þeim frábæra



## AUÐVELDARI GLERÍSETNING MED UPLIFTER GLER-LIFTUNUM Í BYKO LEIGU

Auðveldaðu og tryggðu verkið þitt með einfaldari ísetningu á gleri. Lágmarksleiga eru 24 klst. á 20.000 kr. m/vsk. Hægt er að hafa samband við okkur til að fá tilboð í lengri verkefnil.

[www.byko.is/leiga](http://www.byko.is/leiga) | [leiga@byko.is](mailto:leiga@byko.is) | 515 4020

**BYKO**  
GERUM BETTA SAMAN

## Vélaskólinn

Talsett Vinnuvélanámskeið á netinu



[www.velaskolinn.is](http://www.velaskolinn.is)

Eigandi	Býli	Fjöldi sláturlamba	Fallþungi	Gerð	Fita	Vaxtarhraði gr/dag
1 Sigurfinnur Bjarkarsson	Brattsholti, Árborg	100	20,03	12,80	8,01	136
2 Ægir Sigurgeirsson	Stekkjardal, Svínadal	250	20,44	12,49	7,28	134
3 Gunnar, Gréta, Jóhannes og Stella	Efri-Fitjum, Fitjárdal	1522	20,61	12,33	7,65	150
4 Böðvar Sigvaldi og Ólöf	Mýrum 2, Hrútafirði	966	20,37	12,11	7,77	140
5 Magnús Örn og Ingibjörg Jónína	Bergsstöðum, Vatnsnesi	637	19,61	12,10	7,31	144
6 Indriði Karlsson	Grafarkoti, Línakradal	460	19,05	12,05	7,12	140
7 Þórður Jónsson	Árbæ, Reykhólasveit	134	20,84	12,03	7,70	138
8 Sæludalur ehf.	Skipholti 3, Hrunamannahreppi	329	19,85	12,03	7,16	125
9 Gunnar Þóroddsson	Hagalandi, Þistilfírði	124	20,05	11,94	8,52	138
10 Kjartan Sveinsson	Bræðeratungu, Biskupstungum	403	21,48	11,89	7,57	131
11 Björn og Badra	Melum 1, Árneshreppi	398	20,45	11,88	7,39	165
12 Ása Berglind Böðvarsdóttir	Mýrum 2, Hrútafirði	519	20,06	11,84	7,57	136
13 Águst Ingi Ketilsson	Brúnastöðum, Flóa	176	19,68	11,78	7,13	137
14 Jökull Helgason	Ósabakka 2, Skeiðum	331	19,81	11,77	7,21	125
15 Davíð og Sigrún	Litlu-Ávík, Árneshreppi	124	19,49	11,75	6,90	154
16 Eiríkur Jónsson	Gýgjarhólskoti, Biskupstungum	531	23,16	11,72	7,37	140
17 Sigfús og Lilja	Borgarfelli, Skáftártungu	1138	20,21	11,70	7,35	128
18 Þorvaldur H. Þórarinsson	Litlu-Reykjum, Flóa	140	19,93	11,69	7,10	134
19 Sigurður Rúnar Sigurðarson	Vetleifsholti, Ásahreppi	107	17,45	11,67	7,08	122
20 Reynir Björnsson	Miðdalsgröf, Tungusveit	325	19,29	11,65	7,48	143
21 Félagsbúið	Ytri-Skó gum 2, Eyjafjöllum	347	18,44	11,64	6,70	120
22 Eyjólfur og Lóra	Ásgarði, Hvammssveit	552	18,77	11,61	7,27	142
23 Hrepphólar ehf.	Hrepphólum, Hrunamannahreppi	489	20,85	11,61	7,37	133
24 Dagbjartur Bogi Ingimundarson	Brekku, Núpasveit	620	18,59	11,60	7,50	134
25 Viðar og Sigríður	Kaldbak, Rangárvöllum	256	20,21	11,59	7,55	151
26 Eyþór Pétursson	Baldursheimi 3, Mývatnssveit	225	16,02	11,55	5,94	122
27 Gauðarbúið ehf.	Gaul, Staðarsveit	319	18,14	11,55	6,68	129
28 Guðrún Marinósdóttir	Búrfelli, Svarfaðardal	127	21,56	11,54	8,15	175
29 Sigvaldi og Björg María	Hægindi, Reykholtadal	276	18,79	11,53	7,37	120
30 Birgir Baldursson	Bæ 1, Miðdöllum	138	19,53	11,52	7,70	134
31 Þormóður Heimisson	Sauðadalsá, Vatnsnesi	995	19,13	11,50	7,03	149

Tafla 4. Efstu bú landsins samkvæmt einkunn fyrir holdfyllingu sláturlamba (gerð) þar sem fjöldi sláturlamba eru 100 eða fleiri.

árangri að holdfyllingareinkunn sláturlambanna sé 11,5 eða hærri. Árið 2022 voru það 23 bú og árið 2021 voru þau 17 þannig að sífellt fleiri bú eru að skora hærra í holdfyllingarmati sláturlamba. Haest gerðarmat var hjá Sigurfinni Bjarkarssyni í Brattsholti í Árborg en 100 díkar frá honum fengu að meðaltali 12,8 í gerð.

Næst í röðinni koma lömbin hjá Ægi í Stekkjardal með 12,49

og þriðja í röðinni var búið á Efri-Fitjum með 12,33.

#### Að lokum

Niðurstöður skýrsluhaldsins hjálpa okkur til að greina hvað má bæta. Listar yfir hæstu bú hjálpa okkur að sjá hvaða árangri er hægt að ná og eiga að virka sem hvatning.

Til að ná góðum árangri þarf margt að spila saman, s.s. öflugar

kynbætur og þekking á gripum hjarðarinnar, góðir búskaparhættir, góðir sumarhagar ásamt hagfelloð tíðarfari.

Nánari upplýsingar varðandi niðurstöður skýrsluhaldsins fyrir árið 2023 má finna á heimasíðu RML.

Höfundar eru ráðunautar í sauðfjárrækt.



10-50%

# Tilboðsdagar

Hándklæði og rúmföt

RÚMFÖT.IS

Nýbýlavegur 28 - Kópavogur - Sími 565-1025 - Email: rumfot@rumfot.is  
Opíð 12-17.30 og 11-15.00 laugardaga.

2004 - 2024  
**20 ÁRA AFMÆLI**

**20%**  
AFSLÁTTUR  
af gleraugum til 15. maí\*



**Hamrahlið 17**

Hús Blindrafélagsins  
Sími • 552-2002



\*Gildir ekki af gleraugum á fóstu verði

## Merkið sem tryggir að þú fáir íslenskt þegar þú velur íslenskt

Íslenskt staðfest er upprunamerki fyrir matvörur og blóm sem framleidd eru á Íslandi.

Merkið er svar við óskum neytenda, en allar kannanir segja okkur að yfirgnæfandi meirihluti þeirra vill velja íslenskt og vill skýrar upplýsingar til að hjálpa sér við valið.

Kynntu þér merkið og notkun þess á [stadfest.is](#)




# Grænfóður: helstu tegundir og yrki síðustu fimm árin

Næst á dagskrá í umfjöllun um notkun á tegundum og yrkjum er samantekt á sáðu grænfóðri síðustu fimm árin.

Grænfóður eru sumar-eða vetrareinærar gróffóðurjurtir sem nýttar eru til beitar eða sláttar. Í þessum hópi eru tegundir með ólíka eiginleika sem ýmist eru notaðar einar og sér eða í blöndum, en af gögnum má ætla að árið 2023 hafi einn þriðji af grænfóðri sem sáð var, verið sáð í blöndum. Einnig má sjá á gögnum úr forritinu Jörð að nokkur munur er á milli landshluta og/eða svæða hversu algengt er að blanda saman tegundum grænfóðurs við sáningu auk þess sem aðeins er munur á nýjungagirni, en þessi munur skýrist án efa af því hvar kúabúskapur er ríkjandi. Hægt er að setja saman ólíkar tegundir í grænfóðurblöndur, allt eftir því hverju verið er að sækjast eftir varðandi notkunina. Líkt og var með samantekt á notkun á tegundum og yrkjum grasa (f. tölublaði) þá byggir þessi tölulega samantekt á skráningum úr forritinu Jörð og gera þarf fyrirvara um nákvæmni skráninga þar.

Grænfóður er helst notað til beitar snemma sumars, á haustin og í skjósáningar. Þær fimm tegundir grænfóðurs sem mest hefur verið notað af síðustu fimm árin eru fóðurrepja, einært rýgresi, hafrar, ertur, bygg og fóðurmergkál, sjá töflu 1. Fóðurrepjan og einara rýgresið eru með afgerandi mesta notkun öll árin og þar á eftir koma hafrar með nokkuð stöðuga notkun líkt og byggid sem er þó minna notað en hafrarnir, og loks eru það ertur og fóðurmergkál sem skipta með sér fimmsta sætinu eftir árum.




Mynd 1. Notkun á yrkjum af fóðurrepujum á árunum 2019-2023 sem hlutfall af heildarnotkun á fóðurrepujum hvert ár. Sjá má skiptingu á yrkjum eftir því hvort umsögn er um þau í Nytjaplöntur á Íslandi eða ekki.



Mynd / Eiríkur Loftsson

Hægt er að segja að vetrarafbrigðun sé besta grænfóðrið fyrir haustbeit, með annari beit með. Mergkálið getur gefið mjög mikla uppskeru í góðum árum en það þarf að taka tillit til þess að ekki er endilega öll uppskeran að nýtast í beitinni og því spurning hvort skynsamlegt sé að horfa sérstaklega til þess að fá sem allra mestu uppskeruna, sérstaklega ef ræktunarþryggið er minna. Ef horft er nánar á fóðurrepjuna og notkun á einstökum yrkjum á þessu fimm ára tímabili þá sést að yrkin Hobson og Barcoli eru með afgerandi mesta notkun öll árin og svo kemur Ringo þar á eftir en þó með umtalsvert minni notkun, sjá mynd 1. Gott er að sjá að þau yrki sem mest er verið að nota séu með umsögn í ritinu

Næst á eftir fóðurrepjunnini í notkun kemur einært rýgresi. Af því eru bæði til vetrar- og sumarafbrigði auk þess sem þau geta verið tví-eða ferlitna. Ferlitna afbrigðin eru með stærri frumum og hlutfallslega minni stöðvef en tvílitna afbrigðin og því eru þau yfirleitt með hærri meltanleika og herra fóðrunarvirði en tvílitna afbrigðin. Tvílitna yrkin eru almennt með hærri þurrefnini og þolnari en




Elena Westerhoff. Þórey Gylfadóttir.

bau fjórlitna. Vetrarafbrigðin skríða seinna en sumarafbrigðin og halda almennt fóðurgildi sínu nokkuð vel. Sumarafbrigðin eru alla jafna fljótari til eftir sáningu og betra er að hafa varann á og passa að það spretti ekki um of vegna fóðurgæða en vetrarafbrigðin þola frekar að sláttur dragist þegar horft er á fóðurgæði og lystrugleika. Í þessu sambandi þarf að horfa til sambandsins milli uppskerumagns og fóðurgæða þannig að ekki sé verið að fórná fóðurgæðum fyrir mjög mikil uppskerumagn. Ef nýta á einart rýgesi til beitar er hægt að blanda saman sumar- og vetrarafbrigðum til að nýta sér mismuninn hvað varðar hversu fljót þau eru til eftir sáningu. Sumarafbrigðin standa sig oft betur þar sem illgresisálag er þar sem þau eru fljótari en vetrarafbrigðin og keppa því betur við illgresið. Í sumum árum á einæra rýgesið erfitt uppdráttar að vori en tekur þó oft við sér eftir slátt og því er ekki endilega ráðlegt að bíða með slátt þó svo að útlitið sé ekki gott. Dregið saman getum við sagt að sumarafbrigðin gefi oft meiri þurrefnisuppskeru en vetrarafbrigðin sem hafa aftur á móti meira fóðrunarvirði, bæði hærri meltanleika og prótein. Vaxtarhraði sumarafbrigða er meiri

Bæði er haeft að ræcta hafra til þroska og til sláttar/beitar og ef nýta á þá til sláttar er mikilvægt að nota yrki sem hafa þá eiginleika að vera seinsprottnir og skrídá seint. Undanfarin fimm á hefur yrkið Belinda verið með langmesta notkunina ef undan er skilið árið 2022 en þá fór notkunin á því niður fyrir 50% af sáðum höfnum og það ár var yrkið Nike mest notað og það var einnig með rúmlega 20% notkun af sáðum höfnum árið 2023. Árin 2019-2021 skiptast yrkin Nike og Akseli á að vera í öðru og þriðja sætinu. Einstaka ár koma inn yrki sem ekki eru á Nytjaplöntulistanum en þau sem koma fyrir oftar en einu sinni yfir þetta fimm ára tímabil og voru með þónokkra notkun eittihvert af því árum eru yrkin Aspen og Matty.

Einærar tegundir eru notaðar í skjósáningar en með því að skjósá má ná uppskeru sáðarsins af einær tegundunum. Aðeins er misjafnt hvernig staðið er að skjósáningum en mikilvægt er að velja tegund og yrki sem veita grassáningunni ekki harða samkeppni. Mest er verið að nota hafra, bygg og einært rýgresi en rýgesið veitir grassáningunni mikla samkeppni þar sem það þéttir sig mikil og því eru hafrar eða bygg betri kostur þó svo að rýgesið myndi hafa vinninginn út frá fóðurgildinu. Bygg er kannski heldur fljótara en hafrar, og efnarkara, en ef nota á bygg í skjósáningu er mikilvægt að slá það fyr en ef um hafra væri að ræða, bæði til að opna svörðinn fyrir grassáninguna en ekki síður til að koma í veg fyrir að titur verði vandamál í fóðrinu. Eitthvað hefur rúgur verið notaður sem grænfóður en gott getur verið að sá rýgesi með




Mynd 2. Notkun á yrkjum af einært rýgresi á árunum 2019-2023 sem hlutfall af heildarnotkun á fóðurrepujum hvert ár. Tvær súlur eru fyrir hvert ár, önnur fyrir sumarafbrigði og hin fyrir vetrarafbrigði. Sjá má skiptingu á yrkjum eftir því hvort umsögn er um þau í Nytjaplöntur á Íslandi eða ekki.

## Bústjórn og fjármagnskostnaður hafa áhrif á afkomu kúabúa

Skýrsla um rekstur kúabúa 2020-2022 kom út í vikunni. Hún endurspeglar afkomu 174-176 kúabúa árin 2020-2022 sem í heildina lögðu inn um 41-45% af landsframleiðslu mjólkur, vaxandi eftir árum.

Pessi bú eru með 61 árskú að meðaltali árið 2022, en meðalbúið á landsvísu taldist þá með 51 árskú. Meðalframlegðarstig búanna lækkodi úr 53,3% árið 2020 í 49,7% árið 2022 og munaði þar mestu um mikla hækjun aðfanga, sérstaklega áburðar, fóðurs, olíu og þjónustu.


Maria Svanþrúður Jónsdóttir fram í skýrslunni. Skoðað var samhengi afurðasemi og framleiðslukostnaðar en þar munar riflega 30 kr/ltr milli afurðahæstu og



Mynd 1. Samhengi á milli afurðasemi (litr/árskú) og framleiðslukostnaðar á þátttökubúum árið 2022.

afurðalægstu búanna og er greinilegt að hér geta verið sóknarfæri í rekstri.

Einnig er munur í framleiðslukostnaði búanna þegar hann er settur í samhengi við heyjaða hektara á hverja árskú. Hér er tækifæri fólgjð í því að lágmarka umfang heyjaðra hektara/árskú og gera sem best við túnín. Það endurspeglar mikilvægi þess að horfa einnig á ræktarlandið sem sínar „mjólkurkýr“ og hámarka gæði og uppskeru af hverjum hektara.



Mynd 2. Áhrif fjölda heyjaðra hektara á breytilegan kostnað. Meðaltöl sömu 174 kúabúa árin 2019-2022.

á búum eftir skuldaflokkum þar sem fjármagnskostnaður skuldsettasta hópsins er 53,9 kr/ltr að meðaltali, eða um 29% af heildarveltu búanna.

Ljóst er að áhrif sprettgreiðslna á afkomu kúabúa 2022 voru mjög jákvæð til viðbótar við hækken að afurðaverði í mjólk.

Um þetta og margt fleira er fjallað í umræddri skýrslu, sem haegt er að finna á heimasiðu RML. Þegar er

hafin gagnaöflun fyrir rekstrarárið 2023 og stefnt að birtingu bráðabirgðauppgjörs í byrjun sumars. Nú sem ætlið er bændum á þátttökubúnum þakkað kärlega fyrir þátttökuna og traustið sem okkur er sýnt og nýr þáttakendur eru ávallt velkommir.

Höfundar eru ráðunautar á rekstrar- og umhverfissviði.

vegna endurvaxtar þess þar sem það nýttir allan vaxtartímann. Ertur eru einærar belgjurir sem eru notaðar sem grænfóður eða sem hluti af heilsæðisræktun og þá oft með repju og t.d. byggi. Þær hafa verið taldar

frekar óðruggar í ræktun en geta verið góð viðbót.

Almennt varðandi verkun á grænfóðri þá má segja að mikilvægt sé að reyna að láta það þorna aðeins og að því marki að ekki verði safatap

með frárennsli því þá eru næringarefnin að tapast, og að nota íblöndunarefnin og þá ekki síst vegna þess að hætta getur verið á jarðvegsmengun þegar grænfóður er hirt af velli, sem truflar verkunina.

Enn og aftur hvetjum við bændur til að kynna sér vel eiginleika þeirra tegunda og yrkja sem í boði eru og minnum á mikilvægi þess að nota reynd yrki þar sem mikil vinna, tími og fjármagn liggr í endurrækt og

því sárt að hún lukkist illa af því að fræið sem valið er hentar ekki eða illa aðstæðum.

Höfundar eru ráðunautar í jarðrækt.

	% teg. af grænfóðri	% yrkja á Nytjaplöntul.	% teg. af grænfóðri	% yrkja á Nytjaplöntul.	% teg. af grænfóðri	% yrkja á Nytjaplöntul.	% teg. af grænfóðri	% yrkja á Nytjaplöntul.	% teg. af grænfóðri	% yrkja á Nytjaplöntul.	% teg. af grænfóðri	% yrkja á Nytjaplöntul.
2019	51	71	35	65	8	50			2	62	1	60
2020	46	69	39	50	8	42			4	70	1	60
2021	50	77	34	52	9	45	2	75	2	67		
2022	50	71	31	71	8	44	4	80	3	80		
2023	48	92	32	53	11	50	4	75	2	58		

Tafla 1. Taflan sýnir hlutfall (%) þeirra fimm tegunda sem mest eru notaðar, fóðurrepja, einært rýgresi, hafrar, ertur, bygg og fóðurmergkál, sem hlutfall af heildarnotkun fyrir hvert ár fyrir sig. Hlutfall yrkja er sýnt af hverri tegund sem eru í riti Nytjaplöntur á Íslandi sem Landbúnaðaráskóli Íslands gefur út.



## Framkvæmdastjóri

Bændasamtök Íslands óska eftir að ráða framkvæmdastjóra með ríka samskipta- og forystuhæfni. Bændasamtök Íslands eru málsvari bænda og gæta hagsmuna þeirra. Framkvæmdastjóri kemur fram fyrir hönd samtakanna og stýrir daglegri starfsemi þeirra.

### Starfs- og ábyrgðarsvið

- Ábyrgð á daglegum rekstri og stjórnun samtakanna
- Eftirfylgni með stefnu og ákvörðunum stjórnar
- Samskipti við félagsmenn, fjölmöðla, stjórnvöld og aðra hagaðila
- Stuðla að góðum tengslum og stuðningi við allar búgreinadeildir
- Ábyrgð á samningagerð, mannaúðsmálum og erlendum samskiptum

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun sem nýtist í starfi
- Farsæl reynsla af stjórnun og rekstri
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar og virk hlustun
- Pekking á íslensku stjórnkerfi og reynsla af samskiptum við opinbera aðila
- Pekking á íslenskum landbúnaði æskileg
- Reynsla af samskiptum við fjölmöðla
- Góð færni í að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku
- Trúverðugleiki og gott orðspor



**BÆNDASAMTÖK  
ÍSLANDS**

Sterk og öflug Bændasamtök eru lykillinn að því að rödd bænda heyst skýrt og greinilega þegar teknar eru ákvarðanir um málefni þeirra. Meginmarkmið samtakanna er að beita sér fyrir bættri afkomu bænda, betri rekstrarskilyrðum í landbúnaði auk þess að miðla upplýsingum og sinna fræðslu til sinna félagsmanna. Hjá Bændasamtökunum starfa um 20 starfsmenn og er skrifstofa samtakanna í Borgartúni 25. Bændasamtokin gefa út Bændablaðið, sem er mest lesna dagblað landsins en því er dreift endurgjaldslaust víða um land, m.a. til allra félagsmanna í samtökunum.



**Sótt er um starfið  
á hagvangur.is**

Umsóknum skal fylgja ferilskrá auk kynningarbréfs. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Umsóknarfrestur er til og með **30. apríl nk.**

Nánari upplýsingar um starfið veitir Geirlaug Jóhannsdóttir, [geirlaug@hagvangur.is](mailto:geirlaug@hagvangur.is).

# Mikilvægi og ábyrgð sveitarfélaga við vernd líffræðilegrar fjölbreytni

Hver er staða líffræðilegrar fjölbreytni í heiminum í dag? Lífríki heimsins hnignar hratt af mannavöldum. Raunar er talið að breytingarnar séu hraðari en áður hefur þekkst í jarðsögunni og nefnist yfirstandandi jarðsögutímabil mannöldin (Anthropocene) vegna yfirgnaðandi áhrifa mannsins á umhverfi jarðar.



Tómas Grétar Gunnarsson.

Hnigunun líffræðilegrar fjölbreytni má einkum rekja til breytinga á landi og legi sem fylgja auknum fólksjölda og auðlindanotkun. Forsendur fyrir mannlífi og öllu öðru lífi á jörðinni velta á að okkur takist að stöðva hnigununa. Viðfangsefnið snýst ekki einungis um áhrif á lífríki heldur hefur hefur



Hettumávar í votlendi. Votlendi eru einhver auðugustu búsvæði heimsins og standa undir mikilli líffræðilegri fjölbreytni. Þau binda mikið kolefni, auka seiglu vistkerfa og miðla vatni.

Antonio Guterres, að þjóðir heims væru að fremja sjálfsmorð með umgengni sinni við náttúruna („we are committing suicide by proxy“).

**Hvert er hlutverk og mikilvægi sveitarfélaga við vernd líffræðilegrar fjölbreytni?**

Lilja Jóhannesdóttir. bein tengsl við mikilvæga hagsmuni mannsins eins og matvælaframleiðslu, vatnsgæði og jarðvegsvernd. Það eru engin önnur mál brýnni en að ná tökum á hnignun náttúrunnar.

Mikilvægt er að nálgast vandann á heildrænan hátt. Þannig er afar brýnt að samstilla viðbrögð við tapi líffræðilegrar fjölbreytni og hamfarahlýnum eins og Sameinuðu þjóðirnar leggja nú ríka áherslu á. Á fundi þeirra um líffræðilega fjölbreytni í Montréal 2022 (COP15) undirrituðu 196 þjóðir, Ísland þar á meðal, tímamótasamning um verndun líffræðilegrar fjölbreytni. Samningurinn felur í sér sundurliðun markmiða til að ná tökum á vandanum, m.a. að árið 2030 njóti 30% af ládi og legi verndar og að maðurinn lífi í sátt við náttúru jarðar árið 2050. Við þetta tækifæri sagði aðalritari Sameinuðu þjóðanna,



Hunangsfluga á viði. Líffræðileg fjölbreytni er undirstaða heilbrigðra vistkerfa og þar hafa allar tegundir hlutverk, litlar og smáar. Hunangsflugur eru mikilvægir frjóberar í gróðursamfélögum.

Það þarf ekki ítarlega greiningu á íslensku samfélagi til að sjá að ábyrgð á varðveislu lands og þar með a líffræðilegri fjölbreytni liggar að miklu leyti hjá sveitarfélögum. Skipulagsvald sveitarfélaga gengur í mörgum tilfellum framar en álit fagstofnana sem fara með málefni náttúru og skipulags. Ákváranir um landnotkun sem tekna eru hjá sveitarfélögum ráða því miklu um hvernig tekst að sporna við hnignun náttúrunnar og á sama tíma hvernig lífsgæði verða í framtíðinni, en sjöldi rannsóknar sýnir að fólk sem hefur greiðan aðgang að lítt spilltri náttúru lifir betra og innihaldsríkara lífi sem er lykill að farsælu samfélagi (Ann. Rev. Env. Res. 2013. 38:473–502). Skipulagsvaldinu fylgir því gríðarleg ábyrgð.

Viðvarandi þrýstingur er og verður að auka landnýtingu og álag á náttúru en slíkt felst því miður

flestum nýframkvæmdum. Í þeiri stöðu er nauðsynlegt að hafa skýra forgangsröðun sem byggir á bestu þekkingu og tryggir viðeigandi vernd líffræðilegrar fjölbreytni. Mikilvægt skref er að náttúruverðmæti sveitarfélaga séu þekkt og að tekið sé tillit til þeirra á fullnægjandi hátt. Eitt meginmarkmið skipulagslaga

(123/2010) er einmitt „að stuðla að skynsamlegri og hagkværi nýtingu lands og landgæða, tryggja vernd landslags, náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi“.

Mörg mikilvæg mál hvíla á sveitarfélögum, til dæmis varðveisla landbúnaðarlands. Í þessu felst mikil áskorun því næt öruggt má telja að nauðsynlegt verður að framleiða meira af matvælum í náinni framtíð. Bara það að samræma nauðsynlega náttúruvernd og fyrirsjánlega aukningu á útbreiðslu landbúnaðarlands er ærið verkefni eins og dæmi frá öðrum þjóðum sýna. Segja má að stýringarhlutverk sveitarfélaga varðandi landnotkun snúist um að finna málamiðlun milli nýtingar og verndar. Þar gleymist stundum að það er eitt form nýtingar að láta land í friði. Að taka frá land eða nýta hóflega styður við þau heilbrigðu vistkerfi sem eru grundvöllur matvælaframleiðslu og samfélags til framtíðar. Til að hægt sé að finna þessa málamiðlun þurfa sveitarfélög að hafa góðar upplýsingar um eðli og dreifingu náttúrugæða á sínum svæðum.

**Hvað geta sveitarfélög gert?**

Hér eru nokkrar uppástungur um hvað sveitarfélög geta gert til að vernda líffræðilega fjölbreytni og þar með lífsgæði til framtíðar:

**Staða líffræðilegrar fjölbreytni í stjórnsýslu:** Sveitarfélög eru flest farin að taka beint tillit til loftslagsbreytinga í bókhaldi og stjórnsýslu. Mikilvægt er að líffræðileg fjölbreytni komist á sama stig og að sveitarfélög móti sér metnaðarfulla og opinbera stefnu um vernd líffræðilegrar fjölbreytni og náttúruvernd. Sampætta þarf þessi tvö svið og taka tillit til þeirra þvert á viðfangsefni í stjórnsýslunni. Á heimasíðu Biodice, sem er

faglegur samstarfsvetvangur um líffræðilega fjölbreytni, má finna einfalda samantekt um helstu áhersluátríði Sameinuðu þjóðanna hvað varðar líffræðilega fjölbreytni og sem samþykkt voru á COP15 í Montréal (<https://biodice.is/kunning-montreal-global-biodiversity-framework/>). Gott er fyrir sveitarfélög að hafa þau meginatriði í huga við stefnumótun.

**Skipulagsgerð:** Mikilvægt er að tryggja vernd líffræðilegrar fjölbreytni við skipulagsgerð. Skipulagsáætlanir ólíkra sveitarfélaga eru gjarnan hver annarri líkar og stundum byggðar á takmarkaðri yfirsýn fyrir náttúruverðmæti og á einföldum þekjum landupplýsinga sem geta átt misvel við. Inn á skipulag sveitarfélaga rata yfirleitt afmarkaðir bleittir án þess að tekið sé tillit til samfelli og heildar vistkerfa og þess heildarálags sem er fyrir á svæðinu. Mikilvægt er að sveitarfélög hafi góða hugmynd um: a) helstu einkenni líffræðilegrar fjölbreytni innan sveitarfélags, b) ábyrgð sveitarfélags á mismundni þáttum líffræðilegrar fjölbreytni á landsvísu og c) mikilvægi sveitarfélags við vernd tiltekinna þáttu líffræðilegrar fjölbreytni á alþjóðavísu. Með þessu væru sveitarfélög að tryggja betur fjölbreytni búsvæða og lífríki til framtíðar og taka tillit til hlutfallslegrar ábyrgðar sinnar á tilteknunum þáttum lífríkisins.

Lágmarkskröfur um náttúruvernd samkvæmt lögum og metnaðarfull framtíðarsýn um sjálfbæra nýtingu eiga ekki alltaf samleid. Til dæmis er lágmarksfjarlægð bygginga frá vatnsbökum í byggingareglugerð 50 m og votlendi nýtur ekki verndar nema blettinu nái 2 ha (lög 60/2013). Hvorugt byggir á mældum áhrifum framkvæmda á lífríki. Einnig er algengt að landnotkun hafi áhrif langt út fyrir mörk skilgreindra athafnasvæða. Slík notkun getur þar með haft víðtækari áhrif á vistkerfi en

**BYKO**  
GERUM PETTA SAMAN

**BALEXMETAL**

# YLEININGAR

Léttar stákklæddar samlokueiningar sem fást með þéttifrauds- eða steinullarkjarna. Auðveld og fljót uppsetning, auðveld þrif, mikil burðargeta, mikið einangrunargildi og er ódýr kostur ef miðað er við hefðbundnar lausnir. Henta vel fyrir eldri gripahús þar sem skipta þarf út þak- og eða veggjaklæðningum.

Hafðu samband: bondi@byko.is



**Spóaungi í berjamó.** Stór hluti heimsstofns spóa verpur á Íslandi. Þeir verpa þéttast á hálgrónum áreyrum og í móleni á láglendi og þau búsvæði skipta höfuðmáli fyrir afkomu spóastofnsins á heimsvísu.

lagt var upp með og einnig á hagsmuni nágrenna. Hér má t.d. nefna að skógrækt og mannvirkni grísa stofna ábyrgðartegunda fugla hundruð metra út fyrir framkvæmdasvæði (moi.hi.is). Því miður er líklegt að sveitarfélög eigi eftir að ganga jafnt og þétt á líffræðilega fjölbreytni ef metnaður þeirra miðast einungis við lágmarkskröfur í lögum og reglugerðum.

**Próun byggðar:** Sveitarfélög ættu að huga sérstaklega að því að koma í veg fyrir landbruðl (e. urban sprawl). Dreifð íbúðabyggð – t.d. búgarðabyggðir – er sérlega óhagstæð fyrir náttúruvernd og langtímahagsmuni íbúa og lífríkis og ætti að heyra sögnumi til. Eins er mikill þrýstingur á að fjölgja dreifðum mannvirkjum, svo sem smáhýsum og hótelum vegna ferðaþjónustu en hröd framvinda þeirrar atvinnugreinar er mikið áhyggjuefni vegna líffræðilegrar fjölbreytni og virðist byggja á þeirri þversögn að hægt sé að selja lítt spilla náttúru en ganga ákveðið á hana á sama tíma. Íbúum landsins mun enn fjölgja og þörf verður að byggja meira. Eins mun verða aukin þörf á að ræcta matvæli og til þess þarf land. Bruðl á landi samræmist hvorki lífríkisvernd né fyrirhyggju varðandi fyrirséða notkun á landi. Hér er mikilvægt að sveitarfélög sýni festu og beri langtímahagsmuni íbúa og sjónarmið lífríkisverndar fyrir brjósti.

**Beinar aðgerðir:** Það er ýmislegt sem sveitarfélög og einstaklingar geta haft áhrif á og styður beint við líffræðilega fjölbreytni. Hér má til dæmis nefna: a) endurheimt og varðveislu votlendis sem hefur mjög jákvæð áhrif á líffræðilega fjölbreytni, seiglu vistkerfa, loftslag, vatnafar og fleira; b) uppræðslu á lítt grónu landi; c) stýringu á umferð á viðkvænum svæðum; d) að tryggja vernd svæða þar sem finnast tegundir eða búsvæði með hátt verndargildi. Hverfisvernd getur nýst í þessum tilgangi en einnig er mikilvægt að sveitarfélög og einstaklingar eigi í góðu samstarfi við stjórnvöld um friðlysingar og friðun. Þá geta e) sveitarfélög geta stutt við vöktunar-

og rannsóknaverkefni, f) bætt úr fráveitu- og úrgangsmálum og g) stutt við umhverfismennt í grunnog leikskólum.

Lágmarka þætti sem hafa neikvæð áhrif á líffræðilega fjölbreytni: Sumt verður varla forðast í nútímasamfélagi enda snýst náttúruvernd um málmiðlanir, en almennit má segja að hvers kyns framkvæmdir sem loka yfirborði lands eða skipta fjölbreyttara landi út fyrir einsleitara, valdi tapi á búsvæðum og líffræðilegri fjölbreytni. Hér má nefna einhæfa ræktun, vegagerð og hvers kyns mannvirkni. Ferðamennska er einnig líkleg til að hafa sívaxandi áhrif, einkum þegar auknum ferðamannastraumi er beint á viðkvæm svæði. Rétt er að hafa hálandið sérstaklega í huga. Brot á vel grónu landi fyrir einhæfa ræktun, t.d. fyrir nytjaskógrækt eða akuryrkju, getur einnig haft neikvæð áhrif á mikilvæga þætti líffræðilegar fjölbreytni. Þá er tilhneiting til að byggja fyrst á fallegum stöðum, t.d. þar sem útsýni er gott eða meðfram vatnsvegum en slíkir staðir eru oft hlutfallslega mikilvægir fyrir líffræðilega fjölbreytni. Huga atti sérstaklega að skipulagi nálægt ám og vötnum.

Hér að ofan er fátt eitt talið er varðar tengsl sveitarfélaga og líffræðilegrar fjölbreytni. Mörg mál mæða á sveitarfélögum en þó er nauðsynlegt að þau sem stýra sveitarfélögum setji vernd líffræðilegrar fjölbreytni í forgang og þar með lífsgæði og hagsmuni þjóðarinnar til framtíðar. Vernd líffræðilegrar fjölbreytni styður einnig við markmið í loftslagsmálum þó þar skyldi varast einfaldar lausnir. Best er að vinna að vernd líffræðilegrar fjölbreytni með skýri forgangsröðun og framtíðarsýn sem byggir á fullnægjandi og faglegum upplýsingum.

Tómas Grétar Gunnarsson,  
Rannsóknasetri Háskóla Íslands á  
Sudurlandi (tomas@hi.is)  
Lilja Jóhannesdóttir, Náttúrustofu  
Suðausturlands (lilja@nattsu.is).

**OPÍÐ FYRIR UMSÓKNIR TIL 7.JÚNÍ**

NÁNARI UPPLÝSINGAR OG UMSÓKNIR HEIMAVIST.IS | FRAMHALDSSKÓLANEMENDUR ALLS STAÐAR ÁÐ AF LANDINU

STUTT Í ALLT
HEIMAVIST MA OG VMA Á AKUREYRI
VETTINGARSTAÐUR
Hlíðarfjall
7 MINÚTUR
VMA
8 MINÚTUR
MÍBÆRINN
VERSLANIR
BIJÓUS
LYSTGERBLIHS
LYSTGERBLURINN

## Við þrifum allar stærðir og gerðir af sótsíum

**Vik verkstaedi ehf**

Einhellu 6  
221 Hafnarfirði  
tel. +354 8961083

**ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA**  
**Á BÍLSKÚRS- OG ÍDNAÐARHURÐUM**

**IS HURÐIR**

**www.ishurdir.is**  
**564-0013 | 865-1237**



**Wendel**  
Stofnað 1957

**STAURAHAMAR**  
**FRÁ HYCON**

**FRÁBÆRT VERKFÆRI**  
**TIL AÐ REKA NIÐUR**  
**GRIÐINGASTAURA**

Tangarhöfða 1 - 110 Reykjavík - 551-5464  
www.wendel.is - wendel@wendel.is

## Pistill formanns

### Fjárfesting allra landsmanna

Ég hef farið viða síðustu vikurnar og hitt mikinn fjölda fólks að máli. Á meðal viðmælanda minna skipa bændur í hinum ólfku búgreinum eðlilega stærsta hópinn. Á meðal annarra nefni ég fjölmarga samstarfsaðila bænda, t.d. úr vinnslu- og innflutningsgeiranum, neytendur í öllum landshornum, þingmenn og sveitarstjórnarfólk úr öllum flokkum, ýmsa blaðamenn og auðvitað starfsfólk okkar á skrifstofu Bændasamtakanna.

**Ég hef ekki hitt einn mann** – alls engan – sem ekki vill veg íslensks landbúnaðar sem mestan. Kannski eru einhverjar slískir til en ég hef ekki rekist á þá á förmum vegi og engir slískir heldur haft samband við mig. Þvert á móti heyrir ég alls staðar mikla samkennd og hvatningu til okkar bænda að halda ótrúðir okkar striki. Þetta viðhorf er með öllu óhád ólfum sjónarmiðum um einstaka þrætuepli á bordi við verkferla Alþingis við breytingu á búvorulögum, fyrrkomulag ólfum stuðningbáttu samfélagsins við landbúnaðarframleidiðslu o.s.frv. Okkur greinir e.t.v. á um leiðir en ekki markmiði.



Trausti Hjálmarsson.

**Það ríkir einfaldlega einhugur**, einhvers konar óraðd þjóðarsátt, um mikilvægi þess að standa vorð um starf bónadans og framlag hans til matvælagæða og fæðuþryggis landsmanna. Öllum er ljóst að atvinnugreinin fær aldrei þrifist án þess að búa að minnsta kosti við svipað regluverk og gildir í viðmiðunar- og samkeppnislöndum okkar beggja vegna Atlantsála og víðar um heim. Fólk er reiðubúið til slíks stuðnings, sem ég vil raunar kalla fjárfestingu fremur en styrkveitingar.

**Við fjárfestum í menntakerfi okkar** til þess að skapa verðmæti til framtíðar og jafna rétt barna og ungmennum eins og frekast er unnt. Við fjárfestum í heilbrigðiskerfinu til þess að tryggja öryggi okkar óhád efnahag. Við fjárfestum í fjölbreyttum innviðum sem ætlað er að skila samfélagitum arði með ýmsum hætti. Fjárfesting okkar og varðstaða um hágæðaframleidiðslu íslenskra bænda úr gjöfulum auðlendum móður náttúru er grein af sama meði. Og ábatinn er augljós. Meira að segja í beinhörðum peningum.

**Pess nýsprottni áhugi er engin tilvljun.** Hann grundvallast á ýmsum þáttum sem safnast hafa saman á tiltölulega skómmum tíma og mynda í sameiningu sterkan málstað og röksemdir sem vart er hægt að vefsíða. Landbúnaðurinn er einn af undirstöðu atvinnuvegum þjóðarinnar og skapar henni í senn öryggi, gæði og ábreifanleg verðmæti alla daga ársins. Pess vegna geta bændur borð höfuðið hátt, verið stoltir af framlagi sínu og gert skýlausar kröfur um að virðingin fyrir því endurspeglist meðal annars í afkomu þeirra.

**Samhlíða hinni jákvæðu athygli** sem við bændur fáum þessa dagana eru gerðar til okkar ríkar kröfur um fagnemnsku. Í þeim efnum skiptir afurðin sjálf auðvitað miklu mál en stórar áskoranir eru einnig á ýmsum öðrum svíðum frumframleiðslunnar. Við höfum ákveðið forskot á heimsvísu af landfræðilegum ástæðum en þau tækifæri fara öll forgörðum ef bændur leggja ekki sjálfur sitt af mörkum með því að nútíma væða hina yámsu þætti býrekstursins eins og hverjum og einum er frekast unnt.

**Tæmandi upptalning** á nýjum viðmiðunum og keppikeflum sem bændur munu þurfa að takast á við á næstu árum kemst hér ekki fyrir. Stöðugar tekniframfarir og aukin þekking gerir það líka að verkum að listinn mun halda áfram að lengjast. Það er fagnaðarefni og gerir landbúnað morgundagsins bæði krefjandi og skemmtilegan.

**Það verður fylgst með því** hvernig við hámörkum nýtingu þess lands og jarðvegs sem okkur er treyst fyrir. Hvernig við umgöngumst vatnið af aluð, lágmörkum kolefnisspor framleiðslunnar, takmörkum skordýraeutur og lyfjagafir, vökum yfir velferð og heilbrigði dýranna sem við ræktum, höldum plastnotkun í skefjum o.s.frv., o.s.frv. Við höfum fulla burði til þess að vera á pessum svíðum í allra fremstu röð á heimsvísu og ég held því hiklaust fram að þar séum við eimmt stödd í dag.

**Á sama tíma er hins vegar ógerlegt** að keppa í verði við ríkisstyrkta framleiðslu í löndum sem jafnvel gera mun minni kröfur um gæði framleiðsluflerlanna. Til viðbótar skekkir margt annað samkeppnisstöðu okkar gagnvart nágrannaríkjum, s.s. stærð markaðanna á hverjum stað, vaxtastig, launakostnaður og flutningsvegalengdir fyrir aðföng og afurðir. Íslenskir neytendur vilja sem betur fer engu að síður fyrsta flokks matvöru á samkeppnishæfu verði og eru reiðubunir til þess að fjárfesta í slíkum aðgangi rétt eins og svo mörgu öðru sem við flokkum í reynd undir sjálfsögð mannréttindi.

**Trausti Hjálmarsson,**  
formaður Bændasamtaka Íslands.



Lögfraðistofa Reykjavíkur

### LÖGMANNSPJÓNUSTA



Vönduð og fagleg lögmannsþjónusta með starfsstöðvar bæði í Reykjavík og á Hvolsvelli. Helstu réttarsvið: Félagaréttur, eignaréttur, samningaréttur, orkuréttur, erfðaréttur, gjaldþrótaréttur stjórnsýsluréttur o.fl. Yfir 30 ára reynsla af lögmannsstörfum.

Helgi Jóhannesson, lögmaður • helgi@lr.is • Sími 849-0000  
Borgartúni 25, Reykjavík • Austurvegi 4, Hvolsvelli • Sími 515-7400

## Réttarfréttir:

# Ábyrgð bænda í loftslagsmálum

Bera bændur ábyrgð á loftslagsmálum? Stutta svarið er að, allavega enn sem komið er, bera bændur ekki persónulega (það er þeirra rekstur) ábyrgð á losun gróðurhúsalofttegunda, sem má rekja til starfsemi þeirra.

Losun frá 1 a n d b ú n a ð i fellur undir þann hluta losunarbók h a l d s i n s sem kallast *Bein ábyrgð ríkja*. Sú losun telst því vera á beina ábyrgð íslenska ríkisins. Þrátt fyrir að losunarbókhaldinu sé skipt í mismunandi flokka þá byggja markmiðin á alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að en með þeim höfum við sem þjóð undirgengist tilteknar skuldbindingar.

Alþjóðasamvinna í loftslagsmálum byggir þannig á Loftslagssamningi Sameinuðu þjóðanna (UNFCCC), sem undirritaður var árið 1992. Markmið hans er að koma í veg fyrir hættulega róskun á loftslagskerfinu af mannavöldum og tryggja að matvælaframleiðslu í heiminum verði ekki stefnt í hættu og að efnahagsþróun geti haldið áfram á sjálfsbærar máta. Að grundvelli loftslagssamningsins var Paríssarsáttmálinn síðan gerður milli ríkja árið 2015. Markmið hans og megin tilgangur er að halda hnattrænni hlýnum undir 2 °C og eins nálægt 1,5 °C og mögulegt er.

Til þess að mæla stöðu og árangur í loftslagsmálum í landbúnaði þarf áreiðanleg gögn, en þar sem loftslagsmálum eru frekar ung fræðigreið eru rannsóknir oft með miklum skekkjumörkum, sem jafnvel telja í hundruðum prósenta í báðar áttir. Pess vegna eru ekki allir fræðimenn sammála um

Íslensk stjórnyöld, ásamt ESB og Noregi, settu sér í framhaldinu háleit markmið um 40% samdrátt í losun á tímabilinu 2021-2030, sé tekið mið af stöðunni árið 1990. Árið 2020 var svo ráin á Íslandi hækkuð úr 40% í 55% eða meira.

Kröfurnar til bænda um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda byggja því bæði á alþjóðaskuldbindingum íslenska ríkisins og nánar útfærðum markmiðum sem Ísland hefur sett sér. Regluverkið í kringum loftslagsmálum hefur verið að túna út og má búast við því að þar bætist enn við, til dæmis þegar byrjað verður að innleiða regluverk um losun frá landi (LULUCF), árið 2026, en sú innleiðing getur haft mikil áhrif í landbúnaði.

Í morgum atvinnugreinum er auðvelt að mæla losun gróðurhúsalofttegunda. Það er til dæmis auðvelt að mæla losun frá flugvélum og bílum þar sem stærstur hluti losunar stafar af brennslu jarðefnaelsneytis. Málin eru aftur á móti talsvert flóknari í landbúnaði þar sem bændur vinna alla daga með lífræna ferla, hvort sem um er að ræða dýr eða plöntur.

Til þess að mæla stöðu og árangur í loftslagsmálum í landbúnaði þarf áreiðanleg gögn, en þar sem loftslagsmálum eru frekar ung fræðigreið eru rannsóknir oft með miklum skekkjumörkum, sem jafnvel telja í hundruðum prósenta í báðar áttir. Pess vegna eru ekki allir fræðimenn sammála um

“ Málin eru aftur á móti talsvert flóknari í landbúnaði þar sem bændur vinna alla daga með lífræna ferla, hvort sem um er að ræða dýr eða plöntur ...”

grundvallaratriði eins og hver sé losun frá lífsferli dýra og plantna. Skýr svör vantart við því hvort lífrænin ferlar í landbúnaði sér með neikvæða losun, sér í eðli sínu hringrás sem bindi jafnmikið og þeir losi eða bindi jafnvel meira en þeir losi. Rannsóknir þarf líka að gera við íslenskar aðstæður sem taka mið af veðurfari og öðrum þáttum.

Í allri umræðu um loftslagsmál eiga bændur að bera höfuðið hátt. Flestir eru sammála um að betri nýting á áburðarefnum, meiri afurðir eftir hvern grip, bætt jarðrækt og ný tekni minni losun. Bændur hafa kerfisbundið unnið að pessum markmiðum með góðum árangri í yfir 50 ár. Pessum ávinnungi þurfa bændur að halda á lofti gagnvart þeim kröfum sem stjórnyöld gera á atvinnugreinina í loftslagsmálum á komandi árum og áratugum.

Höfundur er yfirlögfræðingur Bændasamtaka Íslands.

## Breytingar á búvöru-lögum, loksins

Nýlega voru samþykktar breytingar á búvörlögum sem veita kjótafurðastöðum undanþágu frá samkeppnislögum líkt og hefur þekkt í nágrannalöndum okkar um árabil.

Með undanþágunni er stigið skref til að jafna samkeppnisstöðu íslensks landbúnaðar og bæta rekstrarumhverfi íslenskra bænda.

Pessi undanþága er hliðstæð þeiri sem hefur gilt um afurðastöðvar í mjólk og nýt vel til að ná fram hagræðingu sem bæði bændur og neytendur hafa notið.


Íslenskur landbúnaður er smár á flesta mælikvarða í samanburði við það sem gengur og gerist erlendis. Til dæmis væri eitt slátruhús á Jótlandi fimm vikur að slátra þeim nautgrípum sem er slátráð árlega hér á landi í sjó slátruhúsum. Samkvæmt úttekt Deloitte frá 2021 voru hagræðingarmöguleikar í slátrún og viðnslu stórgripa og sauðfjár metnir á 0,9 til 1,5 milljarða árlega auk þess sem fjárfestingaþörf til framtíðar mundi lækka. Auk smæðar markaðarins veldur hátt launastig, háir vextil og veðurfar því að framleiðslukostnaður er hár hér á landi. Því er nauðsynlegt að nýta allar leiðir til að lækka kostnað eins og mögulegt er.

Undanfarin ár hafa verið mjög rekrstrarskilyrði hjá bændum, ekki síst hjá þeim sem stunda kjótaframleiðslu. Samkvæmt rekstrarverkefni RML um afkomu í nautkjötsframleiðslu hefur verið viðvarandi tap af framleiðslu nautkjöts síðustu ár. Ásetningur nauta er að dragast saman þar sem framleiðsluvilji bænda er að dvína vegna óviðunandi afkomu. Í janúar 2021 voru lifandi rúmlega 24 þúsund naut, í mars síðastliðnum voru þau komin niður í tæplega 21 þúsund. Þetta þýðir umtalsverðan samdrátt á framleiðslu íslensks nautkjöts næstu misseri ...

sé ekkert. Meðal annars vegna verðþrýstings frá innflutningi sem sifellt eykst, meðal annars vegna þess að sú tollvernd sem landbúnaðurinn nýtur er sifellt að rýrna að verðgildi. Og ekki hefur náðst samkomulag um að uppfæra hana. Hins vegar hafa forsvarmenn afurðastöðva lengi bent á möguleika til hagræðingar ef heimild fengist til þess.

Nú þegar heimildin er komin verða afurðastöðvar að nýta hana skynsamlega og koma verðhækkuunum til bænda sem allra fyrst.

Höfundur er formaður Búgreinadeilda nautgripabænda.



Eyjafjörður úr flugvél. Það var mikil lífsreynsla að vera send 11 ára gömul ein í flugvél á leið norður til Akureyrar," segir Helga Þórisdóttir í grein sinni.

Mynd / ghp

## Dásamlega íslenska sveitin

**Þegar maður kemst á miðjan aldur, þá staldrar maður aðeins við og veltir fyrir sér hvað hefur staðið upp úr á lífsleiðinni.**



**Helga Þórisdóttir.** Eitt af því er að hafa verið ung send í tvígang í sveit. Það var mikil lífsreynsla að vera send 11 ára gömul ein í flugvél á leið norður til Akureyrar, út í tveggja mánaða óvissu.

Aldeilis engu þurfti ég að kvíða – enda tekið opnum örnum í fjölskyldu heiðurshjónanna Hauks Steindórssonar heitis og Mörtu Gestsdóttur á Príhyrningi í Hörgárdal í Eyjafjarðarsýslu. Að læra til verka í sveitinni var betri skóli en orð fá lýst. Að vakna til morgunmjalta og sinna eftirmiðdagsmjöltum. Að læra að setja mjaltavélinu á spenana. Að moka flórinn. Að læra nöfnin á kúnum 37. Að fara upp á heiði með kindurnar. Að drífa sig út á tún og ná inn heyinu áður en fór að rigna. Að vera úti á túni með hrífu og laga garðana. Að gefa heimalningnum. Að knúsa hundana og fara í útreiðatúra. Þvílískar minningar og þvílísk forréttindi að fá að kynnast lífinu í sveitinni.

Svona lífsreynsla leiðir til djúps skilnings á því mikilvæga


og stórkostlega starfi sem bændur vinna. Skilnings á fórnfysi og skuldbindingu, því dýrin þurfa umönnun og túnin þurfa viðhald.

Í sveitinni verða til afurðirnar sem við borgarbörnin þurfum á að halda. Þar verða til afurðirnar sem skara fram úr í öllum alþjóðlegum samanburði, hvort sem um mjólkina okkar góðu er að raða, ostana okkar, mjólkurafurðirnar allar og óviðjafnanlega kjötið. Vandfundin eru í heiminum önnur eins gæði og íslenska lambakjötið – enda vandfundin betri og hreinni náttúra en okkar góða land hefur upp á að bjóða.

Pessu öllu þurfum við að hlúa að. Passa að starfsskilyrði bænda sé ásættanleg. Passa að við getum styrkt enn frekar þá góðu vinnu sem á sér stað í sveitum landsins. Passa að umgjörðin sé styrkt þannig að sem flestir bændur geti selt vörur sína undir merkjum beint frá býli – stuðla að því að styrkur okkar og gæðin í sveitinni séu gerð sem flestum aðgengileg.

Mér finnst hvergi betra að vera en í íslenskri sveit. Himnaríski fyrir mér er að liggja í grasinu og heyra í lóumini og hrossagauknunum. Í sveitinni næ ég að kjarna mig. Þar fæ ég þann kraft sem þarf til að sinna mikilvægum verkefnum.

Höfundur er forsetaframbjóðandi.



### SERES 3

Luxury Rafmagnsbíllinn býður upp á ríkulegan staðalbúnað og frágang í hæsta gæðaflokki!

**RAG**  
import - export  
Helluhraun 4, Hafnarfirði  
sími 565 2727 & 892 7502  
[www.rag.is](http://www.rag.is)

**VIÐ AUGLÝSUM  
ALDREI  
„VERÐ FRÁ“**

## Rafmögnum gæði



REYKJAVÍK AKUREYRI 590 5100 klettur.is



## EXIDE rafgeymar

Með tilkomu sífellt flóknari og fjölbreyttari farartækja sem eru búin sérhæfðum rafbúnaði, hefur þörfin fyrir öfluga og trausta rafgeyma aukist.




Skannaðu QR kódann og finnud rétta rafgeyminn fyrir þitt farartæki

**Fyrirtækjapjónusta Olís**  
Alvöru fólk með alvöru þekkingu og reynslu  
Hafðu samband við sérfræðinga Olís  
í síma 515 1100 eða [pontun@olis.is](mailto:pontun@olis.is)

**olis**

# Hafa skal það sem sannara reynist

Í Bændablaðinu 11. apríl sl. er heilsíðuviðtal við hjónin á Syðri-Fljótum í Meðallandi, þau Kristín Lárusdóttir og Guðbrand Magnússon. Í viðtalinni koma fram margs konar missagnir, ósannindi, rangfærslur og óhróður um undirritaðan og fleiri ríkisstarfsmenn, sem ég finn mig knúinn til að mótmæla og færa til betri vegar eins og hægt er.



Sveinn Runólfsson.

Það skal hér þó tekið fram að rangfærslur þeirra eru of margar til að þeim verði öllum svarað hér í takmörkuðu rými Bændablaðsins. Ýmsar heimildir benda til þess að sandfok hafi verið farið að herja verulega á land Meðallendinga, að minnsta kosti frá því um 1700. Bændur þurftu þá að færa bæjarhús sín undan sandsköflunum, sérstaklega í sunnanverðu Meðallandinu. Í kjölfar eldgossins í Lakagínum 1783, þegar Eldhraunið rann niður í Meðalland, breyttust farvegir Skáftár og einnig lækja er komu undan Skáftárelnahrauninu. Talið er að þá hafi sandfok færst í aukana ogritað var á seinni hluta 19. aldar að tilvist sveitarfunar, þá Leiðvallahrepps, væri ógáð verulega úr fjórum áttum. Sandur barst frá jökuláfarvegum í Eldhrauni niður í Meðallandið, Kúðafljótið braut land úr vestri, fjörusandur barst þá hratt undan ríkjandi suðaustanáttinni inn á mýrarnar í sunnanverðu Meðallandinu og sandur barst úr austri inn á jarðir í austanverðri sveitinni.

Fyrir tilstuðlan Sandgræðslunnar og síðar Landgræðslunnar hefur nú þessum ógnunum verið bægt frá með fyrirhleðslum, beitarfriðun og sandgræðslu, þar með talið melsáningum.

Á kreppuárunum um 1930 var byggð í Meðallandi hætt komin vegna fátektar. Alþingi ákvæð því að láta ríkið kaupa þær jarðir sem landeigendur óskuðu eftir til að sporna við fólkssflóttu frá jörðunum. Landeigendur gerðust í staðinn



Sandgræðslusvæðið á Leiðvelli í Meðallandi sumarið 1956 eftir ellefu ára friðun fyrir beit.

Mynd / Björn Sigurbjörnsson

ábúendur a jörðunum og gátu búið þar áfram með tilstyrk jardasölnnar. Þetta er ástæðan fyrir hinum mörgu ríkisjörðum í Meðallandi.

## Fyrstu aðgerðir ríkisins til varnar sandfokinu

Agner Francisco Kofoed-Hansen, skógræktarstjóri og fyrsti yfirmaður opinberra sandgræðslumála frá 1908, bárust margar áskoranir frá Meðallendingum um að stemma stigu við sandburði frá jöklvötnum í Eldhrauni. Hann réðst því í nokkrar vatnaveitingar sunnarlega í Eldhrauni á næstu árum.

Sandgræðslan létt girða sumarið 1927 sandfokssvæði hjá Hnausum í Meðallandi að beiðni bónðans þar, Eyjólfsssonar. Uppblásturinn

og sandfokið tókst að hefta, og búsetu á Hnausum var bjargað og landið er vel gróið í dag.

En sandfokið hélt áfram annars staðar í sveitinni og bær eyddust af völdum þess, bæði í norðan-, sunnan- og austanverðri sveitinni.

Alþingi setti ný lög um sandgræðslu árið 1941. Þar var kveðið á um hvernig fara skyldi með friðun verstu sandfokssvæðanna. Landeigandi skyldi greiða  $\frac{1}{3}$  kostnaðar en ríkissjóður  $\frac{2}{3}$ . Á þessum árum áttu bændur almennt enga fjármuni til að leggja í verndun á handónytu sandlendi sínu eða töldu þeim betur varið í annað. Allmargir landeigendur, víða um land, brugðu því á það ráð að afsala Sandgræðslu Íslands landi sínu til fullrar eignar og umráða, gegn því að þar yrði unnið

að sandgræðslu. Með þessu var a.m.k. tvennt unnið, landeigendur þurftu ekki að greiða lögbundinn hluta kostnaðar, sem og að í mörgum tilfellum má gera ráð fyrir að sú friðun og sú sandgræðsla sem unnið var að á hinu afsalaða svæði hafi orðið til þess að bjarga nærliggjandi svæðum/bæjum frá því að fara undir sand. Sú mikla áhersla sem um og fyrir miðja síðustu öld var lögð á það að ríkið eignaðist verstu og hættulegustu sandsvæðin var ekki til komin að ástæðulausu. Gunnlaugur Kristmundsson, sandgræðslumaður og sandgræðslustjóri á árunum 1908 til 1947, hafði langa reynslu af því að um leið og gróður tók að ná sér á strik á sandgræðslusvæðum, þar sem stofnunin hafði ekki full umráð yfir landinu, var of mikil freisting fyrir suma bændur að fara að beita landið fljótegla í óleyfi og fórna þar með árangrinum.

Eftir 1940 jókst ágangur sandsins stöðugt í Meðallandi og hlutaðeigandi bændur og hreppsnefnd söttu fast að Sandgræðslunni að taka til friðunar hraunbrúnirnar frá Kúðafljóti og austur að Eldvatni í Meðallandi. Jörðin Leiðvöllur fór í eyði 1944 vegna sandfoks og Feðgarnir ári síðar. Þessum jörðum og jarðahlutum frá fleiri jörðum, þar á meðal frá Slyjum, var því afsalað til Sandgræðslunnar. Bændur í Meðallandi, á launum hjá Sandgræðslunni, reistu nærr 40 km langa girðingu í afar erfiðu girðingastæði sem friðaði nærrí fimm þúsund hektara af sandauðnum, norðan byggðarinnar. Á meðfylgjandi ljósmynd má sjá að árangurinn kom fljótt í ljós.

Gunnlaugur Kristmundsson skrifsaði í starfsskýrslu sinni eftir að þessu stóra verkefni lauk: „Eigi að bjarga Meðallandinu frá sandfoki, þarf að girða framan við byggðina, sjávarsandana ...“

Í Meðallandi sáu bændur árangurinn af friðun sandfokssvæðanna fyrir beit og óskuðum um 1950 stíft eftir að Sandgræðslan tæki verst förun löndin í Meðallandi til friðunar og sandgræðslu. Bændur og þingmenn lýstu í bréfum sínum til Sandgræðslunnar að ef ekkert frekara yrði aðhafst þá legðist sveitin í eyði af völdum sandsins.

Allt fram til ársins 1965, þegar Alþingi setti enn ný lög um landgræðslu, voru yfir eitt hundrað jörðum og jarðahlutum afsalað til Sandgræðslunnar samkvæmt óskum

báverandi landeigenda. Það ár var lögunum breytt og samið við bændur um friðun sandfokssvæðanna, sem oftast gekk vel.


**Undirskrift yfirlýsingar vegna sandgræðslusvæðis sunnan byggðar**

Hjónin á Syðri-Fljótum vita ekkert um hvenær skjal það sem þau hafa sem mest gagnrynt var upphaflega undirritað og segja ýmist í viðtalinnu að skjalið sé án dagsetningar eða undirritað 1954. Það eru til tvö frumrit, annað er ársett 1954 en hitt er án dagsetningar. Rétt er að geta þess að í breiði þingmanns Skafstellunga til Runólfss Sveinssonar sandgræðslustjóra kemur fram að byrjað var að flytja gaddavír á fyrirhugað girðingarstæði sumarið 1951 og var undirbúningur að suðurgirðingunni, frá Eldvatni og vestur í Kúðafljóti, þar með hafinn.

Undirritaður man vel eftir því að við Páll Sveinsson landgræðslustjóri vorum að fara yfir tilurð og stöðu allra landgræðslugirðinga landsins veturinn 1970. Kom þá fram að þeir braður, Runólfur og hann, hefðu um og eftir 1950 farið að vinna að því að ná samingum við hlutaðeigandi landeigendur vegna suðurgirðingarinnar í Meðallandi. Það hefði verið auðsótt mál, enda þeir flestir beðið um að sandarnir þeirra yður teknir til friðunar og sandgræðslu. Samið hefði verið fljótegla við alla landeigendur nema einn, vegna ágreinings um fjörlureka, en dreigist hefði að fá hlutaðeigandi ráðuneyti til að skrifa undir afsalið fyrir ríkisjardirnar. Af hverju er þetta mér minnisætt? Jú, það var mitt lán að fá að vera í sveit í fimm sumur á Strönd í Meðallandi og fara ríðandi um vesturhluta svæðisins. Páll kom í heimsókn sumarið 1958 og tók mig með sér austur að Lyngum og þaðan gengum við í myrlendi suður að sandgræðslugirðingunni og þar tók fyrst við enn meiri gróður en stutt var í svartan sandinn, sem teygði sig svo langt sem augað eygði. Pannig að ég þekkti þá betur til þessa sandgræðslusvæðis en margra annarra.

Ekki er ljóst af hverju ekki tókst að ljúka þinglýsingu yfirlýsingarinnar varðandi Suðursvæðið. Þeir sjö landeigendur sem undirrituðu yfirlýsinguna um sandsvæðið sunnan byggðar vissu vel að þeir voru að afsala landinu til Sandgræðslu

## Bílskúrs- og iðnaðarhurðir



- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

**Smíðað eftir máli**  
**Iðnaðarhurðir**  
**Iðnaðarhurðir með gönguhurð**  
**Bílskúrshurðir**  
**Hurðir í trékarma**  
**Tvískiptar hurðir**

**Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf**

**HURÐIR**

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is

Íslands. Til vitnis um það má nefna að Sveinbjörg Ásmundsdóttir, hver erfði land Slýjanna og Syðri-Fljóta frá Sigríði fósturmóður sinni, fól Eyjólfí Eyjólfssyni, hreppsstjóra á Hnausum, að leita eftir því við Landgræðsluna með bréfi 28. febrúar 1968 að hún fengi landskika keyptan sem fósturmóðir hennar hefði afhent Sandgræðslunni með fyrnefndri yfirlýsingu.

Árangur af friðun sandsvæðisins sunnan byggðarinna var mjög mikill, sandágangur inn á gróið land var stöðvaður og mikil land greri upp. En stór svæði upp frá fjörunni eru enn þá sandi orpin. Var girdingin lögð af um 1980.

Undirritaður fullyrðir að ekki hefði komið til sandgræðslu fyrrgreindra stofnana og friðun sandsvæðanna, annars vegar á allri norðurhlíð Meðallandsins og hins vegar að sunnanverðu, ásamt átta km längum varnargörðum við Kúðafljót, þá hefði öll sveitin lagst undir sand og sveitin orðið óbyggileg. Áréttar skal að þessum varnargörðum er meðal annars ætlað að vernda byggðina fyrir Kötluhlaupi.

Það er eðlilegt að fólk sem fer um sveitina geri sér enga grein fyrir að byggðin hefði öll farið undir sand ef hið opinbera hefði ekki gripið í taumana. En ætlast er til þess að þeir sem búa þarna núna þekki söguna um sandinn og harðbýlið í Meðallandi.

#### Landamerki jarða

Vegna mistaka í skráningu í þinglýsingu hjá Sýslumanninum í Vík á þeim hluta Slýja sem afsalað var 1944 til Sandgræðslunnar, fell hún niður í innfærslu þinglýsinga í tölvukerfi um 1999. Þetta var leiðrétt með bréfi sýslumannsins í Vík þann 1. ágúst 2013. Á þessum árum lögðu hlutadeigandi ráðuneyti hart að Landgræðslunni að ganga formlega frá landamerkjalyngum á þeim jörðum og jarðahlutum er voru á forræði stofnunarinnar. Undirritaður ferðaðist víða um Suður- og Norðausturland til þess að ganga frá landamerkjum þar sem það var hægt, en einhvers staðar varð ekki komist hjá því að ríkið fari í dómsmál til að fá niðurstöðu um eignarhald.

Víða um landið hafa landeigendur ásælt ríkisland af ýmsum hvotum. Á 44 ára starfsferli undirritaðs

sem landgræðslustjóra varð ég oft var við þá furðulegu sýn nokkurra landeigenda að mér bæri að afhenda landsvæði möglunar- og endurgjaldslaust til fyrri landeigenda, enda þótt fullgild eignarafslóð væru um að ræða, ég atti sem sagt að gefa þeim ríkiseignir. Sama var upp á teningnum þegar ég fór að heimsækja hjónin á Syðri-Fljótum 2015. Um þetta vil ég segja; það er án vafa ekki vilji íbúa þessa lands að einstaklingum séu gefnar ríkiseignir, þó ekki væri nema að sílkt er auðvitað skýrt lögþróð. Hjónin hafa að undanförnu tönnlast á, á samfélagsmiðlum og í fjlömiðlum, að um einhvers konar glæp eða yfircang hafi verið að ræða þegar undirritaður leitaði eftir samþykki þeirra um landamerki hlutadeigandi jarða og jarðahluta.

Á sama hátt hafa þau nít niður starfsfólk fjármálaráðuneytis og stofnana þess sem hafa eingöngu verið að vinna það sem þeim bar við að komast að lögfræðilegri niðurstöðu um landamerki Slýja og eignarhald jarðanna við fjörusandinn í Meðallandi.

Ásakanir þeirra hjóna um að ríkisvaldið og Landgræðslan hafi stuðlað að örlogum fjölda eyðibýla í Meðallandi er röng. Sandgræðslan og síðar Landgræðslan hafa varið tugum milljóna króna til að vernda gróður og efla byggðina og það skilaði miklum árangri.

Hjónin á Syðri-Fljótum keyptu jarðirnar Slýjar og Syðri-Fljótar af hjúkrunar- og dvalarheimilinu Klausturhólmum á Kirkjubæjklaustri í mars 1999. Í fyrrnefndu viðtali segjast þau hins vegar hafa sameinað jarðirnar 1998.

Því er harðlega mótmælt að Landgræðslan hafi verið að ásælast þeirra land á liðnum árum. Stofnunin og starfsfólk fjármálaráðuneytis hafa eftir bestu getu verið að sinna hlutverki sínu og lagalegum kvöðum.

Skætingur þeirra í garð undirritaðs í viðtalini, fjlömiðlum og samskiptamiðlum er ekki svara verður. Undirritaður ætlar ekki að standa í frekari orðaskiptum við þessi hjón en óskar þeim velgengni í hrossabúskap þeirra.

Höfundur er fyrrverandi landgræðslustjóri.

## Svæðisskipulag Suðurhálendis 2022-2042

Svæðisskipulagsnefn Suðurhálendis samþykkti þann 27. febrúar sl. tillögu að Svæðisskipulagi Suðurhálendis 2022-2042. Tillagan var til kynningar frá 15. nóvember 2023 til 19. janúar sl. og var auk þess auglýst í Morgunblaðinu og Bændablaðinu í nóvember sl. Alls bárust 72 athugasemdir. Svæðisskipulagsnefn hefur afgreitt athugasemdirnar og sent þeim sem þær gerðu umsögn sína í gegn um Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar. Vegna athugasemdanna voru gerðar nokkrar breytingar á skipulagstillögnum og snéru þær flestar að því að viðbótarupplýsingum var bætt við til skýringar á kortum/myndum og einfaldar leiðréttингar gerðar á texta. Bætt var við stefnu um mannvirkjasvæði sem gerir nú ráð fyrir að mögulegt sé að styrkja flutningskerfi raforku með nýjum háspennulínum við hlíð eldri lína, ávarpað er að fráveita þjónustustaða skuli uppfylla kröfur til hreinsunar og losunar skólps skv. reglugerðum, bætt við að efnistökusvæði skuli vera í samræmi við aðalskipulag og bætt í stefnu um opnunartíma vega. Þá var aukið við umfjöllun um verndarsvæði, gróður og dýralif í umhverfisskýrslu.

Skipulagstillagan hefur verið send sveitarstjórnunum á skipulagssvæðinu til samþykktar og hafa þær fjallað um niðurstöðu svæðisskipulagsnefndar og samþykkt þær. Samþykkt svæðisskipulag verður nú sent Skipulagsstofnun til staðfestingar. Frekari upplýsingar um svæðisskipulagið og kynningarferli þess má finna í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar [www.skipulagsgatt.is](http://www.skipulagsgatt.is)

**Svæðisskipulagsnefn Suðurhálendis**

## Hitaveitulagnir Kaldavatnslaginir Fráveitulagnir

**ÍSRÖR**

Hringhella 12 - Hafnarfirði - S. 565-1489 - [isror.is](http://isror.is)

**KÄRCHER**

Hreinsibúnaður og vélar

**K** háþrystidælur      **HD** háþrystidælur      **HDS** háþrýsti/hitadælur

**PGG** rafstöðvar      **NT** ryksugur

**RAFVER**  
rafver.is - S: 581 2333 - [rafver@rafver.is](mailto:rafver@rafver.is)



# Endurheimt vistkerfi á landi og ferskvatnslíf

Með vorinu vaknar náttúran til lífs enn á ný og fólk flykkist út til að njóta hennar.



Vinsæl leið til þess er að standa við árbakka með veiðistöng í hönd. Þeir stofnar fiska sem flestir sækja í að veiða eru þó að fást við gríðarlegar áskoranir, s.s. sögulega ofveiði og ekki síður skerðingu og eyðileggingu búsvæða. Ætli laxinn okkar sé ekki skýrasta dæmið um slíkt? Margt hefur verið reynt til þess að aðstoða ferskvatnslíf, með misjöfnum árangri þó. Fiskirekt var mikil stunduð og er að nokkuð leyti enn, sem var ætlað að hjálpa stofnunum. Nýjar rannsóknir sýna þó fram á að slík afskipti hafa komið niður á hæfni villtra stofnunar til að lifa af.

En hvað á þá að gera til þess að hjálpa röskuðum ferskvatnsvistkerfum og þeim tegundum sem þar búa? Svarið getur komið á óvart en það er endurheimt vistkerfa á landi!

Endurheimt vistkerfa á landi gerir það að verkum að auknning verður í hrингás næringarefná á svæðinu, þar sem sterk og öflug þurrleidisvistkerfi leiða af sér að aðliggjandi ferskvatnsvistkerfi verði öflugri og fæðuframboð fyrir laxfiska á mismunandi aðeinskeiðum tryggara. Endurheimt votlendis gerir það sömuleiðis að verkum að búsvæði ferskvatnslífvera stækkar. Votlendissvæði bjóða upp á fjölbreytt búsvæði sem hvort tveggja veitir skjól og næringu fyrir ferskvatnslíffski. Víða eru hindranir fyrir fiska að ferðast milli svæða þegar



Mynd / Atli Dagur Ólafsson

votlendissvæðum hefur verið raskað en með vel ígrundiðum endurheimtaraðgerðum er hægt að auka við útbreiðslusvæði, s.s. með aukningu á hrygningarsvæðum laxa og silunga.

Votlendissvæði virka í raun eins og svampur, þar sem þau geyma mikil magn af fersku vatni og jafna flæði yfirborðsvatns inn í ferskvatnskerfi. Hæg losun vatns frá myrlendi hjálpar til við að viðhalda stöðugu vatnsborði í ám og lækjum, sem er mikilvægt fyrir lifun laxfiska, sérstaklega á tímabilum þar sem úrkoma er lítil. Að auki hefur einstök efnasamsetning votlendissvæða áhrif á vatnsgæði, þar sem mýrlendi virkar sem náttúruleg síða og hreinsar vatn þegar það síast í gegnum jarðvegslögum.

Það að ár og vötn brjóti bakka sína er vel þekkt vandamál hér á landi. Rannsóknir sýna að bakkar vaxnir birki og víðitegundunum eru í minni hættu af rofi og

umfang rofferla er töluvert minna en á lítt grónum bökkum. Þetta er vegna þess að trjátegundirnar mynda djúpa og mikla rótarflækju sem heldur fast við jarðvegsefnin og ver bakkana betur fyrir rofi. Pannig er hægt að koma í veg fyrir rask á búsvæðum laxa og silunga, og þar með auka lífsskilyrði þeirra.

Endurheimt þurrleidis og votlendis á landi skiptir sköpum þegar kemur að vernd og endurheimt ferskvatnsvistkerfa. Með því að notað við heildrænar aðferðir sem samþætta endurheimtaraðgerðir í vatni og á landi, komumst við nær því að styrkja og vernda þessa mikilvægu stofna í ám okkar og vötnum. Þar sem inngríp mannsins verður minni háttar að öðru leyti en því að hjálpa sér sjálfri.

Jóhann Helgi Stefánsson, sérfræðingur hjá Landi og skógi.



## Skattaívilnanir í skógrækt

Í marsmánuði var hin árlega fagráðstefna Skógræktar á Íslandi haldin.



Meðal mælenda var Erling Bergsaker frá Norskog, en hann hélt erindi um áhrif skatta á skógræktarinnar í Noregi. Í gegnum sérstakan sjóð, Skogfond, fá skógræktarinnar skattafslátt af tekjum frá skóginum gegn því að fárfesta í betrumbóturnum á eigin skógi. Skattaumhverfið hvetur því skógræktarinnar til að hlúa vel að sínum skógunum landsins.

### Hvað er Skogfond?

Skogfond er norst skattaívilnunarkerfi fyrir skógræktarinnar. Þegar skógræktarinnar þenar á skógi sínum leggst ákveðin upphæð af tekjunum inn á sérstakan Skogfond-reikning. Hver og ein skógarjörð á sinn eigin Skogfond-reikning, sem fylgir jörðinni en ekki eiganda jarðarinnar, og erfist því við eigendaskipti.

### Hvernig virkar Skogfond-reikningur?

Þegar skógræktarinnar fær tekjur úr skóginum, t.d. við lokahögg, er hann skyldaður samkvæmt norscum lögum að leggja 4-40% af tekjunum inn á Skogfond-reikninginn sinn. Við innlögn er ekki greiddur skattur af upphæðinni. Þegar skógræktarinnar fer í framkvæmdir í skóginum og tekur pening út af reikningnum er einungis greiddur 15% skattur af úttekinni upphæð. Sjóðinn á Skogfond-reikningi er einungis hægt að nota í uppbryggingu eða rekstur skógarins, þá m. í plöntukostnað, gíðingavinnu og uppbryggingu eða viðhald slóða.

### Hverjir sjá um Skogfond?

Skógarfyrvöld í Noregi sjá um Skogfond. Vextir af Skogfond-reikningum fara til yfirvalda og eru notaðir í verkefni sem gagnast

skógræktarinnar í heild sinni, t.d. námskeið, upplýsingagjöf, kaup af tækjabúnaði, styrki o.s.frv.

### Hver eru áhrif Skogfond?

Fyrir skógræktarinnar eru mikilvægustu áhrif Skogfond þau að 85% teknar sem skógræktarinnar leggur inn á sinn Skogfond-reikning er skattfrjáls. Par sem innstæðu Skogfond-reikningsins er einugnis hægt að nýta í uppbryggingu eða viðhald skógræktarinnar bónaðans sem eykur innviðauppbryggingu skóginna. Þegar fárfestaða skógarbóna styrkist á sama tíma og innviðir skógarins aukast breytast óarðbærð skógræktarinnar, t.d. vegna lélegs aðgengis, í verðmæti fyrir skógræktarinnar sem skilar inn enn hærrí tekjum. Þetta skapar hrингásarhagkerfi sem byggir upp skógræktarinnar bónaðans og tryggir arðbæra framtíð fyrir komandi kynslóð skógræktarinnar.

### Dæmi:

Skógræktarinnar þenar 1.000.000 kr á lokahögg. Kostnaður við skógarhöggjini er 200.000 kr. Skógræktarinnar getur valið að leggja 4-40% inn í Skogfond. Af tekjum sem ekki fara í Skogfond er borgaður hefðbundinn skattur, hér 45%. Skógræktarinnar fárfestir 300.000 kr. í skóginum eftir lokahögg, t.d. við plöntun til að halda skógrækt áfram. Í þessu dæmi þenar skógræktarinnar 68.000 kr. meira að hafa nýtt sér skattafslátt sem fást með notkun Skogfond.

### Skogfond til Íslands?

Skógarhögg á Íslandi hefur aukist á síðustu árum, og eykt enn meira eftir því sem skógar landsins verða eldri. Því verður mikil þörf á skattaförslu í líkning Skogfond í nákominni framtíð. Sílkt kerfi tryggir áframhaldandi uppbryggingu skógræktarinnar um ókomna framtíð.

Höfundur er skógræðingur frá norska landbúnaðarháskólanum (NMBU).

	4%	40%
Tekjur	1.000.000	1.000.000
Kostnaður	200.000	200.000
Tekjur eftir kostnað	800.000	800.000
Lagt inn í Skogfond	40.000	400.000
Innstæða í Skogfond eftir skatt (15%)	34.000	340.000
Tekjur eftir frádrátt frá Skogfond	760.000	400.000
Eftir skatt (45%)	418.000	220.000
Fárfestingar í skóginum	300.000	300.000
Tekjur eftir fárfestingar	152.000	220.000

## Korando

Elskar íslenskar aðstæður!

Verð frá 5.790 þús. kr.

Nýtt!  
Fæst einnig með  
dísel vél

- Dísel eða bensín
- Sjálfskiptur
- Læstur millikassi
- Fjórhjóladrif
- 2 t dráttargeta
- 182 mm veghæð
- 551 / 1.248 l farangursrými
- Mjög vel búinn
- 5 ára ábyrgð

Birt með fyrirvara um mynd- og textabréfum. Blálabúð Benna áskrátur sér rett til að heymi verði og búnandi á fyrirvara. Blálabúð Benna er með aukakunindi.

# Kjósum forseta með þekkingu á landbúnaði

Pann 1. júní nk. fara fram forsetakosningar og ljóst að kjósendur geta valið á milli marga frambjóðenda.

Hvort frambjóðandi hafi þekkingu eða reynslu af íslenskum landbúnaði er líklega eitthvað sem lesendur Bændablaðsins velta fyrir sér. Mig langar því að vekja athygli á að Baldur Þórhallsson, prófessor frá

Ægissíðu í Rangárvallasýslu, er í frambödi. Forseti mun ekki leysa þau vandamál sem íslenskur landbúnaður glímir við en miklu skiptir að hann skilji líf og störf bænda og þess vegna er mikilvægt að kjósendur kynni sér vel Baldur og hans stefnumál.

Baldur er í grunninn sveitastrákur og því með reynslu af landbúnaði og sem dæmi þá sá hann um sauðfjárþuskap afa síns þegar hann veiktist en þá var Baldur 13 til 17 ára gamal. Einnig starfaði hann ungr að aldri í skeifnaverksmiðju í tvö ár og hefur auk þess komið að fjölbreyttum landbúnaðarstörfum á Ægissíðu, t.d. kartöflurækt, hestamennsku, o.fl. Síðustu ár hefur Baldur, ásamt fjölskyldu sinni, rekið Hellana á Hellu sem eru í landi föður hans þar sem þau hafa einnig leigt út smáhýsi. Því má segja að hann sé hálfgerður ferðapjónustubondi í hlutastarfi.

Að hafa frambjóðanda sem hefur jafn víðtæka reynslu af landbúnaðarstörfum og Baldur eru forrétindi fyrir kjósendur. Baldur



Steinn Jóhannsson.

Mundu að fylgjast með  
vikulegu  
afmælisúlboðunum okkar!

**Lambamjólk**

**Denkavit**  
**Capri-Ovi**

**Handmjaltartæki**

**Selen fyrir lömb**

**Sendum um  
allt land!**

**Skoðaðu úrvalið af  
sauðburðarvörum á → [WWW.KB.IS](http://WWW.KB.IS)**

skilur svo sannarlega hvað íslenskir bændur eru að glíma við og þau verkefni sem koma daglega við sögu.

EKKI SPILLIR FYRIR AÐ BALDUR HEFUR GRÍÐARLEGA PEKKINGU Á STJÓRNKERFI LANDSINS OG ALÞJÓÐAMÁLUM OG ER EINN MESTI SÉRFRAÐINGUR HEIMS Í SMÁRKJAÐEÐUM. ALLIR ÞESSIR OFANGREINDU KOSTIR GERA BALDUR MJÖG HÆFAN SEM FORSETA NÁI HANN KJÖRI.

Kjörord Baldurs í kosningabaráttunni er „vinnum saman“ og það lýsir einmitt Baldri. Hann er ósérlífinn og gengur í öll störf og leggur öllum lið. Hann væri sterkur liðsmaður íslensks landbúnaðar sem forseti á Bessastöðum. Kjósum Baldur og tryggjum að komandi forseti hafi þekkingu og reynslu af íslenskum landbúnaði.

Höfundur er rektor  
frá Tjörn í Pykkvabæ.

...Gæði þegar að er gáð

**Rafstilling**

**Donaldson**  
FILTRATION SOLUTIONS

**REKI**

**Rafstilling** S: 581-4991 Netfang: [Rafstilling@rafstilling.is](mailto:Rafstilling@rafstilling.is)  
**Reki** S: 562-2950 Netfang: [Reki@reki.is](mailto:Reki@reki.is)

Skemmuvegur 46, Kópavogur

## Ert þú félagsmaður í Bændasamtökum Íslands?

Eru þínar upplýsingar uppfærðar?

Er þín aðild rétt skráð?

Hefur þú uppfært veltu ársins 2023?

### Hver er ávinnungurinn af því að vera í Bændasamtökunum?

Bændasamtokin vinna að hagsmunum allra bænda og eru málsvari stéttarinnar, einnig er boðið upp á fjölbreytta orlofskosti, staðgengilstryggingu og afslátt af forritum RML.

Sterk og öflug Bændasamtök eru lykill að því að rödd bænda heyrst skýrt og greinilega þegar teknar eru ákvarðanir um málefni þeirra

**Það dýrmætasta sem felst í félagasaðildinni er samtakamátturinn**

**Saman í sókn fyrir íslenskan landbúnaði!**

Sjá nánar á [bondi.is](http://bondi.is)



**BÆNDASAMTÖK  
ÍSLANDS**



Þau örfáu kíló af kaffibaunum sem runnarnir gefa af sér eru hreinsuð, ristuð og mölud af aluð og umhyggju af starfsfólk skólangs og heilt upp á að íslenskum síð.

Myndir / Guðrúnur Helgadóttir

## Kaffisaga frá Reykjunum

Við Garðyrkjuskólanum á Reykjunum hefur ymislegt verið reynt í gegnum tíðina til að auka fjölbreytni í ylræktun.



Ingólfur Guðnason.

Ein forvitnilegasta athugunin er efalaust kaffiræktunin sem höfst þar fyrir rúnum 70 árum og enn má sjá við af í Bananahúsini á Reykjunum.

Um miðja síðstuðu öld og lengi síðan voru þjóðþekkt hjón, Hal og Halla Linker, áberandi í þjóðlífínu. Mest störfuðu þau þó í Bandaríkjunum. Hal Linker var þekktur þáttagerðarmaður í bandarísku sjónvarpi og þau hjón bæði. Hal var aðalræðismaður Íslands í Los Angeles og Halla tók við því embætti 1980. Þau tengast ylræktarsögu okkar á forvitnilegan hátt.

### Havaí kemur við sögu í íslenskri kaffiræktun

Hal ferðaðist víða um heim vegna starfa sína og kom meðal annars til Havaí árið 1952. Þar kynntist hann kaffirunna þeim sem íbúar eyjanna ræktar. Kaffirunni þessi er af Arabica-stofni, ræktarður í eldfjallajarðvegi í hlíðum eldfjallsins Mauna Loa, sérstaklega í Kona-héraði og ber nafn af því. Kona-kaffirunninn barst þangað frá Brasilíu árið 1828. Runninn blómstrar þar hvítum blómum í febrúar–mars og myndast í kjölfarið græn aldin sem verða fagurrauð er þau þroskast. Enn eru þessir kaffirunnar ræktarðir í Kona-héraði og bykja framúrskarandi að gæðum enda eitt dýrasta kaffi sem fyrirfinnst. Gilda þar afar strangar reglur um markaðssetningu Kona-kaffibauna til að koma í veg fyrir óheiðarlega markaðssetningu.

Í einni af Íslandsferðum þeirra Hal og Höllu Linker í ágúst 1952 færðu þau hjón Garðyrkjuskóla ríksins að gjöf 12 unga Kona-kaffirunna, sem komið var fyrir í einu af gróðurhúsunum á Reykjunum, ásamt nokkrum ananasplöntum. Hal Linker hafði mikil fyrir því að komast yfir plöntur af þessu tiltekna kaffiyki, meðal annars fyrir milligöngu háskólangs í Honolulu og ríksstjórnar eyjanna, er tóku vel málaleitan hans. Plönturnar sem Hal eignaðist voru síðan fluttar til Filippseyja og þaðan til Lundúna. Þær komu loks til Íslands með Gullfaxa, flugvél Flugfélags Íslands, í september 1952.



Ingólfur Guðnason, fagbrautarstjóri garðyrkjuframleiðslu.




Kaffirunnarnir eru af hinu nafntogaða Kona-yrki frá Havaí.

### Kaffirunnar enn í fullu fjöri á Reykjunum

Kaffirunnarnir lifðu þessa hreppaflutninga vel og var þeim komið fyrir í gróðurhúsí í Garðyrkjuskólanum á Reykjunum þar sem auk annarra jurta voru, og eru enn, ræktarðir bananar. Var talið að íslenskur eldfjallajarðvegur hentaði þessu yrki vel. Þegar til kastanna kom reyndist uppskeran ekki duga til áframhaldandi stórræktunar hér á landi, eins og vonir stóðu til í upphafi. Tilraunin varð þó tilefni tilsværðar umfjöllunar um möguleika íslenskrar ylræktar í dagblöðum. Það þótti til dæmis tíðindum sæta er fyrstu kaffibaunir voru tíndar af kaffirunnum Bananahússins á Reykjunum árið 1955. Í dagblaðinu Vísi 14. nóvember sama ár birtist frétt um þessu nýju ræktunartegund þar sem segir m.a.:

„Ekki taldi skólastjóri líklegt að kaffirækt myndi bera sig á Íslendi, en þó væri það ekki með öllu útilokað. Hann sagði það vera staðreynð að litir og bragð yrði eftir því sterkara sem norðar dragi á hnnettum. Og þess vegna væri heldur engan veginn fráleitt að hugsa sér það að hér yrði hægt að ræktar kaffitegund, sem þætti betra en annað kaffi og metti því selja á heimsmarkaði sem líxusvörðu, og þá um leið dýrara en kaffi er almennt selt.“

Það er skemmtilegt að á Reykjunum hefur nánast árlega fengist ofurlitil uppskeru af þeim kaffirunnum sem þar eru ræktarðir og eru af hinu nafntogaða Kona-yrki frá Havaí. Þau örfáu kíló af kaffibaunum sem runnarnir gefa af sér eru hreinsuð, ristuð og mölud af aluð og umhyggju af starfsfólk skólangs og hellt upp á að íslenskum síð. Á Reykjunum vaxa einnig nokkrar kaffiplöntur sem broska gular baunir. Ekki er óhugsandi að heppni gestir nái að njóta rjúkandi bolla af íslensku kaffi á sumardaginn fyrsta, en þá verður opíð hús í Garðyrkjuskólanum og öllum almenningi er boðið í heimsókn.



Mynd 1. Heildarstuðningur við landbúnað í ESB árið 2022 nam 0,62% af þjóðarframleiðslu en 0,68% á Íslandi og 0,59% í Noregi. Hlutfall heildarstuðnings af GDP hefur lækkað mest á Íslandi frá aldamótum.

## Mótmæli bænda í ESB: hvað býr að baki?

Undanfarna mánuði hafa bændur í Evrópu efnt til mikilla mótmæla um alla heimsálfuna. Segja má að þessi mótmæli bænda við starfsskilyrðum landbúnaðar megi rekja til þess þegar hollenskir bændur létu óánægju sína í ljós á árinu 2019.

Pann 1. október það ár ferðuðust þúsundir bændur til Haag til að mótmæla og dráttarvélar þeirra ollu umferðarhnútum sem teygðu sig í þúsundir kílómetra. Mótmælin þá beindust ekki síst að kröfum hollenskra stjórnvalda um 50% samdrátt í búfjárframleiðslu af umhverfisástæðum.

Covid-faraldurinn og síðan innrás Rússia í Úkraínu í febrúar 2022 hafa haft djúpstæð áhrif á starfsskilyrði landbúnaðar í Evrópu. Afleiðingarnar, ásamt nýjum áherslum í sameiginlegri landbúnaðarstefnu ESB (CAP), hafa undanfarna mánuði leitt að sér bylgju mótmæla bænda í velflestum aðildarríkjum ESB.

Í mars sl. var haldinn fundur í Osló á vegum Rannsóknaseturs landbúnaðarins (Agrianalyse) þar sem þessi þróun var tekin til umfjöllunar. Umfjöllunin hér á eftir byggir á erindum sem flutt voru á fundinum, auk annars efnis þar sem hin miklu mótmæla bænda hafa verið tekin til skoðunar.

### Landbúnaður í ESB

ESB er eitt þeirra svæða í heiminum þar sem meira er framleitt af mat en þarf til að mæta fæðupörfinni. Stefna ESB er að framleiðsla landbúnaðarafurða (sjálfsaflahlutfallið) sé 120% af því sem þarf til að uppfylla eftirsprung og næst það eins og er. Innan ESB eru samtals 9 milljón bú og 160 milljón ha af landbúnaðarlandi sem þýðir að meðalstærð búa er um 17 hektarar. Til samanburðar þá er meðalstærð búa í Noregi 27 hektarar og bykja bú þar í landi almennt ekki stóri á íslenskan mælikvarða. Þetta undirstrikar hve breytileikinn á bústærð innan ESB er mikill. Sjálfsaflahlutfall Noregs hvað landbúnaðarvörur snertir er hins vegar 45% óleiðrétt fyrir innflutningi á föðri. Um 30% af heildarútgjöldum ESB renna til landbúnaðar og meðalstuðningur á hvert bú, þ.e.

sem rennur til þeirra í formi beinna greiðslna, nemur lauslega áætlað 850.000 kr. á bú. Hér ber þó að taka fram að markaðsvernd er ekki talin með en verð til bænda innan ESB hefur fram til þessa verið herra en heimsmarkaðsverð að mati OECD þó sá munur sé orðinn mjög líttil síðustu ár.

Til glöggvunar má bera saman hlutfall heildarstuðnings við landbúnað af þjóðarframleiðslu (GDP) og hlutfall almenns stuðnings sem er sá hluti stuðnings sem rennur ekki beint til bænda, af heildarstuðningi í ESB, Noregi og á Íslandi, samkvæmt samantekt OECD.

### Hvað veldur öldu mótmæla bænda í ESB undanfarna mánuði?

Í upphafi er rétt að undirstrika að ekki er unnt að setja jafnaðarmerkir fyrir ástæðunum milli allra landanna. Fyrir því eru ýmsar ástæður, s.s. misjöfn viðbrögð einstakra ríkisstjórnar við Covid-faraldrinum og áhrifunum þegar úr þeim er dregið. Áhrif stríðsástædsins í Úkraínu koma misjafnlega niður á innri markaði ESB og ekki má gleyma því að bændur í Austur-Evrópu, nánar tiltekið í ríkjum sem gerðust aðilar að ESB þann 1. apríl 2004, fá enn lægri stuðning en bændur í hinum aðildarríkjum fjörtán sem mynduðu ESB fyrir þann tíma (20% í Slóvakíu sem dæmi).

Á fyrri nefndri ráðstefnu í Noregi um ástæður óánægju bænda hélta sendiherra Slóvakíu erindi. Hann talaði mjög skýrt um ástæður þess að hverju bændur í heimalandi hans væru óánaðir: „FED UP“ – m.o.o.

að bændur væru búir að fá nóg. Bændur í Slóvakíu og fleiri löndum Austur-Evrópu hafa orðið fyrir miklu verðfalli á afurðum sínum og mótmæli í þeim löndum hafa þannig beinst að því sem bændur segja að sé ósanngjörn samkeppni frá miklu magni innflutninga frá Úkraínu. Eins og kunnugr er felldi ESB niður alla tolla og tollkvóta eftir innrás Rússia í Úkraínu og það hefur leitt til gífurlegrar aukningar á innflutningi úkraínskra landbúnaðarvara.

En ástæðurnar eru fleiri í raun. Um nokkurt skeið hefur ESB átt í samningaviðræðum við ríki í Suður-Ameríkubandalaginu Mercosur. Pessar samningaviðræður hafa tekið tíma en aukinni kraftur hefur verið settur í þær undanfarin ár. Drög að fríverslunarsamningi milli ESB og Mercosur hafa valdið úlfúð meðal

„Viljum við ekki örugglega halda í og helst auka núverandi sjálfsaflahlutfall þjóðarinnar fyrir landbúnaðarvörur?“

bænda og ýtt undir óánægju yfir óréttmætri samkeppni, einkum í sykri, korni og kjöti. Bændurnir eru því ósáttir yfir auknum innflutningi landbúnaðarvara og segja hann hafa þrýst niður afurðaverði á sama tíma og hann standist ekki þær umhverfiskröfur sem settar eru á bændur í ESB.

Auk alls þessar þurfa bændur að takast á við íþyngjandi regluverk ESB. Miðpunkturinn í gagnrýni bænda hefur lotið að nýjum styrkjareglum ESB. Í þeim var m.a. krafra um að taka 4% af ræktuðu landi úr ræktun. Vegna mikilla mótmæla bænda hefur þó nú verið horfið frá þeirri kröfum. Þá hafa bændur í einstökum aðildarríkjum, t.d. Frakklandi, gagnrýnt flókna framkvæmd við úthlutun styrkja og sagt stjórnvöld þar í landi auka á flækjustigið, umræða sem við þekkjum sem „gullhúðun“ regluverks.

### Mótmælin í Þýskalandi

Fjöldamótmæli bænda í Þýskalandi hafa vakið sérstaka athygli, ekki síst fyrir þær sakir að óalengt er að bændur þar grípi til slískra aðgerða. Þann 18. desember 2023 héldu þýskir bændur til Berlínar – með 3.000 dráttarvélar og önnur farartæki notuð í landbúnaði og skógrækt – til að mótmæla afnámi undanþágu á sköttum á eldsneyti. Reiði bænda beindist einkum að því að afnám undanþáganna felur í sér stóraunknar álögur á landbúnað. Samhlíða lækkandi afurðaverði myndi það samanlagt leiða til 40% tekjuskerðingar fyrir bændur á árinu 2024.

En bændur létu ekki hér við sitja. Í janúar voru einnar víku samfelldar aðgerðir um allt land. Alls var um 100.000 dráttarvélum ekið út á vegi landsins með tilheyrandi röskun á umferð og haldnir voru 1.000

mótmaelfundir. Þann 15. janúar mættu 30.000 manns og 10.000 dráttarvélar til mótmælafundu í höfuðborginni, Berlín. Samkvæmt skoðanakönnunum studdu 80% landsmanna málstað bænda, 70% í borgum og 90% á landsbyggðinni. Í eldhúsum og kaffistofum landsins var rætt jákvætt um mikilvægi landbúnaðar, matvælaöryggis, landsbyggðar og fjölskyldubúa. Þýskir bændur mótmæltu líka kröfunni um að 4% ræktarlands yrðu tekin úr ræktun. Prátt fyrir þessu mótmælaöldu var afnám undanþáganna staðfest í þýsku þinginu þann 2. apríl sl.

Síðast en ekki síst hafa bændurnir mótmælt breytingum á CAP, auknu skrifræði og útfærslu á því hvernig þeim er ætlað að leiða til umhverfisvænni landbúnaðar. Sem dæmi er þýskum bændum bannað að hefja sáningu fyrr en 15. janúar. Bændur horfa ekki á dagatalið í þessu sambandi þegar kemur að slíkum ákvörðunum heldur á ástand lands og veðurfars.

En þyngst virðist þó hafa vegið sú breyting að 23% af beinum greiðslum til bænda voru færðar í umhverfisverkefni („ecoschemes“). Ekki var hlustað á bændur og tillögur þeirra um útfærslur þrátt fyrir að þeir hefðu áður lýst sig reiðubúna til að vera „hluti af lausninni“. En með þeim útfærslum sem urðu ofan á varð reyndin sú að 39% af þeim fjármunum sem stóðu bændum í Þýskalandi til boða vegna umhverfisverkefna gengu ekki út, samtals um 400 milljónir evra. Verkefnin, sem stóð til boða að sækja um stuðning við, hentuðu ekki búrekstri stórs hluta bænda.

#### Áhrif mótmæla bænda í ESB

Pessi mótmælaalda meðal bænda hefur nú leitt til þess að ESB

ákvað að fresta áformum sínum um breytingar á CAP til að takast á við loftslagsbreytingar. Það verður fróðlegt að fylgjast með framhaldinu, sérstaklega í aðdraganda og að loknum kosningum til Evrópuþingsins sem verða nú í sumar.

#### Hefur þetta þýðingu fyrir stöðu íslenskra bænda?

Sú þróun sem hér hefur verið gerð að umtalsefni er afar athyglisverð. Hefði farið á annan veg ef betur hefði verið hlustað á bændur og sjónarmið þeirra?

Hér á landi er iðulega sótt fram með hugmyndir um breytingar á landbúnaðarstefnu. Við lestar þeirra vakna oft spurningar. Ef halda á í þá stefnu að uppfylla þarfir okkar fyrir landbúnaðarvörur verður að hafa í huga spár um fólkssjölgun að teknu tiliti til neyslubreytinga.

Parf þá ekki samhliða að vera skýrt að stefnan sé sú að hlutdeild innflutnings verði ekki aukin í innanlandsmarkaði? Purfa þau stjórntæki sem eru valin til að útfæra stefnuna ekki að tryggja að framleiðslan haldi í við stakkun markaðar? Þegar talað er um að færa skuli stuðning í annað form, s.s. landgreiðslur eða umhverfisgreiðslur, þarf að tala skýrar svo ljóst sé að afleidningarnar verði ekki samdráttur í framleiðslu.

Dæmið frá Þýskalandi, þar sem 39% stuðningsgreiðslna ganga ekki út þar sem bændur geta ekki nýtt sér þær, hringir háværum viðvörunarbjöllum. Viljum við ekki örugglega halda í og helst auka núverandi sjálfsaflahlutfall þjóðarinnar fyrir landbúnaðarvörur?

Höfundur er hagfroðingur hjá MS.

## KOMDU SKIPULAGI Á HJÓLAGEYMSLUNA



Hjólarekkar  
frá Falco  
hámarka  
nýtingu  
á fermetrum



HJÓLAUSNIR

[hjolalausnir.is](http://hjolalausnir.is)



### Grunnskóli Hornafjarðar leitar eftir kennurum í eftifarandi störf

Heimilisfræði 1. – 10. bekkur fullt starf  
Náttúrurfræði 7. – 10. bekkur 50% starf  
Fab – lab 7. – 10. bekkur 50% starf  
Hönnun og smíði 50% starf  
Tónmennt 1. – 6. bekkur, hlutastarf með aðkomu að árshátið og jafnvel kennslu í Tónskóla Austur Skaftafellssýslu  
Íþróttakennari í afleysingar í 1. ár  
Leiklist 7. – 10. bekkur 50% starf með aðkomu að árshátið skólans  
Náms og starfsráðgjafa  
þroskaþjálfa í 100% starf  
Kennara í 100% starf á miðstigi

#### Menntunar og hæfniskröfur:

Umsækjendur skulu hafa tilskylda menntun og reynslu til starfsins og góð tök á íslensku bæði munnlega og skriflega. Áhersla er á að umsækjandi sýni hæfni í samskiptum, frumkvæði, sé lausnamiðaður og hafi skipulagshæfileika.

Skólinn er Grænfánaskóli og heilsueflandi og unnið er samkvæmt hugmyndafræði uppeldis til ábyrgðar. Unnið er markvisst með samskipti og líðan nemenda. Leiðsagnarnám og teymiskennsla er í innleiðingu í skólanum. Svæðið er andalaus uppsprettu fyrir útivist á einum fegursta stað landsins og byggir sérstaða skólans á því.

#### Umsóknarfrestur er til 15. maí

Umsóknum ásamt ferilskrá og meðmælendum skal skilað til Kristínar G Gestsdóttur skólastjóra en hún veitir allar upplýsingar um störfin, [kristinge@hornafjordur.is](mailto:kristinge@hornafjordur.is), S. 470-8440 eða í síma 8986701

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags.

Þeir sem eru ráðnir til starfa í skólanum þurfa að veita heimild til að leitað sé upplýsinga úr sakaskrá hjá Ríkissaksóknara.

Umsóknir gilda í hálft ár frá því að umsóknarfrestur rennur út.

Öll kyn eru hvött til að sækja um.

**OSO Hitakútar Vörukaup ehf**  
Lausnir fyrir iðnað og heimili

516-2600    [www.vorukaup.is](http://www.vorukaup.is)    [vorukaup@vorukaup.is](mailto:vorukaup@vorukaup.is)

**vorukaup**

# NÝ ÖKUSKÓLINN

Réttindin gilda í Evrópu

Íslensk námskeið mánaðarlega  
Ensk námskeið 4 - 6 sinnum á ári

Skráning á námskeið er inni á síðunni meiraprof.is  
Fyrirspurnir sendist á meiraprof@meiraprof.is

Auknir atvinnumöguleikar  
Íslensk og ensk námskeið

Klettagörðum 11 - 104 Reykjavík - meiraprof.is - meiraprof@meiraprof.is    C-CE-D-C1-C1E-B/Far



# Gömul tún

Orðsins list kemur að þessu sinni frá Jóni Trausta. Guðmundur Magnússon (1873–1918) bar skáldanafnið Jón Trausti.

Hann fæddist á Rifi á Melrakkasléttu, missti föður sinn ungar og ólst upp í fátækta með móður sinni, síðast á bænum Núpskötlu, austan Rauðanúps á norðvesturhorni Melrakkasléttu.

Jón Trausti hóf ungar prentnám hjá ritstjóra Austra á Seyðisfirði og starfaði við Ísafoldarprentsmiðju í Reykjavík 1895. Hann kynntist Daniel Bruun, dönskum fornleifafræðingi og rithöfundi, og fór árið eftir til Kaupmannahafnar þar sem hann stundaði prentnám í tvö ár. Árið 1898 kvæntist hann Guðrún Sigurðardóttur og áttu þau kjördótturina Mörtu Magnúsdóttur. Þau voru búsett í Reykjavík, en þar starfaði Jón Trausti m.a. við prentið, verslun, kennslu og var skrifari í Stjórnarráðinu, auk ritstarfa. Hann var jafnframt myndlistarmaður og málædi einkum landslag.

Jón Trausti skrifaði fjölda skáldsagna, langar og stuttar, auk smásagna. Hann sendi fyrst frá sér kvæðasafnið Heima og erlendis árið 1899 og eftir það rak hver bókin aðra. M.a. önnur ljóðabók hans, Íslandsvísur, árið 1903, sem prýdd er myndum eftir hann sjálfan og Pórarin B. Þorláksson listmálar. Par er til dæmis að finna Íslandsvísur, sem hefjast á ljóðlínunni Ég vil elskja mitt land, og Draumalandið, en bæðu urðu vinsæl sönglög.

Pekktustu skáldsögur hans eru Halla, framhald hennar Heiðarbýlið og Anna frá Stóruborg. Hann var ekki óumdeildur og þóttist fólk t.d. iðulega pekkja persónur og leikendur í sögum hans úr raunheimum og hnjoðaði í hann fyrir.

Jón Trausti lést úr spænsku veikinni árið 1918, aðeins hálfimmtugur. Guðmundur G. Hagalín, rithöfundur og ritstjóri, lýsti honum í minningargrein í öndverðum desember 1918 sem manni „sem er höfði hærrí fjöldanum, tendrar kyndla á brautum hans og verða þess valdandi, að hann litast um á vegum sínum og í sál sinni“. Einnig: „Með Guðmundi hefst hin lengri skáldsagnaritun í bókmennum vorum. Veldur hann þar því straumhvörfum.“ /sá



.... Líti menn yfir þessi heiðalond á sumrin, ber fyrir augu þeirra ljósgula bletti til og frá, sem stinga í stífl við holtin og móana, viðirunna og birkibrekurnar. Það eru gömul tún. Þar liggja heiðabýlin - í eyði. Túnin bera enn þá valllendislit; þar, sem einu sinni hefir verið rækt í jarðveginum, er hún sein að hverfa með öllu. Þeiðabýlin hafa staðið í hvömmunum við rætur fjallanna, á bökkum lækjanна eða nesjum veiðivatnanna - ætið þar, sem segurst er og bjargvænlegast. Alls staðar eru garðabrot umhverfis tún; sums staðar hver girðingin annarri utar. Þær sýna, að starfsamar hendur hafa þar að unnið. En í túnunum miðjum eru vallgrónar tóftir, signar saman og soknar í jörðina. Undarlegar tilfinningar grípa flesta, sem staldra við hjá þessum eyðibýlum. Þar hafa menn búið fyrir oldum eða áratugum. Enginn veit, hve gömul mannvirkin eru. Hvað hefir rekð þessa menn eða dregið hingað upp í óbyggðir? Hvernig hefir búskapur þeirra gengið? Hvernig hefir honum lokið? Spurningar eru nægar. Svör engin. Oft veit enginn, hver búið hefir þar síðast. Stundum er það jöfn af glatað líka. Byggðameni hafa oft haft ímugust á þessum býlum og litið á þá menn tortryggisaugum, sem þangað hafa flutt. Það hefir gert þeim baráttuna tvöfalt þyngri. Það hefir einnig fælt aðra frá að flytja á eftir þeim, svipt þá nágrannahjálppinni. Almenningsáliðið er máttugt - hvað vitlaust sem það er. Stundum hefir þessi tortryggji ekki verið ástæðulaus. Oftar hefir hún þó verið því einu að kenna, að þessir menn voru einraenir í lund, sjálftædir og framgjarnir, hirtu ekki um leið fjöldans. Ástæður manna geta verið margar og sundurleitar. ....

Heiðarbýli I - Barnið, 1908, innangangur.

Flytjum inn (og getum reist) iðnaðarhús af öllum stærðum og gerðum.

Upplýsingar á vegr.is og í síma 898-5463



Föngulegur hópur nemenda í blómaskreytingum.



Heidi Mikkonen blómahönnuður.

## Umhverfisvænar blómaskreytingar

Náttúruleg fegurð var í fyrirrúmi á námskeiði um blómaskreytingar í Garðyrkjuskólanum á Reykjunum að dögunum.

Sænski blómaskreytirinn og blómahönnuðurinn Heidi Mikkonen kom til Íslands dagana 8.-13. apríl sl. og var með tvö námskeið á Reykjunum. Annað þeirra var ætlað nemendum blómaskreytingabrautar Garðyrkjuskólangs og hitt fyrir fagfólk í blómaskreytingum.

Heidi vinnur mikið með efni úr náttúrunni og nærumhverfi og leggur áherslu á að skreytingar séu umhverfisvænar og með lágt kolefnisspor. Þær Bryndís Eir Þorsteinsdóttir, námsbrautarstjóri blómaskreytingabrautar og Valgerður Jónsdís Guðjónsdóttir blómaskreytingakennari, af kunnugum kallaðar Blómdís og Jónsdís, voru Heidi til aðstoðar.

„Heidi var sérlega ánað með það úrvil sem íslenskir blómabændur rækta í gróðurhúsum sínum og ekki spillti gleðinni hjá henni þegar blómabændurnir Axel Sæland og Heiða Pálrun Leifsdóttir á Espiflöt



Gullfallelegur afvakstur námskeiða í blómaskreytingum.



Axel Sæland og Heiða Pálrun Leifsdóttir blómabændur litu inn.



Myndir / Garðyrkjuskólinn á Reykjunum

litu inn til að forvitnast um það hvernig verið væri að vinna með blómin sem þau framleiða.

Þátttakendur á námskeiðunum nyttru sér útivistæði Garðyrkjuskólangs í efnisöflun og nálgudust þar greinar og sinu sem fengu ný hlutverk í blómaskreytingunum. Að auki nýttist vel efniviður úr Bananahúsinu og

/ghp

voru visin laufblöð einna vinsælust í skreytingarnar. Það er mikil innspýting fyrir blómaskreytingafagið að fá erlenda kennara til landsins með ferska strauma og hugmyndir sem kveikja á ímyndunaraflinu og efla og styrkja fagið“, segir í tilkynningu sem barst frá Garðyrkjuskólanum á Reykjunum.

Nú hefur eitt elsta áhugamannaleikfélag á landinu, Leikfélag Sauðárkróks, ákvæðið að setja upp söngleikinn sívinsala, Litla hryllingsbúðina.

Leikfélagið, sem var stofnað þann 13. apríl 1888, hefur yfir árin haldið nokkuð góðum velli, frumflutt sýningar af öllu tagi og helst tvær árlega. Samkvæmt hefð, í kringum Sæluvíku Skagfirðinga að vori og svo aðra, helst barnasýningu að haustlagi.

Fjallar Litla hryllingsbúðin um uppburðarlítinn ungan mann að nafni Baldur og hana Auði, en saman vinna þau í blómabúð. Auður á reyndar kerasta, tannlæknin nokkurn sem nýtur þess bæði að klæðast leðri og beita hana ofbeldi. Kannast margir við lagð „Pú verður tannlæknir“, þar sem hann syngur um sadískt eðli sitt – og eins og þeir sem þekkja söguna vita, endar sá í kjafti mannaetublóms. Það syngur einmitt fullum hálsi annað þekkt lag, „Gemmér“, en blómið keypti



Leikhópurinn ásamt Valgeiri Skagfjörð leikstjóra.

Mynd / Aðsend

Baldur með það fyrir augum að selja í búðinni. Kemur fljótt í ljós að þessi annars sakleysislega jurt hefur þann eiginleika að geta talað auk þess sem hún nærist helst á fersku mannakjöti Baldri til mikils ama. Kraftur, gleði

en leikstjóri er Valgeir Skagfjörð. Frumsýning verður þann 28. apríl nk. og hægt er að panta hjá tix.is. Eins og eru komnar sex sýningar í sölu en þær næstu verða dagana 29. apríl, svo 1., 3., 5. og 8. maí kl. 20. /sp



Markmið safnsins er að bjóða upp á margþætta upplifun þar sem beinagrindum er stillt upp í mikilli nálægð við gesti.

## Velkomin í Hvalasafnið

Hvalasafnið á Húsavík er einstakt safn sem leggur metnað í fjölbreyttar sýningar sem tileinkaðar eru hvöllum og veröld þeirra.

Safnið er vel staðsett í hjarta bærarins ofan við báthöfnina, sem iðar af lífi yfir sumarmánuðina. Húsavík, sem er rómuð sem hvalahöfuðborg Íslands, er eftirsóttur áfangastaður af ferðalöngum sem vilja upplifa einstaka náttúrufegurð, dýralif og rómantísku sjávarþorpsstemningu.

Hvalasafnið hefur gengið í gegnum miklar breytingar á undanförnum árum þar sem allar sýningar hafa verið endurnýjaðar á metnaðarfullan hátt. Húsnæði safnsins, sem var byggt undir starfsemi sláтурhúss, hefur einnig gengið í gegnum endurnýjun lísfagna og hýsir nú, auk safnsins, frumkvörla- og þekkingarsetrið Stéttina.

Markmið safnsins er að bjóða upp á margþætta upplifun þar sem tilkomumiklum beinagrindum er stillt upp í mikilli nálægð við gesti sem geta auðveldega samsamað sig við þessi mögnumu sjávarsþendýr. Safnið er ekki einungis náttúrugripasafn

heldur státar það af fjölbreyttum sýningum þar sem líffræði, sögu og list er ofið saman á skapandi hátt.

Að Hvalasafninu eru til sýningar 13 beinagrindur af hvöllum úr Norður-Atlantshafi. Ein merkasta perla safnsins er beinagrind sem tilheyroi 25 metra langri steypireyðskú sem rak á land við Ásbrú á Skaga árið 2010. Fleiri sjaldgæfar beinagrindur eru til sýnis á safninu á borð við náhval með ævintýralega langa tönn sem var í formi tíð sedl dýrum dóumum sem einhyrningshorn. Þá má sjá tegundir sem vanalega sjást ekki nálægt landi, eins og skugganefja sem getur kafað dýra en nokkuð annað spendýr. Fleiri stórhveli eru einnig til sýnis og má þar nefna búrhval og hnúfubak auk fleiri tegunda.

Hvalasafnið er lifandi safn þar sem reglulega er boðið upp á nýjar sýningar og viðburði.

Pann 25. maí opnar ný listasýning, Arctic Creatures, sem mun standa út sumarið og í september tekur við ný tilkomumiklum listasýning sem kallast Sjávarblámi.

Hvalaráðstefna safnsins verður haldin í níunda sinn þann 13. júní. Ráðstefnan er hugsuð sem vettvangur þar sem rannsóknarnemar

í sjávarlífsskóði við Háskóla Íslands kynna rannsóknir sem þeir vinna að í Skjálfandaflóa auk þess sem aðrir sérfræðingar koma til að fjalla um viðfangsefni sem tengjast hvöllum, hvalnytjum og rannsóknunum.

Dagur 19. og 20. júlí fer fram kvíkmyndahátiðin Ocean Films Húsavík þar sem sýndar verða fjölbreyttar kvíkmyndir hvaðanæva að úr heiminum sem allar eiga það sameiginlegt að fjalla um viðfangsefni sem tengjast hafinu með einum eða öðrum hætti.

Safnið er opið daglega, allt árið um kring. Aðgangur að safninu kostar 2.500 kr. fyrir fullorðna en ókeipis fyrir börn upp að 16 ára aldri sem eru í fylgd forráðamanns. Haegt er að kaupa aðgöngumiða í afgreiðslu og á heimasiðu safnsins.

Heimsókn í Hvalasafnið á Húsavík er frábær upplifun sem veitir heillandi innsýn í veröld sem er okkur hulin, en tengist okkur á marga vegu, hvort heldur sem er í gegnum sögu eða samvist okkar á Jörðinni. Verið velkomin í Hvalasafnið.

**Eva Björk Káradóttir,  
framkvæmdastjóri  
Hvalasafnsins á Húsavík.**

Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali  
**FASTEIGNAMÍÐSTÖÐIN**   
Hlíðasmára 17, 201 Kópavogur - Sími: 550 3000 Fax: 550 3001  
**Áhugaverðar jarðir**  
**JARDIR.IS**  
fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is - www.fasteignamidstodin.is

**Niður föll**  
tyrir bílaplanið, fyrir utan bílskúrinn eða í skemmuna



**Sterkt, létt, og frostþolin**

**Nicoll**  
FYRIR ALLAR AÐSTÆÐUR

<b>CLASS A15</b> Fötgangand og hjóredsumferð	<b>CLASS B125</b> Einkablastaði eða minni blaumferð	<b>CLASS C250</b> Meiri blaumferð	<b>CLASS D400</b> Hraðbraut, blaustæði og ól okutæki	<b>CLASS E600</b> Alltað mikilli umferð, t.d. hafnarvæði

**SJÁ NÁNAR Á LOFT.IS**

**LOFT&RAFTÆKI**  
Hjallabrekku 1 | Dalbrekkumegin | 200 Kópavogur | S: 5643000 | www.loft.is

**Límtré-Timbureiningar**



**STRÜKTÚR**  
Stálgind  
Yleiningar  
PIR  
Steinull

**Struktúr ehf | www.struktur.is | struktur@struktur.is |  
Bæjarflöt 9 | 112 Reykjavík | Sími: 588 6640 |**

**Byggingarstjóri**



Ertu í byggingarhugleiðingum eða kominn af stað með framkvæmdir? Tek að mér að vera byggingarstjóri á öllum byggingstígum og vera tengiliður við byggingarfulltrúa fyrir þig.  
Hafið samband í síma 852-3222 eða á netfang: asgeirvil@gmail.com

**Lífræn hreinsistöð**



Fyrirferðalítil með 25 ára ábyrgð  
Engin rotþró eða hefðbundin siturlögn  
Margar stærðir í boði  
Tæming seyru á 3 - 5 ára fresti

**IÐNVER**  
Tunguhálsi 10 - 110 Reykjavík  
Sími 517 2220 - petur@idnver.is

**WPL Diamond**

Vélabásinn:

# Sænskættaði töffarin

– Prufuakstur á Volvo EX30



Ástvaldur Lárusson  
astvaldur@bondi.is

Bændablaðið fíkk til prufu hinn nýja Volvo EX30 í Ultra útfærslu. Umrætt ökutæki er rafmagnsbíll sem væri hægt að setja í svipaðan stærðarflok og Volkswagen Polo og Toyota Yaris. Hann er byggður á sama undirvagni og smart #1, sem kom vel út úr prófunum blaðsins í fyrra. Bíllinn í þessum prufuakstri var afturhjóladrifinn.

EX30 er hannaður í nánu samstarfi við Geely, móðurfyrirtæki Volvo. Fyrst um sinn verða þeir framleiddir í Kína, en samkvæmt upplýsingum frá umboðinu mun framleiðslan færast til Belgíu á næstu misserum.

Volvo markaðssetur EX30 sem minnsta jeppann þeirra frá upphafi. Þar er kannski verið að teygja hugtakið nokkuð langt, en formið á honum er svolítið jeppalegt. Þegar bíllinn er skoðaður frá hlið eða að aftan er ekki endilega augljóst að um Volvo er að ræða, en framendinn sver sig hins vegar í att við aðra bíla frá sama framleiðanda. Híð eiginlega grill hefur fengið að fjúka, en skálínan og Volvo-merkið með örinni eru til staðar. Þá eru aðalljósin T-laga, sem er eitt sterkasta einkenni nýrra Volvo-bíla í dag.

## Aðlaðandi innréttung

Þegar stigið er um borð tekur á móti manni innréttung sem er með þeim smekklegri sem fáanlegar eru í nýjum bílum. Hér hefur verið gætt aðhaldars í efnisvali en bætt upp fyrir það með úthugsárdi og aðlaðandi hönnun. Efni eru með áferð og litum sem sést ekki oft og er plastið að hluta til endurunnið eða auðvelt í endurvinnslu. Ofan á mælaborðinu er svart stift gúmmikenni efni og í hurðaspjöldunum er blátt plast með kornóttri áferð og þar fyrir neðan svart plast með áferð sem minnir á frauðplast.

Pótt innréttningin sé dökk þá er létt yfir henni. Þá má hugsanlega þakka hversu vel loftar um miðjustokkinn og þrengir hvergi að farþegunum í framsætunum. Ultra útgáfan er með stórt glerþak yfir farþegarýminu sem hleypir inn mikilli birtu. Því fylgir þó sá ókostur að sólin skín stundum beint á andlit farþeganna nema keypt sé sólhlíf sem er aukahlutur.

Á milli sætanna er glasahaldari sem kemur út úr armhvílunni og er



Að aftan og frá hlið er ekki endilega hægt að átta sig á að um Volvo er að ræða.



Innréttningin er dökk að lit, en það loftar vel um hana og eru notuð áhugaverð efni.



Aftursætin eru ögn þrengri en í smart #1.



Skottið er 318 lítrar og vel formað.

er ýmist hægt að velja á milli þess að hann fari sjálfkrafa úr lás þegar gengið er að bílnum eða þegar lykillinn eða lyklakortið er borið að skynjara við B-bogann. Því er ekki hægt að taka hann úr lás fjarlægð nema með appi sem undirritaður prufaði ekki.

Undirritaðum fannst bíllinn oft fullfljótur að skella í lás þegar gengið var burt frá bílnum og of lengi að fara úr lás þegar gengið er að bílnum. Svo er rauf á hurðarhúnnum sem er hægt að ýta á til að stjórna læsingunni, en hún bregst yfirleitt ekki við snertingu nema í annarri eða þriðju tilraun

## Hljóðlátur og mjúkur

Þegar sest er um borð fer bíllinn sjálfkrafa í gang þegar stigið er á hemlana. Valið er á milli gíra með stöng aftan við stýrið. Ekki er hægt að lýsa akstursupplifuninni öðruvísi en afar afslappandi, þar sem bíllinn er vel hljóðeinaingraður og með mjúka fjöldun. Þá er hljóðkerfið vandað.

Útsýnið er gott og er auðvelt að átta sig á stærð bílsins. Hliðarspeglinar eru til að mynda ekki alveg í kverkinni við framrúðuna sem minnkar blinda framtin sem annars væri.

Aksturseigleikar nýrra rafmagnsbíla eru oftar en ekki afar sambærilegir – þeir eru hljóðlátir og einfaldir í notkun. Það sem skilur helst á milli þeirra er tæknibúnaðurinn og er EX30 útbúinn öflugri akstursaðstoð, þ.e. skynvæddum hráðastilli og akreinavara. Þessi bíll virðist stundum vilja vera of nálægt hvíti línumni í miðjunni sem er uggvælegt þegar ekið er á móti stórum ökutækjum. Þá er hann stundum óþægilega seinn að bremsa þegar ökutækið fyrir framan hægir á sér. Akstursaðstoðin er ekki alslæm, en það er hægt að hafa hana betri.

Þessi bíll kemur ekki með hefðbundinni fjarstýringu fyrir samlaesingarnar heldur er hann útbúinn lyklalausu aðgengi. Það

en það þarf yfirleitt að gera í hvort skipti sem bifreiðin er ræst. Framleiðendur Volvo hafa verið svo séðir að koma fyrir flýtihnappi í stýrinu til að slökka á þessu sípi, sem er fyrirhafnarlaust að gera í hverri ökuferð.

## Að lokum

Core, sem er ódýrasta útfærsla bílsins, kostar frá 6.890.000 krónum. Þar á eftir kemur Plus á 7.290.000 krónur og að lokum Ultra, sem prufaður var hér, á 8.390.000 krónur. Þá var þessi bíll með stærri 69 kílovattsstunda rafhlöðuna sem kostar 800.000 krónur aukalega. Öll verð eru án vsk. og er hægt að fá 900.000 króna styrk frá Orkusjóði við kaup á bílunum. Helstu mál Volvo EX30 í millímetrum eru: Breidd, 1.836; lengd 4.233; hæð 1.549.

Uppgefin akstursdrægni samkvæmt framleiðanda eru 476 kílómetrar. Það er auðvitað aldrei hægt að búast við slíkri drægni í raunheimum, en í þessum reynsluakstri var hægt að fara í lengri ókuferdir án þess að sligast af draegnikvíða.

Volvo EX30 er vel heppnaður og vandaður borgarbíll á samkeppnishæfu verði ef ekki er valin dýrasta útgáfan. Þeir sem eru í bílahugleidungum ættu að skoða þennan bíl þegar tekinn er bílasölurúntur.

## TÖKUM AÐ OKKUR VERKEFNI OG VINNUM ÚR ÞEIM LAUSNIR

**VHE**

VHE • Melabraut 27 Hafnarfjörður • Hraun 5 Reyðarfirði  
Sími 843 8804 • Fax 575 9701 • www.vhe.is • sala@vhe.is



Vegfarendur í Skagafirði geta komið við í sjálfsafgreiðslukofa við veginn hjá lífræna búinu Breiðargerði.



Nokkrar hænur una sér vel.

Bóndinn:

## Starfinu fylgja forréttindi

Elínborg Erla Ásgeirsdóttir býr í Breiðargerði í fyrrum Lýtingsstaðahreppi í Skagafirði. Hún er lífrænn grænmetisbóni og var nýverið kjörinn formaður VOR – félags um lífræna ræktun og framleiðslu. Hún kynnir hér búskap sinn.

